



Heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

Skýrsla nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendur-
hæfingarsjóðs, skipaðrar af félags- og barnamálaráðherra

Október 2022

Skýrsla nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs, skv. skipunarbréfi félags- og barnamálaráðherra.

Október 2022

Efnisyfirlit

FORMÁLI	3
INNGANGUR	4
ÁBENDINGAR NEFNDARINNAR	6
1. STJÓRNSÝSLA OG STARFSEMI VIRK – STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐS	9
ALMENNT UM STOFNUN VIRK, FJÁRMÖGNUN, SKIPULAG OG STARFSEMI.....	11
ÚTTEKTIR OG EFTIRFYLGNI RÍKISENDURSKOÐUNAR FRÁ 2012, 2015 OG 2018	19
STARFSEMI VIRK: TENGLANET Í OPINBERRI STJÓRNSÝSLU.....	22
NIÐURSTÖÐUR ÚR VIÐTÖLUM NEFNDARINNAR 2021	24
2. ÞRÓUN ÖRORKUBYRÐI, NÝGENGI ÖRORKU OG REIKNILÍKAN FYRIR AFDRIF	
ÞÁTTTAKENDA	30
ATHUGUN Á ÖRORKU HJÁ TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS	32
NIÐURSTAÐA.....	41
ATHUGUN Á ÖRORKU HJÁ LÍFEYRISSJÓÐUM	44
NIÐURSTAÐA.....	50
GÖGN FRÁ VIRK MEÐ SAMKEYRSLU VIÐ GÖGN LÍFEYRISSJÓÐA	52
NIÐURSTAÐA.....	66
3. ÚRTAKSRANNSÓKN. AFDRIF, REYNSLA OG VIÐHORF EINSTAKLINGA SEM VAR VÍSAÐ TIL VIRK, 2015–2019	67
AFSTAÐA TIL STARFSENDURHÆFINGARINNAR	68
ALDUR.....	69
AFKOMA Í STARFSENDURHÆFINGU.....	72
ÖRORKA, ATVINNULEYSI, ENDURHÆFING OG FJÁRHAGSAÐSTÖÐ	74
MENNTUN	75
STÖÐKERFIS- OG GEÐVANDI.....	76
HEILSA.....	77
SAMANTEKT.....	79
ÁLYKTANIR OG ÁBENDINGAR NEFNDARINNAR	80
MARKMIÐ MEÐ ATVINNUTENGÐRI STARFSENDURHÆFINGU.....	80
HEILDSTÆTT KERFI ENDURHÆFINGAR.....	81
SAMEIGINLEGUR SKILNINGUR: SKILGREINING HUGTAKA OG MARKMIÐA.....	83
MIÐSTÝRÐ FJÁRMÖGNUN, SAMVINNA OG FRAMPRÓUN	85
SÉRSTAÐA VIRK OG RÉTTARÖRYGGI UMSÆKJENDA	86
NÝGENGI ÖRORKU, ENDURHÆFINGARTÍÐNI OG ÁRANGURSMAT	88
HEIMILDIR	90
VIÐAUKAR 1 – 3	92
VIÐAUKI 1. SKIPUNARBRÉF	92
VIÐAUKI 2A. AÐFERÐAÐFRÆÐI VIÐ ÚTJÖFNUN.....	92
VIÐAUKI 2B. LAUNATEKJUR MISMUNANDI HÓPA – TÖFLUR.....	92
VIÐAUKI 3. ÁKVÖRÐUN TÍÐNIFALLA REIKNILÍKANS	92
VIÐAUKAR 4 – 7 (BLS. 112 OG ÁFRAM)	92
VIÐAUKI 4. ÚRTAKSRANNSÓKN. SKÝRSLA FVST: AFDRIF, REYNSLA OG VIÐHORF EINSTAKLINGA SEM VAR VÍSAÐ TIL VIRK – STARFSENDURHÆFINGAR 2015–2019.....	92
VIÐAUKI 5. VIÐAUKI VIÐ SKÝRSLU FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR.....	92
VIÐAUKI 6. UMSÓKN 1 TIL PERSÓNUVERNDAR	92
VIÐAUKI 7. UMSÓKN 2 TIL PERSÓNUVERNDAR	92

FORMÁLI


Þann 28. janúar 2021 skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd til að vinna heildarúttekt á þjónustu VIRK — Starfsendurhæfingarsjóðs ses., í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Nefndin skyldi skipuð þremur til fimm nefndarmönnum, þar af einum tryggingastærðfræðingi.

Í nefndina voru skipuð Sigríður Jónsdóttir, formaður, Bjarni Guðmundsson, Kolbeinn Hólmur Stefánsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Soffía Gísladóttir. Soffía Gísladóttir tók ekki sæti í nefndinni en Ásrún Matthíasdóttir var skipuð í hennar stað. Ritari nefndarinnar var Lára Kristín Sturludóttir. Sameiginlegir fundir nefndarmanna voru 28 talsins og þrír undirhópar nefndarinnar störfuðu og héldu fjölda vinnufunda.

Björn Bennewitz, Ph.D., stærðfræðingur, starfsmaður TBG ehf. annaðist stóran hluta útreikninga um þróun örorkubyrði, nýgengi örorku og reiknilíkan fyrir afdrif þátttakenda.

Öllum þeim sem með óeigingjörnum hætti lögðu hönd á plóg við vinnslu heildarúttektar á VIRK — Starfsendurhæfingarsjóði, með kynningum, upplýsingagjöf, gagnaöflun og þátttöku í viðtölum, eru færðar góðar þakkir fyrir.

Reykjavík, 13/10 2022



Sigríður Jónsdóttir, formaður

Ásrún Matthíasdóttir

Bjarni Ragnar Guðmundsson

Kolbeinn Hólmur Stefánsson

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir

INNGANGUR

Nefnd til að vinna heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses., var skipuð í lok janúar 2021 og hélt sinn fyrsta fund 12. febrúar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, í lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, var verkefni nefndarinnar að kanna hvort framlögum skv. lögnum hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti í þágu markmiða laganna og hvort þau hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða. Sjá skipunarbréf í viðauka 1.

Nefndin tók þá ákvörðun að framkvæmd heildarúttektarinnar yrði þríþætt. Í fyrsta lagi að varpa ljósi á stjórnsýslu, starfsemi og starfshætti VIRK. Í öðru lagi að greina hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á þróun og nýgengi örorku hér á landi. Í þriðja lagi að gera rannsókn til að kanna afdrif, reynslu og viðhorf þeirra einstaklinga sem vísað var til VIRK á árunum 2015–2019. Því var starfi nefndarinnar skipt í þrjá þætti sem undirhópar unnu að.

Undirhópur 1 vann að stjórnsýsluhluta úttektarinnar. Skoðuð var stjórnsýsla, starfsemi, starfshættir og þjónusta VIRK. Þar á meðal voru lagarammi, þjónustusamningur og kröfulýsing, inntöku-skilyrði og mat vegna inntöku, tölulegar upplýsingar um þjónustu sjóðsins og samstarf hans við aðrar stofnanir og þjónustuveitendur. Alls tók hópurinn 27 viðtöl við 33 viðmælendur. Niðurstöður viðtalanna eru birtar í 1. kafla, í undirkaflanum *Niðurstöður úr viðtölum nefndarinnar 2021*.

Undirhópur 2 vann að skilgreiningu og gagnaöflun vegna reiknilíkans til útreikninga á því hvort greina megja mælanleg áhrif starfsendurhæfingarsjóða á örorkugreiðslur hjá lífeyrissjóðum og almannatryggingum, sem og á nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða. Niðurstöður er að finna í 2. kafla, *Þróun örorkubyrði, nýgengi örorku og reiknilíkan fyrir afdrif þátttakenda*. Sjá einnig í viðaukum 2 og 3.

Undirhópur 3 vann að undirbúningi og úrvinnslu rannsóknar þar sem afdrif, reynsla og viðhorf þeirra einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015–2019 var könnuð, óháð því hvort þátttakendur hófu þjónustu og luku henni, hófu þjónustu og hættu án þess að ljúka henni, eða hófu ekki þjónustu. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist framkvæmd rannsóknarinnar. Um niðurstöðurnar er fjallað í kafla 3, *Úrtaksrannsókn. Afdrif, reynsla og viðhorf einstaklinga sem var vísað til VIRK, 2015–2019*. Sjá nánar í viðauka 4, skýrslu Félagsvísindastofnunar um rannsóknina, og viðauka 5, sem er viðauki við skýrslu Félagsvísindastofnunar.

Heildarúttekt á VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði átti lögum samkvæmt að fara fram á árinu 2016 og nær þessi úttekt því yfir mun lengra tímabil en áætlað var upphaflega í lögnum. Vinna við úttektina hefur þannig orðið mun viðameiri en ella hefði verið, enda hefur VIRK vaxið og eflst, verklag og framkvæmd verið í stöðugri þróun og starfsmönnum, jafnt sem einstaklingum sem hafa sótt um þjónustu VIRK, hefur fjölgað mikið frá árinu 2016.

Við vinnslu úttektarinnar aflaði nefndin gagna frá VIRK og voru kynningarfundir haldnir með framkvæmdastjóra og sérfræðingum VIRK í höfuðstöðvum þeirra. Einnig var fundað með ráðgjöfum VIRK hjá stéttarfélagunum, bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni, með fulltrúum Landssambands lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins (TR) og gagna aflað frá þeim. Haldnir voru fundir með starfsmönnum Vinnumálastofnunar, fulltrúum félagsþjónustunnar á höfuðborgarsvæði og á landsbyggðinni, fjármálaráðuneyti, Ríkisskattstjóra, Hagstofu, endurhæfingarlæknum, Öryrkjabandalaginu, fulltrúum starfsendurhæfingarúrræða, s.s. Janusi endurhæfingu og Hringsjá, með fulltrúum starfsendurhæfingarstöðva um land allt og fulltrúum ólíkra þjónustuúrræða sem VIRK kaupir þjónustu af, s.s. sálfræðingum og sjúkraþjálfurum. Leitað var ráðgjafar hjá Persónuverndarráðgjafa stjórnarráðsins og hjá Umboðsmanni Alþingis. Við val á viðmæl-

endum var haft að leiðarljósi að ná sem mestri breidd með tilliti til skiptingar milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis annars vegar og til tegundar þjónustu hins vegar.

Lögð var áhersla á að tala við fulltrúa allra aðila sem lögum samkvæmt eru samstarfsaðilar VIRK, í þeirri vegferð sem lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði marka, sem er að bjóða upp á heildstætt kerfi starfsendurhæfingar í landinu.

Þegar kom að því að afla nauðsynlegra gagna um einstaklinga úr gagnaskrá, til samkeyrslu þeirra með dulkóðuðum og ópersónugreinanlegum hætti vegna úttektarinnar, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012, kom í ljós að persónuverndarlög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ganga framar ákvæðum laga nr. 60/2012 um starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði. Breytt stjórnarsýslu- og lagaumhverfi gerir ríkari kröfur til öflunar leyfa vegna samkeyrslu gagna en áður var, sem gerir slíka vinnu tímafrekari en ella hefði verið. Er það vel að svo góður rammi sé kominn um viðkvæmar persónuupplýsingar, en velta má upp þeirri spurningu hvort lögbundnar úttektir af því tagi sem hér um ræðir ættu að vera bundnar svo ríkum persónuverndarákvæðum sem nú eru í gildi. Sem dæmi um ákvæðin sem í gildi eru má nefna að sum gögn sem nefndin sótti um aðgang að, er ekki heimilt að nálgast, þó svo að skýrt sé að aðeins verði unnið með dulkóðuð og ópersónugreinanleg gögn. Það tefur framvindu úttekta af þessu tagi, hamlar því að nauðsynlegar upplýsingar fáið og hindrar um leið getu stjórnvalda til að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.

Skýrslan er þannig uppbyggð að á eftir inngangi koma ábendingar nefndarinnar, þá kafli um stjórnarsýslu og starfsemi VIRK, því næst kafli um þróun örorkubyrði, nýgengi örorku og reiknilíkan fyrir afdrif þátttakenda og síðan kafli um niðurstöður úrtaksrannsóknar um afdrif, reynslu og viðhorf einstaklinga sem vísað var til VIRK á árunum 2015–2019. Síðast er kafli með Ályktunum og ábendingum nefndarinnar á grundvelli niðurstaðna úttektarinnar í heild.

Í umfjöllun um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er víða í þessari skýrslu vísað til hans ýmist sem VIRK eða *sjóður*.

ÁBENDINGAR NEFNDARINNAR

Ábending 1: Nefndin telur að ákvæði í þjónustusamningi milli velferðarráðuneytisins og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs um þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/2012 geti leitt til aðgangshindrana að þjónustu á vegum VIRK, fyrir þá einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar og einkum og sér í lagi fyrir þá sem þjónustusamningurinn tekur til.

Sjá nánar bls. 79.

Ábending 2: Nefndin telur að ósamræmis gæti í markmiðslýsingum laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða annars vegar og í samþykktum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hins vegar. Ósamræmi markmiða leiðir, að mati nefndarinnar, til þess að eftirfylgni og mat á árangri geti misst marks þar sem viðmið um árangur eru ólík. Þetta ósamræmi getur leitt til vandkvæða bæði við mat á inntöku í starfsendurhæfingu og einnig við mat á árangri þjónustunnar.

Sjá nánar bls. 80.

Ábending 3: Nefndin telur að markmið um þverfaglegt samstarf, eins og kveðið er á um í lögum, hafi ekki gengið eftir, m.a. vegna þess að við framkvæmd þeirra sé beitt læknisvottorði sem skilyrði fyrir þátttöku í þjónustu á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Nefndin telur mikilvægt að til að tryggja betur réttindi þeirra sem standa utan vinnumarkaðar eða eru með takmarkaða atvinnusögu, þurfi að líta jafnt til allra þátta heilsufars, bæði líkamlegra, sálrænna og félagslegra þátta, með þverfaglegri samvinnu og áherslu á virkni frekar en sjúkdóma, slys og meðferð.

Sjá nánar bls. 80-81.

Ábending 4: Nefndin telur að talsvert skorti á heildarsýn við skipulag og fjármögnun endurhæfingarkerfisins í heild. Einnig að mikilvægt sé að hafa í huga að þótt einstaka stofnanir innan kerfisins hafi bæði fjárhagslega getu og hæfni meðan öðrum stofnunum kerfisins sé sniðinn þröngur stakkur í þeim efnum, þá er endurhæfingarkerfið í heild sinni ekki skilvirk.

Sjá nánar bls. 81.

Ábending 5: Nefndin bendir á að í þjónustusamningi milli velferðarráðuneytisins og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá september 2017 kemur fram að verkkaupi, það er ráðuneytið, skuli skipa staðbundin samhæfingarteymi, þar sem heilsugæslan, félagsþjónusta sveitarfélaga, starfsendurhæfingarsjóðir, TR og VMST eigi fulltrúa, til að tryggja samvinnu og skilvirkni milli ólíkra þjónustukerfa. Með þessu ákvæði átti með formlegum hætti að stuðla að samstarfi þvert á þjónustukerfi og mynda heildstæðara kerfi endurhæfingar á Íslandi. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Sjá nánar bls. 81-83.

Ábending 6: Nefndin telur að móta þurfi betur heildarsýn á viðfangsefni atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og sameiginlegan skilning á markmiðum og þeim leiðum sem fara þarf, til að ná markmiðum atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Sjá nánar bls. 82.

Ábending 7: Nefndin telur brýnt að hugtök um mismunandi tegundir endurhæfingar verði betur skilgreind svo skýra megi betur keðju endurhæfingarkerfisins á Íslandi. Nefndin telur að ófullnægjandi skilgreiningar á hugtökum um starfsendurhæfingu hafi leitt til þess að þröngri túlkun á atvinnutengdri starfsendurhæfingu sé beitt, sem geti mismunað hluta þess hóps sem starfsendurhæfingarsjóðum er ætlað að veita þjónustu.

Sjá nánar bls. 83.

Ábending 8: Nefndin telur að með því að fela einum og sama aðila mat á þörf, ákvarðanir um framkvæmd og kaup á atvinnutengdri starfsendurhæfingu hafi mikil völd yfir framkvæmd og þróun slíkrar þjónustu verið færð á einn stað í kerfi endurhæfingar í landinu. Sjá nánar bls. 84.

Ábending 9: Nefndin telur að með flutningi á þjónustusamningum starfsendurhæfingarstöðvanna frá félagsmálaráðuneyti til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hafi starfsemi og þjónusta þeirra tekið breytingum í þá veru að viðkvæmir hópar eiga ekki nógu greiða leið að þjónustunni.

Sjá nánar bls. 84-85.

Ábending 10: Nefndin hefur efasemdir um ágæti þess að kaupandi þjónustu hlutist í miklum mæli til um innra starf og framþróun starfseminnar hjá þeim sem selja sjóðnum þjónustu sína. Nefndin telur að það geti skaðað það traustsamband sem vera þarf til staðar milli kaupanda og seljanda á viðkvæmum þjónustumarkaði og geti bæði hamlað eðlilegri fagþróun og í sumum tilvikum haft áhrif á metnað til nýsköpunar.

Sjá nánar bls. 85.

Ábending 11: Sérstaða VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs innan velferðarkerfisins vekur upp spurningar um réttaröryggi umsækjenda. Nefndin telur að stöðu umsækjenda um þjónustu á vegum VIRK þurfi að skoða í ljósi þess hvort hér sé um stjórnvaldsákvörðun að ræða er varði réttindi og skyldur borgaranna og hvort réttaröryggi umsækjenda um þjónustu á vegum VIRK sé tryggt með sama hætti og umsækjenda um aðra velferðar-, félags- og heilbrigðisþjónustu.

Sjá nánar bls. 85-86.

Ábending 12: Nefndin telur að sterk staða VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs á þjónustumarkaði hafi bæði skapað fákeppnisvanda og samkeppnisvanda.

Sjá nánar bls. 86.

Ábending 13: Nauðsynlegt er að fylgjast stöðugt með breytingum á nýgengi örorku og endurhæfingartíðni. Greina þarf breytingar að lágmarki eftir aldri og kyni og varast að einblína á einfaldar fjöldatölur. Athuganir nefndarinnar á nýgengi örorku og endurhæfingartíðni sýna að verulegar breytingar hafa orðið undanfarin tuttugu ár. Sjá nánar bls. 87.

Ábending 14: Félagslegir þættir og vinnuumhverfi láglunastarfa kunna að eiga umtalsverðan þátt í nýgengi örorku. Stefnumótun og forvarnir, þar sem horft er til þessara þátta, kynnu að vera áhrifarík leið til þess að draga úr nýgengi örorku, ekki síður en áhersla á endurhæfingu. Sjá nánar bls. 87.

Ábending 15: Meðferðarúrræði þarf að sníða að þörfum þeirra einstaklinga sem meðferðina sækja, og einnig ef unnt er að greina tilvik þar sem meðferð muni ekki koma að haldi. Eftirfylgni með afdrifum þátttakenda og orsökum þess að sótt er um örorku eftir að meðferð lýkur er mikilvæg í þessu tilliti. Sjá nánar bls. 87-88.

Ábending 16: Gagnagrunnur VIRK, YODA, þarf að geta þjónað því markmiði að draga út upplýsingar um notendur þjónustunnar, skipt eftir bakgrunnsbreytum sem nauðsynlegar eru meðal annars til tölfræðilegrar greiningar og til að fylgjast með þróun yfir tíma. Sjá nánar bls. 88.

Ábending 17: Kostunaraðilar starfsendurhæfingar þurfa reglulega að gera sjálfstætt mat á árangri starfseminnar. Reiknilíkan á borð við það sem sett er upp í 2. kafla þessarar skýrslu, um úrvinnslu á gögnum VIRK, gefur mikilvægar vísbendingar um árangur atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Samþætting við gögn lífeyrissjóða og TR gefur svo frekari upplýsingar um árangur og þróun til lengri tíma. Sjá nánar bls. 88.

1. STJÓRNSÝSLA OG STARFSEMI VIRK – STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐS

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður formlega í maí 2008 í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar sama ár milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Sjóðurinn hóf starfsemi í ágúst 2008 og í framhaldinu var samið við fulltrúa launafólks á opinberum vinnu- markaði, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM), Kenn- arasamband Íslands (KÍ) og fulltrúa opinbera vinnumarkaðarins, þ.e. fjármálaráðherra og Sam- band íslenskra sveitarfélaga, um aðild að stofnun sjóðsins. Með stofnun VIRK var hafist handa við að innleiða nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar á Íslandi.

Lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingar- sjóða voru samþykkt á Alþingi 12. júní 2012. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir nánar um samningsatriði kjarasamninganna frá febrúar 2008. Þar segir meðal annars að:

... þróun nýs fyrirkomulags endurhæfingar yrði hafin á árinu 2008 með því að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að starfsgeta þeirra skerðist. Markmiðið var að koma að málum eins snemma og kostur væri til að stuðla að því að hver einstaklingur yrði svo virkur á vinnumarkaði sem starfsgeta hans leyfði.

Með samþykkt laganna árið 2012 hefja lífeyrissjóðir greiðslur iðgjalds til VIRK, sem fram að því hafði verið fjármagnað af atvinnurekendum.

Árið 2015 var undirritað samkomulag, milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og hús- næðismálaráðherra annars vegar og VIRK hins vegar, um að þeir muni leggja til í frumvörpum til fjárlaga að Alþingi veiti framlög ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða skv. 7. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Framlagið skyldi nema 200 m.kr. árið 2015, 650 m.kr. árið 2016 og 0,06% af gjaldstofni tryggingagjalds, skv. lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, eins og hann er áætlaður í fjárlögum fyrir árið 2017. Með þessu samkomulagi skyldi öllum þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing gæti gagnast til að verða virkir á vinnumarkaði, verða tryggð starfsendurhæfing hjá VIRK, hvort heldur þeir eru innan eða utan vinnumarkaðar. Um samning við ráðherra segir í 3. tölulið, 1. mgr. 8. gr. laganna nr. 60/2012, að sá sé tryggður skv. lögnum sem njóti tryggingaverndar á grundvelli samnings við ráðherra.

Markmið laga nr. 60/2012 er, skv. 2. gr. þeirra:

... að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu sem skal vera einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga starfa saman eins og kostur er og leitast við að skilgreina og sinna hlutverkum sínum með þeim hætti að sem flestir eigi kost á að vera virkir á vinnumarkaði.

Atvinnutengd starfsendurhæfing er skv. 3. gr. laganna:

... ferli sem felur í sér ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa til að auka starfsgetu þeirra og stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða hluta.

Samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnaðismálaráðherra annars vegar og VIRK hins vegar árið 2015 byggir á 9. gr., III. kafla laga nr. 60/2012 þar sem segir:

Þeir sem hyggjast standa að stofnun og rekstri starfsendurhæfingarsjóðs skulu gera samning við ráðherra um þjónustu sjóðsins, sbr. 10. gr., við einstaklinga utan vinnumarkaðar, þar á meðal þá sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri á grundvelli laga um félagslega aðstoð, örorkulífeyri á grundvelli laga um almannatryggingar og þá sem fá fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir atvikum aðra þá sem eiga

ekki rétt til þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 8. gr., að uppfylltum skilyrðum 11. gr. Kostnaður vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar þessara einstaklinga greiðist ekki sérstaklega en telst felast í framlagi úr ríkissjóði skv. 7. gr.

Nánar er kveðið á um þjónustu við hópinn sem er utan vinnumarkaðar í þjónustusamningi félags- og jafnréttismálaráðherra og VIRK¹ sem undirritaður var 27. september 2017 og var fyrri útgáfa kröfulýsingar milli VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs og ráðuneytisins gefin út þá. Kröfulýsing 1.1 var svo gefin út í nóvember 2020. Með undirritun samkomulags 2015 og þjónustusamnings 2017 eru kaup á atvinnutengdri starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga utan vinnumarkaðar alfarið á hendi VIRK.

Við setningu laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 segir meðal annars í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins, sem fjallar um markmið laganna:

Meginmarkmið atvinnutengdrar starfsendurhæfingar er að einstaklingur verði aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eftir að hafa þurft að gera hlé á eða draga úr störfum sínum vegna heilsubrestra í kjölfar veikinda eða slysa. Þarf þá oft að koma til læknisfræðileg endurhæfing eða félagsleg endurhæfing áður en komið getur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Lengi hefur verið gagnrýnt að þegar endurhæfingu á heilbrigðisstofnunum sleppir skorti á eftirfylgni við að auka starfsgetu viðkomandi einstaklinga svo þeir geti átt afturkvæmt á vinnumarkaðinn. Þannig hafi ekki nægilega verið stuðlað að markvissri endurkomu þeirra til vinnu. Með tilkomu kerfis atvinnutengdrar starfsendurhæfingar sem hefur sterk tengsl við atvinnulífið standa vonir til þess að fleirum gefist tækifæri til að snúa til baka á vinnumarkað eða auka þátttöku sína í þeim tilvikum er einstaklingur hefur verið í hlutastarfi vegna skertar starfsgetu. Samvinna milli fagaðila sem starfa innan ólíkra þjónustukerfa er mjög mikilvæg svo árangur megi nást hvað það varðar. Í þessu sambandi þykir þýðingarmikið að ólíkir þjónustuaðilar leiti liðsinnis hver annars þannig að kerfin vinni mjög náið saman að því markmiði að sem flestir geti tekið þátt á vinnumarkaði eftir það áfall sem veikindi eða slys eru fyrir flesta.

Með öðrum orðum fjalla athugasemdir við þessa grein frumvarpsins annars vegar um starfsendurhæfingu fyrir þá sem vilja komast aftur inn á vinnumarkað eftir slys eða heilsubrest og hins vegar um mikilvægi samvinnu milli fagaðila og ólíkra þjónustuaðila svo kerfin vinni saman að þessu markmiði. Aftur á móti segir í athugasemdum við 9. gr.:

Lagt er til að starfsendurhæfingarsjóðir geri samninga við ráðherra um þjónustu sjóðanna við þá sem standa utan vinnumarkaðar en slíkur samningur er eitt af skilyrðum þess að ráðherra veiti starfsendurhæfingarsjóði viðurkenningu, sbr. 13. gr. frumvarps þessa. Markmiðið er að þeir sem taka ekki virkan þátt á vinnumarkaði geti á grundvelli slíkra samninga fengið atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá starfsendurhæfingarsjóðum á sama hátt og þátttakendur á vinnumarkaði. Er með þessu leitast við að tryggja samþættingu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar þannig að um heildstætt kerfi endurhæfingar verði að ræða fyrir alla þá sem á þurfa að halda og uppfylla skilyrði þau sem 11. gr. frumvarps þessa gerir ráð fyrir, sem er að einstaklingur búi við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku hans á vinnumarkaði og stefni að endurkomu á vinnumarkað eða að auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má. Telja verður að kostur þessa sé að allir þeir sem þurfa á aðstoð að halda til að komast út á vinnumarkaðinn leiti inn í sama kerfið sem hefur sterka tengingu við vinnumarkaðinn. Kerfinu er ætlað að vera einstaklingsmiðað þar sem áhersla

¹ Þjónustusamningur milli velferðarráðuneytisins og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs. (2017). https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Velferdarraduneytid/ymsar-skrar/VIRK_Þjónustusamningur.pdf

er lögð á þarfir einstaklinganna sem í hlut eiga án þess að litið sé til þess hvaðan framfærsla þeirra kemur.

Þessi athugasemd við 9. gr. frumvarpsins fjallar um samning við ráðherra sem er eitt af skilyrðum þess að ráðherra veiti starfsendurhæfingarsjóði viðurkenningu, en það skilyrði er að þjónusta þá sem standa utan vinnumarkaðar og að þeim standi til boða starfsendurhæfing hjá starfsendurhæfingarsjóðum á sama hátt og þátttakendum á vinnumarkaði, með þeim fyrirvara að skilyrði 11. gr. laga nr. 60/2012 séu uppfyllt. Það er, að kröfur fyrir þátttölu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu séu uppfylltar, sem eru að einstaklingur búi við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku á vinnumarkaði og að hann stefni að endurkomu eða ætli að auka vinnuframlag sitt sem fyrst. Þessar kröfur eru einnig í samræmi við gildandi kröfur í Kröfufýsingu 1.1. um starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Með þessu skuli leitast við að samþætta atvinnutengda starfsendurhæfingu þannig að um heildstætt kerfi endurhæfingar verði að ræða.

Almennt um stofnun VIRK, fjármögnun, skipulag og starfsemi

Stjórnir og starfsmenn VIRK

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður sem sjálfseignarstofnun 19. maí 2008 og hóf sjóðurinn starfsemi sína í ágúst sama ár. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins höfðu í kjarasamningum í byrjun ársins samið um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar. Í byrjun ársins 2009 komu opinberir atvinnurekendur og stéttarfélög opinberra starfsmanna að VIRK sem stofnaðilar. Stjórn VIRK er skipuð fjórtán aðalmönnum sem skiptast þannig milli stofnaðila að ASÍ skipar fjóra, Samtök atvinnulífsins fjóra, BSRB einn, fjármála- og efnahagsráðuneytið einn, félags- og húsnæðismálaráðherra (nú félags- og vinnumarkaðsráðherra) einn, Kennarasamband Íslands og BHM skipa einn sameiginlegan fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg skipa einn fulltrúa sameiginlega, og framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða skipar einn fulltrúa fyrir hönd samtakanna. Stofnaðilar skipa hver 10 varamenn í stjórn, ASÍ skipar tvo og SA tvo.

Stjórn VIRK kysir ár hvert fulltrúa úr sínum röðum í framkvæmdastjórn VIRK sem er skipuð sex fulltrúum, tveimur frá ASÍ, tveimur frá Samtökum atvinnulífsins, einum frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna og einum frá opinberum vinnuveitendum. Eru formaður og varaformaður stjórnar í hópi þessara sex fulltrúa í framkvæmdastjórn.

Fyrir daglegri starfsemi sjóðsins fer framkvæmdastjóri og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu VIRK starfa nú auk framkvæmdastjóra 114 starfsmenn á vegum VIRK. Þrjú svið ganga þvert á verkefnasviðin, það eru Fjármálasvið, 5 starfsmenn, Mannauðssvið, 5 starfsmenn og Upplýsingasvið, 2 starfsmenn. Á skrifstofu framkvæmdastjóra eru tveir starfsmenn, einn sem annast almannatengsl og útgáfu og annar sem annast rannsóknir og greiningu (VIRK, vefsíða jan. 2022).

Hjá VIRK starfa 59 ráðgjafar sem ráðnir eru af stéttarfélögum í samráði við VIRK, á skrifstofum félaganna víðsvegar um landið. Á Akranesi eru tveir ráðgjafar, einn í Borgarnesi, tveir á Ísafirði, einn á Sauðárkróki, fimm á Akureyri, einn á Húsavík, tveir á Egilsstöðum og Reyðarfirði, einn í Vestmannaeyjum, fjórir á Selfossi, fjórir í Reykjanesbæ og Grindavík, tveir í Hafnarfirði, tíu ráðgjafar hjá VR, sjö hjá Eflingu og Sjómannafélagi Íslands, fjórir hjá BSRB, sex ráðgjafar hjá BHM, SSF, KÍ og öðrum félögum háskólamanna, og fimm ráðgjafar eru hjá Félagi iðn- og tæknigreina við Stórhöfða í Reykjavík (fengið af vefsíðu VIRK í janúar 2022). Auk þess starfa sex ráðgjafar í höfuðstöðvum VIRK sem flytjast á milli stéttarfélaga til að leysa af. Ráðningarsambandið er milli stéttarfélaganna og ráðgjafanna, laun og launakostnaður er greiddur af VIRK. Ráðgjafar VIRK eru

í beinum samskiptum við einstaklingana frá því inntökubeiðni hefur verið samþykkt og meðan á starfsendurhæfingarferlinu stendur uns kemur að útskrift.

Fjármögnun VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

Fjármögnun starfsendurhæfingarsjóða, skv. lögum nr. 60/2012, er í tilfelli VIRK tryggð með framlögum þriggja aðila, þ.e. atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi, lífeyrissjóða og ríkissjóðs. Lífeyrissjóðir greiða sérstakt gjald vegna sjóðfélaga og atvinnurekendur og þeir sem starfa sjálfstætt greiða iðgjald vegna launamanna og sjálfra sín. Iðgjaldið var við stofnun sjóðsins 0,13% af stofni til iðgjalds. Þegar samkomulag var undirritað um aðkomu ríkisins að VIRK árið 2015, var að frumkvæði VIRK lagt til að lækka tímabundið framlög til sjóðsins í 0,10% næstu ár. Ríkissjóður greiðir árlega 0,05% af gjaldstofni tryggingargjalds eins og það er ákvarðað á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum hvers árs. Fram kemur á vefsíðu VIRK að það hafi verið lagt til vegna þess að innleiðingu starfsgetumats hafði seinkað og þar með fyrirsjáanleg útgjaldaaukning vegna þjónustu við þá einstaklinga sem kæmu inn í kerfið á þeim grundvelli. Þegar þessi skýrsla er skrifuð um mitt ár 2022 hefur starfsgetumat ekki verið innleitt.

Lækkun framlaga til sjóðsins úr 0,13% í 0,10% var ákveðin með samþykkt Alþingis í lok árs 2015. Þessi ákvörðun Alþingis var samþykkt með nýju ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 124/2015 um breytingar á lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, með síðari breytingum og lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lækkun framlagsins tók gildi í byrjun árs 2016 og tók til árána 2016 og 2017, en er enn í gildi í júlí 2022.

Inntökuskilyrði

Á vefsíðu VIRK í janúar 2022 kemur fram að einstaklingur sem óskar eftir þjónustu á vegum VIRK byrjar á að panta tíma hjá lækni og ræðir við hann um hvort starfsendurhæfing sé raunhæfur kostur. Til að einstaklingur eigi rétt á þjónustu á vegum VIRK þarf að liggja fyrir tilvísun frá lækni þar sem heilsubrestur sem hægt er að vinna með í starfsendurhæfingu er staðfestur.² Upplýsingakerfi VIRK er tengt við Sögukerfi og koma flestar beiðnir rafrænt beint í gegnum það kerfi. Læknar sem hafa ekki aðgang að Sögukerfinu geta fyllt út beiðni og sent hana í ábyrgðarpósti til VIRK.

Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru samkvæmt upplýsingum á vefsíðu sjóðsins, þessi:³

1. Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
2. Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
3. Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

² Sjá upplýsingar á vefsíðu VIRK: <https://www.virk.is/is/ferlid/beidni-fra-laekni-hverjir-eiga-rett-a-thjonustu-virk>.

³ Sjá upplýsingar á vefsíðu VIRK: <https://www.virk.is/is/ferlid/beidni-fra-laekni-skilyrði-fyrir-thjonustu>

Þá kemur fram að auk þessara skilyrða sé nauðsynlegt að einstaklingar uppfylli eftirfarandi:⁴

1. Einstaklingur þarf að vera fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
2. Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
3. Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
4. Samráð sé við viðeigandi aðila, s.s. heimilislækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.

Á vefsíðu VIRK kemur einnig fram að talsvert berist af beiðnum um starfsendurhæfingu á vegum VIRK fyrir einstaklinga sem uppfylli ekki skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt lögum nr. 60/2012. Þessum einstaklingum sé vísað frá og bent á viðeigandi aðstoð eftir því sem hægt er.

Helstu ástæður frávisana hjá VIRK eru samkvæmt upplýsingum á vefsíðu VIRK eftirfarandi:⁵

1. Læknisfræðilegri greiningu/meðferð/endurhæfingu er ekki lokið.
2. Starfsendurhæfing ekki tímabær vegna fyrirhugaðrar fjarveru.
3. Fíknisjúkdómur.
4. Ekki er þörf á heildstæðri/sérhæfðri starfsendurhæfingu vegna:
 - a) Heilsubrests sem veldur óvinnufærni.
 - b) Einstaklingur er í vinnu sem svarar til 70% af starfsgetu eða í námi umfram 21 ECTS námseiningu á önn.
 - c) Áhugahvöt til starfsendurhæfingar, atvinnuþáttöku og/eða náms er ekki til staðar og einstaklingur virðist ekki stefna á vinnumarkað.
 - d) Einstaklingur sér sig ekki færast nær vinnumarkaði á næstu 6 - 12 mánuðum þrátt fyrir aðstoð.
 - e) Einstaklingur er ekki óvinnufær vegna heilsubrests og þarf fyrst og fremst aðstoð við atvinnuleit.
5. Starfsendurhæfing er ekki talin raunhæf eða fullreynd vegna:
 - a) Ekki er talið raunhæft að einstaklingur verði vinnufær í ljósi heilsufarsvandamáls, s.s. hratt minnkandi starfsgeta, óljósar horfur, fjölþættur og/eða alvarlegur heilsubrestur.
 - b) Einstaklingur hefur áður lokið umtalsverðri endurhæfingu og/eða starfsendurhæfingu og ekki orðið slík breyting á heilsufari eða aðstæðum að líklegt sé að endurtekin starfsendurhæfing beri frekari árangur.
 - c) Ef einstaklingur er óvinnufær vegna varanlegrar færnisskerðingar og á rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks er ekki talin þörf á starfsendurhæfingu, en líklegt að þörf sé á þjónustu Vinnumálastofnunar.
 - d) Einstaklingur er með örorkuúrskurð hjá TR eða lífeyrissjóði og ekki er talið raunhæft að hann nái starfsgetu á almennan vinnumarkað að nýju með starfsendurhæfingu í ljósi þess heilsubrests sem liggur til grundvallar örorkuúrskurði.
 - e) Ekki er farið af stað í starfsendurhæfingu nema einstaklingur vilji og horfur bendi til að raunhæft sé að stefna að a.m.k. 40% starfsgetu á almennum vinnumarkaði.
6. Aðstæður og skortur á félagslegum stuðningi koma í veg fyrir getu og þátttöku.

⁴ Sama og nmgr. 3.

⁵ Sjá upplýsingar á vefsíðu VIRK: <https://www.virk.is/is/ferlid/beidni-fra-laekni/helstu-astaedur-fravisana-hja-virk>

Þverfaglegt einstaklingsbundið mat: Inntöku- og starfsendurhæfingarferlið

Fyrstu einstaklingarnir hófu starfsendurhæfingu á vegum VIRK á árinu 2009. Í lok ársins 2010 voru starfandi 22 ráðgjafar hjá stéttarfélögum um allt land og 9 manns voru þá starfandi hjá höfuðstöðvum sjóðsins.

Inntökuferlið hjá VIRK hefur þróast og tekið breytingum á þessum tæpu 13 árum sem VIRK hefur starfað í takt við þróun og reynslu og byggir í dag á upplýsingum frá lækni viðkomandi einstaklings, eigin upplýsingum einstaklings og mati viðeigandi fagaðila hjá VIRK. Í fyrstu var inntökuferlið byggt á svokölluðu starfshæfnismati, en frá árinu 2011 hafa sérfræðingar VIRK þróað inntökuferli sem byggir á þeirra eigin einstaklingsbundna starfsgetumati sem hefur tekið breytingum allt til dagsins í dag. Á árinu 2013 tók VIRK upp þá starfsvenju að gera kröfu um formlega tilvísun frá lækni áður en pantaður er tími hjá ráðgjafa VIRK.⁶

Til grundvallar mati á umsóknum um þjónustu á vegum VIRK liggur einstaklingsbundið mat sem unnið er af þverfaglegum inntökuteymum sérfræðinga. Í teymi geta átt sæti sálfræðingar, sjúkraþjálfarar, læknar, félagsráðgjafar og iðjuþjálfarar, allt eftir því hverjar þarfir einstaklinga eru. Framan af fékk VIRK til liðs við sig utanaðkomandi sérfræðinga í verktöku við mat á umsóknum. Á árinu 2017 varð breyting þar á þegar fagaðilar hjá VIRK fóru að sjá um mötin en ekki verktakar, auk fjögurra lækna sem eru verktakar. Þessar breytingar voru gerðar í anda straumlínustjórnunar með þeirri áherslu að beina sjónum sem mest að því sem hindrar framgang í starfsendurhæfingu.

Þegar læknir hefur sótt um fyrir einstakling til VIRK fær umsækjandinn sendan spurningalista. Inntökuteymi VIRK afgreiðir síðan beiðnir og fær nánari upplýsingar frá fagaðilum og einstaklingunum sjálfum eftir atvikum. Á árinu 2020 var gerð sú breyting á inntökuferlinu að teyminum var skipt upp í þrjú mismunandi teymi og hvert og eitt teymi tók fyrir umsóknir einstaklinga eftir því hverjar voru meginástæður umsóknar. Þannig sérhæfði teymi sem kallað er *POL* sig í stoðkerfisvandamálum, teymið *GEÐ* í geðrænum vandamálum og teymið *UNG* í viðfangsefnum yngri umsækjenda á aldrinum 18–29 ára.

Þegar umsókn um starfsendurhæfingu hefur verið samþykkt er hún send til viðkomandi ráðgjafa VIRK hjá stéttarfélagunum og í sumum tilvikum til starfsendurhæfingarstöðvar eftir búsetu. Þetta eru tengiliðir VIRK við einstaklinginn. Unnin er þjónustuáætlun með einstaklingnum, þar sem skýrt er í hverju endurhæfingin felst og þjónusta og úrræði sem einstaklingur þarfnast er pöntuð hjá þeim þjónustuaðilum sem VIRK skiptir við, með þeirri undantekningu að starfsendurhæfingarstöðvar, sem VIRK gerir samninga við og kaupir þjónustu af, kaupa sín úrræði en nýta ekki úrræðabanka sjóðsins. Sérfræðingar VIRK á aðalskrifstofu halda reglulega rýnifundi með ráðgjöfum þar sem framvinda í málum til meðferðar er rýnd og framhaldið rætt. Öll rýni einstaklingsmála fer fram í rýniteymi VIRK, sem er skipað viðkomandi ráðgjafa hvers máls og sérfræðingum VIRK á vakt hverju sinni. Rýni einstaklingsmála sem eru í ferli hjá starfsendurhæfingarstöð er sinnt af sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK og fer fram með tengilið viðkomandi stöðva.

Úrræði: Þjónustusalar

VIRK er fyrst og fremst sjóður sem er, eins og fram er komið, fjármagnaður með framlögum frá atvinnurekendum og sjálfstætt starfandi, lífeyrissjóðum og ríkissjóði. Starfsmenn sjóðsins meta þörf fyrir þjónustu, gera mat á stöðu og færni einstaklinga sem eru í þjónustu hjá VIRK og gera einstaklingsbundnar starfsendurhæfingaráætlanir fyrir hvern einstakling. Sem sjóður þá kaupir VIRK þjónustu fyrir einstaklinga sem fá starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Við kaup á þjónustu þá

⁶ Munnleg heimild, frkv.stjóri VIRK.

ber VIRK, samkvæmt þjónustusamningi VIRK og félagsmálaráðuneytisins og 9. gr. laga nr. 60/2012 að fylgja innkaupastefnu. Innkaupastefna VIRK var samþykkt af stjórn sjóðsins 14. febrúar 2017.

Sjóðurinn er í samstarfi við þjónustuaðila um allt land sem selja VIRK þjónustu sína samkvæmt samningum þar um. Til að gerast þjónustuaðili fyrir VIRK þarf að sækja um það sérstaklega og gera samning eða gerast aðili að rammasamningum sem VIRK hefur gert um kaup á þjónustu sálfræðinga og sjúkrabjálfa. Úrræðateymi hjá VIRK metur hvort það úrræði sem boðið er upp á uppfylli skilyrði samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneytið og hvort kaup á úrræðinu samræmist innkaupastefnunni. Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK taka síðan ákvörðun um kaup á þjónustu í samræmi við þarfir einstaklinga og áherslur starfsendurhæfingarinnar. Þjónustuaðilum sem selja VIRK þjónustu sína má í megindráttum flokka í tvennt, annars vegar starfsendurhæfingarstöðvar og aðrar stöðvar, svo sem Janus og Hringur, og hins vegar stök úrræði eins og þjónustu sálfræðinga, sjúkrabjálfa og túlka.

Starfsendurhæfingarstöðvar

Áður en lög nr. 60/2012 voru samþykkt voru starfandi sjö starfsendurhæfingarstöðvar um land allt, fjármagnaðar af ríkissjóði. Árið 2015 var fjármagn ríkissjóðs sem var eyrnamerkt starfsendurhæfingarstöðvunum sjö, sem félagsmálaráðuneyti hefur umsjón með, fært til VIRK, sem gerir eftir það samninga við starfsendurhæfingarstöðvar. Á vef sjóðsins segir að starfsemi starfsendurhæfingarstöðvanna sé liður í því að tryggja að til staðar sé fagleg þekking og reynsla á sviði starfsendurhæfingar um allt land.

Starfsendurhæfingarstöðvar starfa allar samkvæmt sömu markmiðum sem eru:⁷

- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakendur verði virkir í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, svo sem við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Starfsendurhæfingarstöðvarnar eru með samninga við VIRK, sem vísar einstaklingum í þjónustu við stöðvarnar. Að forminu til eru allir samningar eins uppbyggðir, þ.e. (1) inngangur, (2) skilgreiningar, (3) markmið og tilgangur samnings, (4) almennir skilmálar, (5) gildissvið, (6) innihald, framkvæmd og umfang þjónustu, (7) faglegar kröfur, (8) aðrar kröfur, (9) skýrslur, eftirlit, tímalengd og lok þjónustu, (10) samstarf, (11) ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi þjónustusala, (12) framsal á réttindum eða skyldum, (13) þagnarskylda, persónuvernd og trúnað, (14) eftirlit, (15) ágreiningur, (16) gildistími og uppsögn. Gildistími samninga er frá einu upp í tvö ár. Einstaka stöðvar eru einnig með samning við Vinnumálastofnun eða félagsþjónustu sveitarfélags á sínu svæði, en að langstærstum hluta selja þær eingöngu VIRK þjónustu sína.

Starfsemi stöðvanna er í öllum meginatriðum með svipuðu sniði þótt innbyrðis hafi hver sína sérstöðu eða áherslur, sem helgast meðal annars af þeim úrræðum sem eru í boði á hverju svæði. Á öllum starfsendurhæfingarstöðvum er boðið upp á heildstæða, þverfaglega starfsendurhæfingu og eru stöðvarnar allar með sambærilegan samning við VIRK um innihald þjónustunnar. Á stöðvunum starfar fagfólk með ólíka menntun og reynslu sem er mismunandi eftir stöðvum.

⁷ Sandra Guðmundsdóttir, formaður BYR, viðtal í Kynningarblaði *Fréttablaðsins*, 28. október 2020.

Boðið er upp á margs konar uppbyggjandi námskeið og fræðslu og leitast við að hafa starfið og stundatöfluna sem fjölbreyttasta. Boðið er upp á bæði bókleg námskeið og verklegt starf.⁸

Einnig gerir VIRK samninga við tvö sértæk úrræði á sviði starfsendurhæfingar sem voru starfrækt fyrir 2015, en það eru Janus endurhæfing ehf., læknisfræðileg starfsendurhæfing og Hring sjá. Starfsendurhæfingarúrræðin Hring sjá og Janus eru bæði í Reykjavík, en starfsendurhæfingarstöðvarnar eru staðsettar um land allt, ein á höfuðborgarsvæðinu og ein í hverjum landshluta, þ.e. á Vestfjörðum, Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi.

Eftirtaldir þjónustuaðilar og starfsendurhæfingarstöðvar eru með samning við VIRK:

1. Hring sjá í eigu Öryrkjabandalags Íslands og sem starfað hefur sem sjálfstæð stofnun síðan 6. október 1987. VIRK er einn af mörgum aðilum sem kaupir þjónustu af Hring sjá.
2. Janus endurhæfing ehf., læknisfræðileg starfsendurhæfing sem stofnuð var árið 2000, upphaflega með stuðningi Sameinaða lífeyrissjóðsins og styrkveitingu frá heilbrigðisráðuneytinu. Janus hefur verið með þjónustusamning við VIRK síðan 2011.
3. Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 2008. Stofnendur voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkrþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf.
4. Starfsendurhæfing Vesturlands, (StarfVest) sem var formlega stofnuð 11. desember 2014. Að stofnuninni komu sex stofnaðilar, þ.e. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Símenntunarstöðin á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun Vesturlands, Stéttarfélag Vesturlands og Verkalýðsfélag Akraness. StarfVest er til húsa á Akranesi, með lögheimili í Borgarnesi.
5. Starfsendurhæfing Vestfjarða er á Ísafirði og var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Fjöldi stofnaðila voru alls 21, meðal annars sveitarfélög, stéttarfélög og stofnanir á Vestfjörðum og lífeyrissjóðir.
6. Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) er staðsett á Akureyri. SN var stofnuð 9. febrúar 2006, en byggði á grunni tilraunaverkefnis sem hófst árið 2002 sem bar vinnuheimilið BYR. Þetta verkefni hófst undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík (Húsavíkurmódelið).
7. Starfsendurhæfing Austurlands (StarfA) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var formlega 14. nóvember 2007 af 18 stofnaðilum, meðal annars sveitarfélögum, stofnunum og stéttarfélögum á Austurlandi. Starfsemin byggir á sömu hugmyndum og SN sem eiga rætur sínar í svokölluðu Húsavíkurmódeli frá 2002. StarfA er með aðsetur á Egilsstöðum og á Reyðarfirði.
8. Starfsendurhæfing Suðurlands, Birta, var stofnuð 19. maí 2009 og eru stofnaðilar 18 talsins, sveitarfélög, stéttarfélög, lífeyrissjóðir, stofnanir og félagasamtök á Suðurlandi. Birta er með aðsetur á Selfossi.
9. Samvinna starfsendurhæfing er starfrækt innan Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS). Samvinna var í upphafi sjálfseignarstofnun sem hóf starfsemi sína í ágúst 2008. Frá því í ágúst 2014 hefur Samvinna verið rekin sem deild innan MSS og með þjónustusamning við VIRK frá 2013. MSS var upphaflega stofnað árið 1998 og voru stofnaðilar samtals 12; Reykjanesbær ásamt stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum og stéttarfélögum á Suðurnesjum.

Á árinu 2021 keypti VIRK sérhæfð starfsendurhæfingarúrræði af þessum stöðvum fyrir 854.539.433 kr., þar af fyrir 310.620.606 kr. af Janus endurhæfingu ehf. og 98.284.648 kr. af

⁸ Sama og nmgr. 7.

Hringsjá eða samtals 408.905.254 kr. Um 445.634.179 kr. skiptust milli 7 starfsendurhæfingarstöðva með misháum fjárhæðum eða frá 26.503.624 kr. upp í 108.297.348 kr.

Aðrir þjónustusalar – stök úrræði

Stökum starfsendurhæfingarárræðum sem VIRK kaupir má skipta í fjóra flokka:

1. Kaup á námi og námskeiðum.
2. Kaup á sjúkraþjálfun fyrir einstaklinga.
3. Kaup á sálfræðiþjónustu fyrir einstaklinga og hópa.
4. Ýmis önnur ráðgjöf, þjónusta og atvinnutengd úrræði.

Þjónustuaðilar eru fyrirtæki, einkahlutafélög fyrirtækja og að stærstum hluta þjónusta einstaklinga sem reka eigin stofur. Á árinu 2021 keypti VIRK nám og námskeið af 34 þjónustuaðilum fyrir 31.847.670 kr. Sjúkraþjálfun fyrir einstaklinga af 129 þjónustuaðilum fyrir 11.439.363 kr., endurgreidda sjúkraþjálfun til einstaklinga að upphæð 14.262.051 kr. og heilsuefningu eða líkamsrækt af 112 þjónustuaðilum fyrir 103.397.346 kr. Þá var keypt sálfræðiþjónusta fyrir einstaklinga af 126 þjónustuaðilum fyrir 297.504.150 kr. og sálfræðiþjónusta fyrir hópa af 39 þjónustuaðilum fyrir 101.080.174 kr. Önnur ráðgjöf og þjónusta var keypt af 50 þjónustuaðilum fyrir 28.182.788 kr. Ýmis konar önnur þjónusta, svo sem atvinnutengd úrræði, markþjálfun, túlkapjónusta og sjálfs-efling, var keypt fyrir 205.674.557 kr. Samtals eru þetta kaup á stökum úrræðum og þjónustu fyrir 793.388.048 kr.⁹

Í langflestum tilfellum byggja stöku úrræðin á samningum við sálfræðinga og sjúkraþjálfara sem sækja um að veita VIRK þjónustu og gerast aðilar að samningi, nokkurs konar rammasamningi, sem VIRK útbýr. Samningar við þessa þjónustuaðila eru, eins og þjónustusamningar við starfsendurhæfingarstöðvar, hefðbundnir samningar um kaup á sérhæfðri þjónustu, þar sem fjallað er um eftirfarandi; skilgreiningar, markmið og tilgang, gildissvið, aðila að samningum og afgreiðslu umsókna, innihald og framkvæmd þjónustu, samskipti, þjónustubeiðnir, umsýslu og greinargerðir, greiðslur og gjaldskrár, kröfur, ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi, framsal á réttindum og skyldum, þagnarskyldu og trúnað, skýrslur, eftirlit og árangur, ágreining, gildistíma og uppsögn.

Lok þjónustu hjá VIRK og atvinnulífstenging

Í skýrslu framkvæmdastjóra VIRK í *Ársriti um starfsendurhæfingu 2019*¹⁰ kemur fram að við lok þjónustu hjá VIRK hafa flestir einstaklingar náð þeirri starfsgetu sem stefnt var að og fara þá aftur til starfa á vinnumarkaði. Þeim einstaklingum sem ekki treysta sér í fulla þátttöku á vinnumarkaði er boðið að fara í starfsgetumat til að meta stöðu sína og framtíðarmöguleika og næstu skref. Starfsgetumat hjá VIRK er alltaf framkvæmt af lækni og auk þess getur læknirinn kallað til aðra sérfræðinga eftir þörfum, til dæmis sjúkraþjálfara og sálfræðinga, ef mál¹¹ einstaklings eru flókin. Farið er eftir ákveðnum viðmiðum og eyðublöðum og þess er alltaf gætt að sjónarmið einstaklings komi fram í matinu. Ef einstaklingur er ósáttur við niðurstöður matsins þá getur hann komið því á framfæri við VIRK og í sumum tilfellum er matið endurskoðað af öðrum aðila en þeim sem kom að því í upphafi.

⁹ Fengið úr yfirlitsskjali VIRK um kaup og þjónustu VIRK, með sundurliðun úrræða 01.01.2021–31.12.2021.

¹⁰ Sjá vef VIRK, <https://www.virk.is/static/files/arsrit-virk-2019-netutagafa.pdf>

¹¹ Sjá <https://www.virk.is/static/files/arsrit-virk-2019-netutagafa.pdf>

Þá kemur fram í skýrslu framkvæmdastjóra VIRK í *Ársriti um starfsendurhæfingu 2018*¹² að á árinu 2016 hafi verið ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni um aukna atvinnutengingu hjá VIRK þar sem sérhæfðir atvinnulífstenglar sjá um að finna störf við hæfi fyrir þá einstaklinga hjá VIRK sem þurfa á mjög sérhæfðri þjónustu atvinnumiðlunar að halda. Mikil vinna á sér þar að auki stað við að gera samninga við fyrirtæki sem lýsa yfir vilja til þátttöku í þessu verkefni. Atvinnulífstenging er núna mikilvægur þáttur í starfsendurhæfingarferli margra einstaklinga.¹³

Á árinu 2020 störfuðu hjá VIRK atvinnulífstenglar í um 10 stöðugildum, 432 einstaklingar fengu aðstoð atvinnulífstengils og fóru 189 einstaklingar í starf og 29 í nám. Við árslok voru 135 einstaklingar enn í þjónustu. Í gagnagrunni VIRK voru um 1.300 fyrirtæki og stofnanir á skrá og þá var um að ræða reglulegt samstarf við um 600 fyrirtæki og stofnanir um að finna störf fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu (úr kynningu framkvæmdastjóra fyrir nefndina í mars 2021).

Nýjungar og þróun

Hjá VIRK var þróað nýtt upplýsingakerfi, YODA, sem tekið var í notkun 2018. Grunnurinn að upplýsingakerfinu YODA var nýtt flokkunarkerfi, Alþjóðlega flokkunarkerfið um færnei, fötlun og heilsu, ICF (*International Classification of Function, Disability and Health*)¹⁴ frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

Lögd er áhersla á að vinnuferlar fyrir ráðgjafa séu skýrir og leiðbeiningar til almennings markvissar og einfaldar, settar fram bæði á vef VIRK og í auglýsingum sem og á innra vefkerfi VIRK sem ætlað er starfsmönnum.

Árið 2018 var sett á laggirnar þróunarverkefni um forvarnir¹⁵ á vefsíðu VIRK, meðal annars auglýsingaherferð til að stuðla að vitundarvakningu. Einnig var hleypt af stokkunum rannsókn meðal þeirra sem fengu greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags og verkefninu Heilsueflandi vinnustaður¹⁶ með Embætti landlæknis og Vinnueftirlitinu. VIRK hefur þannig á undanförunum árum lagt meiri áherslu á forvarnir og er vefsíðan www.velvirk.is sérstaklega notuð í þeim tilgangi. Á síðunni má finna mikið af fræðslufni og leiðbeiningum, ætluðum starfsfólki og leiðtogum á vinnustöðum. Í dag er verkefnið VelVirk orðið að sérstöku forvarnasviði hjá VIRK.

Gæðakerfi VIRK var formlega vottað árið 2016 samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001 og nær það yfir þjónustu og ráðgjöf VIRK á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. VIRK fékk jafnlaunavottun ÍST 85:2012 fyrst fyrirtækja og stofnana í sínum stærðarflokki á Íslandi árið 2018. Unnið er að vottun á sviði upplýsingaöryggis ISO 27001.

Þróunarverkefni tengt kulnun var sett af stað innan VIRK haustið 2020 og er það í höndum sérstakra verkefnastjóra kulnunar að yfirfara tilvísunarbeiðni læknis um atvinnutengda starfsendurhæfingu en stuðst er við skilgreiningu WHO við þessa flokkun. Á tímabilinu nóvember 2020 til og með október 2021 voru um 10,7% þeirra sem leituðu til VIRK vegna langvarandi streitu eða kulnunar í starfi samkvæmt þessari flokkun. Eftir að sérfræðingar höfðu farið í gegnum fyrirbyggjandi upplýsingar kom í ljós að 3,8% beiðna uppfylltu viðmið WHO fyrir kulnun í starfi.

Verkefnið Starfsendurhæfing samhliða vinnu (SSV) felur í sér að einstaklingur getur verið í atvinnutengdri starfsendurhæfing samhliða vinnu. Sérstakt þróunarverkefni í SSV var í gangi við Landspítalann í samvinnu við VIRK frá hausti 2016 til haustsins 2020 og í framhaldi hefur þetta

¹² Sjá https://www.virk.is/static/files/virk-a-9568-rsrit-2018_lokaskjal.pdf

¹³ Ársrit um starfsendurhæfingu 2018, bls. 10, Skýrsla framkvæmdastjóra.

¹⁴ Sjá <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2214/4110.pdf>

¹⁵ Sjá www.velvirk.is

¹⁶ Sjá www.heilsueflandi.is

úrræði fest sig í sessi þar. Öllum fyrirtækjum stendur til boða að nýta þetta úrræði í samvinnu við atvinnulífstengla hjá VIRK. Samkvæmt *Ársriti VIRK um starfsendurhæfingu 2022*¹⁷ er verið að endurskoða inntökuviðmið fyrir einstaklinga með fíknivanda. Viðmiðið var 3 - 6 mánuðir án neyslu áður en starfsendurhæfing hæfist en nú á að leggja meiri áherslu á að skoða hvert mál fyrir sig út frá samfelldum tíma án neyslu og líðan einstaklings.

Frá árinu 2019 hefur VIRK tekið þátt í samstarfsverkefninu UNG19 með félagsmálaráðuneytinu, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingastofnum, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun. Verkefnið snýr að bættum lífsgörum og lífsgæðum ungs fólks á aldrinum 18 - 29 ára með skerta starfsgetu. Meginmarkmiðið er að auka virkni og atvinnuþátttöku ungs fólks með því að auka samvinnu þjónustukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá VIRK sinna Ung19 ráðgjafar VIRK og atvinnulífstenglar VIRK þessum hópi við atvinnuleit og fylgja þeim eftir í vinnu.

Einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit, IPS (e. *individual placement and support*) er aðferðafræði sem hefur verið í þróun hjá VIRK frá 2012 við að aðstoða einstaklinga til að komast inn á vinnumarkaðinn. Það sem einkennir IPS aðferðafræðina er að vinnan er talin mikilvægur hluti af sjálfri starfsendurhæfingunni og er áhersla einkum lögð á að einstaklingurinn fari að vinna samhliða ástundun starfsendurhæfingar (e. *place and train*) í stað þess að stunda starfsendurhæfingu fyrst og vinnu sé leitað í kjölfarið (e. *train and place*), sem segja má að hafi verið ríkjandi aðferðafræði fram á síðustu ár.

Úttektir og eftirfylgni Ríkisendurskoðunar frá 2012, 2015 og 2018

Í desember 2012 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu til Alþingis um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur meðal annars fram að á árinu 2009 hafi verið gerðar breytingar á 7. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð sem „... meðal annars lengdu þann tíma sem einstaklingar eiga rétt á endurhæfingarlífeyri vegna veikinda eða slysa og efldu hlutverk Tryggingastofnunar við að hafa eftirlit með endurhæfingaráætlunum og meta árangur þeirra.“. Þá er það mat Ríkisendurskoðunar að 2. gr. laga nr. 60/2012 þarfnist frekari skýringar ef hún á að koma að fullu gagni, en „... þar er kveðið á um nána samvinnu starfsendurhæfingarsjóða og stofnana ríkis og sveitarfélaga í heildstæðu kerfi endurhæfingar til að tryggja þeim sem þess þarfnast atvinnutengda starfsendurhæfingu. Ekki kemur fram í hvaða formi þessi samvinna skuli vera eða hver eigi að hafa forgöngu um hana.“.

Í skýrslunni beinir Ríkisendurskoðun fjórum ábendingum til velferðarráðuneytisins. Í fyrsta lagi að setja verði heildstæða stefnu vegna einstaklinga með skerta starfsgetu sem taki einnig til þeirra sem lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu taka ekki til. Í öðru lagi að stuðla þurfi að aukinni ábyrgð vinnuveitenda þar sem ekki er nægilegt að tryggja einstaklingum rétt til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar heldur þurfi einnig að gera þeim kleift að snúa aftur út á vinnumarkað þótt starfsgeta þeirra sé skert að einhverju marki, og að kanna þyrfti hvort lagasetning sé nauðsynleg í því sambandi. Í þriðja lagi þá þurfi að auka samfellu í endurhæfingarferlinu og á það bent að atvinnutengd starfsendurhæfing þurfi að hefjast fyrr og að stuðla beri að samfellu í endurhæfingarferlinu allt frá læknisfræðilegri og félagslegri endurhæfingu þar til atvinnutengdri starfs-

¹⁷ Sjá https://www.virk.is/static/files/2022/arsrit-2022_net_lokaskjal_pages.pdf

endurhæfingu lýkur.¹⁸ Í fjórða og síðasta lagi segir í ábendingum Ríkisendurskoðunar að setja þurfi skýrar reglur um eftirlit velferðarráðuneytisins.

Í viðbrögðum ráðuneytisins kemur fram orðrétt:

Velferðarráðuneytinu þykir það nokkur einföldun að fullyrða að ekki hafi verið fundin úrræði fyrir þann hóp fólks sem hefur skerta starfsgetu en getur ekki nýtt sér þjónustu sem í boði er á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Innan velferðarráðuneytisins hefur verið unnið að skipulagi heildstæðrar þjónustu fyrir þá sem hafa skerta starfsgetu og hafa þar af leiðandi helst úr lestinni á vinnumarkaði. Þar hefur meðal annars verið leitast við að skilgreina betur ábyrgðarsvið einstakra þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu sveitarfélaga, vinnumarkaðsaðgerðir, þ. á m. Atvinnumál fatlaðs fólks, og atvinnutengda starfsendurhæfingu, þ.m.t. hlutverk starfsendurhæfingarsjóða.

Þá segir enn fremur í viðbrögðum ráðuneytisins að „Áhersla hefur verið lögð á að öll þessi þjónustukerfi vinni vel saman enda er það talið eitt af lykilatriðum þess að einstaklingurinn nái árangri.“ Jafnframt segir að „Þannig er gert ráð fyrir að viðkomandi verði leiðbeint áfram til viðeigandi þjónustustofnana innan annarra þjónustukerfa, þegar við á, sem taka þá ákvörðun um viðeigandi þjónustu. Er því mikilvægt að ráðgjafar sem og aðrir sérfræðingar innan ólíkra þjónustukerfa eigi gott samstarf sín á milli í samráði við einstaklinginn sjálfan.“

Í viðbrögðum ráðuneytisins undir þessum lið segir einnig:

Stjórnvöld höfðu áður gert samninga við ákveðna þjónustuaðila um atvinnutengda endurhæfingu frá árinu 2008 en velferðarráðuneytið hefur haft umsjón með þessum samningum frá ársbyrjun 2011. Þegar farið var betur yfir þá þjónustu sem þessir þjónustuaðilar hafa verið að veita á grundvelli samninganna kom í ljós að sú þjónusta getur ekki í öllum tilvikum fallið undir það sem skilgreint hefur verið sem atvinnutengd starfsendurhæfing. Fellur sá hluti þjónustunnar því ekki undir lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Í þessu sambandi sendi velferðarráðuneytið embætti landslæknis meðal annars erindi þegar eftir að framangreind lög voru samþykkt í júní sl. þar sem óskað var eftir að þeir færu yfir hvaða hluti af starfsemi tveggja þjónustuaðila sem ráðuneytið hefur haft samninga við geti ekki talist atvinnutengd starfsendurhæfing og falli þar með ekki undir gildissvið laganna. Þótti því mikilvægt að tryggja fjármagn til að unnt væri að halda þeim hluta samninganna áfram sem og samninga við aðra þjónustuaðila sem sama ætti við um. Í þessum tilgangi var 298 milljónum kr. á fjárlagalið 08–856 Starfsendurhæfing haldið eftir samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2013 þannig að unnt yrði að greiða fyrir úrræði sem ætluð eru einstaklingum sem hafa skerta starfsgetu en falla ekki undir hin nýju lög.

Ráðuneytið tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að mikilvægt sé að stuðla að ábyrgð vinnuveitanda og vísar í því sambandi í d-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda

¹⁸ Í Ársriti VIRK um starfsendurhæfingu 2018, bls. 7, kemur fram í grein framkvæmdastjóra að ekki sé til nein ein rétt eða algild skilgreining á starfsendurhæfingu. Starfsendurhæfing sé ein tegund endurhæfingar og að margir aðilar samfélagsins gegni mikilvægu hlutverki í endurhæfingu. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um *Nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu*, sem kom út í febrúar 2019, er meðal annars fjallað um læknisfræðilega endurhæfingu, starfsendurhæfingu og atvinnutengda starfsendurhæfingu, en ekki er að finna í skýrslunni nánari umfjöllun með skilgreiningum á þessum mismunandi tegundum endurhæfinga. Í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins, *Endurhæfing: Tillögur að endurhæfingarstefnu*, sem út kom í apríl 2020, er fjallað um endurhæfingu og hæfingu og þar segir meðal annars á bls. 7: „Skilgreiningar á endurhæfingu fela nær alltaf í sér að um er að ræða skipulegar aðgerðir með fjölbættri nálgun til að auka færni og hamlá færniskerðingu í því skyni að styrkja fólk til þátttöku í samfélaginu. Hæfing er yfirleitt skilgreind eins að öðru leyti en því að þá er um að ræða að ávinna sér nýja færni, en orðið endurhæfing er oft látið taka til þessa beggja og er svo í þessari skýrslu.“

starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða þar sem kveðið er á um fræðslu og stuðning starfsendurhæfingarsjóða við atvinnurekendur og stjórnendur.

Þá tekur ráðuneytið undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að auka þurfi samfellu í endurhæfingarþjónustu og að setja þurfi skýrari reglur um eftirlit ráðuneytis með þjónustu starfsendurhæfingarsjóða.

Í eftirfylgni Ríkisendurskoðunar til Alþingis í júní 2015 ítrekar Ríkisendurskoðun ábendingar til velferðarráðuneytisins um að marka sem fyrst heildstæða stefnu um málefni einstaklinga með skerta starfsgetu, einnig þeirra sem lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu taka ekki til. Þar komi meðal annars fram skýr markmið, aðgerðaráætlun og mælikvarðar um árangur og að þar sé einnig skilgreind samfélagsleg ábyrgð þeirra sem að starfsendurhæfingu og atvinnumálum koma sem og ábyrgð á því að hrinda einstökum þáttum stefnunnar í framkvæmd. Þá ítrekar Ríkisendurskoðun ábendingu frá 2012 um að ráðuneytið setji skýrar reglur um eftirlit sitt með kaupum VIRK á þjónustu starfsendurhæfingarstöðva og að tryggt verði að þjónustan standist gæðakröfur, skilgreint verði hvað felist í einstökum þjónustubáttum og gætt að jafnræði meðal seljenda þjónustunnar.

Í eftirfylgni Ríkisendurskoðunar til Alþingis í apríl 2018 segir í niðurstöðum¹⁹ að Ríkisendurskoðun ítreki ekki tvær ábendingar sem beint var til velferðarráðuneytis árið 2015 vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Fyrri ábendingin laut að því að setja þyrfti heildstæða stefnu vegna einstaklinga með skerta starfsgetu en sú seinni að setja þyrfti skýrar reglur um eftirlit ráðuneytisins með kaupum VIRK á þjónustu starfsendurhæfingarstöðva.

Þótt heildstæð stefna fyrir málaflokkinn liggja ekki fyrir hefur velferðarráðuneyti unnið að mótnun slíkrar stefnu. Sú vinna verður meðal áherslumála félags- og jafnréttismálaráðherra árið 2018 og má samkvæmt ráðuneytinu vænta niðurstæðna fag- og starfshópa sem snúa að innleiðingu starfsgetumats og atvinnubátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu síðar á árinu. Þá hefur ráðuneytið gert kröfulýsingu vegna þjónustu starfsendurhæfingarsjóða og undirritað þjónustusamning við VIRK sem tekur mið af þeim kröfum. Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingar sínar en gerir athugasemd við hversu lengi stefnumótun ráðuneytisins hefur dregist.

Þá kemur fram í eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018 að í kröfulýsingunni sé kveðið á um eftirlit ráðherra og að slíkt eftirlit geti einnig náð til starfsemi þeirra aðila sem starfsendurhæfingarsjóður gerir samninga við um þjónustu. Eftirlitið felist í vettvangsúttektum sem úttektarmönnum er falið að framkvæma og að kröfulýsingin komi því til móts við seinni ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 2018 um að setja þyrfti skýrar reglur um eftirlit ráðuneytisins með kaupum VIRK á þjónustu starfsendurhæfingarstöðva og er því ekki ítrekuð.

Aftur á móti er á það bent í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2018 að ráðherra hafi „... enn ekki skipað nefnd til að gera heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða líkt og bráða-birgðaákvæði laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða kveður á um. Fyrirhugað er að gera það á vormánuðum 2018.“.

Nefndin var skipuð í lok janúar 2021. Nefndin sendi félagsmálaráðuneyti fyrirspurn 18. janúar 2022, um hvernig eftirliti ráðherra með því að kröfur í Kröfulýsingu 1.1, kafla 1.3.1 fyrir starfsendurhæfingarsjóði sem óska eftir viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 60/2012, séu uppfylltar. Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn nefndarinnar um eftirlit ráðherra kom fram að skv. 23. gr. laga nr. 60/2012 hafi ráðherra eftirlit með að starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs sé í

¹⁹ Sjá: https://rikisendurskodun.is/reskiol/files/Skyrslur/2015-atvinnutengd_starfsendurhaefing.pdf

samræmi við ákvæði laga, samþykkt skipulagsskrá hlutaðeigandi sjóðs og þjónustusamning, þ.m.t. kröfulýsingu.

Vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001 staðli og vottað stjórnkerfi skv. ÍST ISO/IEC 27001 staðli í starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs geti haft áhrif á skipulag og umfang eftirlits ráðherra með slíkum sjóði eins og tiltekið er í gildandi kröfulýsingu í tengslum við þjónustusamning ráðuneytisins og VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs. Samkvæmt kröfulýsingunni, sbr. kröfu 44, skuli starfsendurhæfingarsjóður tilkynna ráðherra fá sjóðurinn slíka vottun. BSI á Íslandi ehf. hefur undanfarin ár gert ISO 9001 gæðaúttekt á VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði og hefur sjóðurinn sent ráðuneytinu niðurstöður þessara úttekta árlega.

Í framkvæmd er annað eftirlit ráðherra með starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs að kröfur skv. kröfulýsingu séu uppfylltar sem og að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2012.

Starfsemi VIRK: Tengslanet í opinberri stjórnsýslu

Tengslanet í opinberri stjórnsýslu eru samstarfsnet þar sem opinberir aðilar, einkafyrirtæki, sjóðir og félagasamtök koma sameiginlega að stefnumótun, fjármögnun og framkvæmd lögbundinna verkefna í almannaðjónustu. Starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er gott dæmi um slík tengslanet sem þróast hafa víða á Vesturlöndum á undangengnum 30 árum í kjölfar innleiðingar á hugmyndum um nýskipan í opinberum rekstri (e. *New Public Management*) og þekkt eru undir heitinu *Governance Networks* á ensku; tengslanet í opinberri stjórnsýslu á íslensku. Tengslanet í opinberri stjórnsýslu geta verið margskonar og fer tegund tengslanetsins eftir verkefnum, stjórntækjum sem beitt er og þátttakendum. Það sem almennt er talið einkenna tengslanet í opinberri stjórnsýslu snýr að framkvæmd þeirra verkefna sem leysa á. Verkefnin geta bæði verið *flókin* og með nokkuð hátt *flækjustig*. Þau eru *flókin* að því leyti að viðfangsefnin eru mörg og margbreytileg og kalla á sérhæfða þekkingu margra ólíkra aðila. Flókin viðfangsefni af þessu tagi má leysa með vandaðri öflun upplýsinga og aðferðum sem tryggja að beitt sé gagnreyndri þekkingu hverju sinni. *Flækjustig* verkefnanna felur hins vegar ekki einungis í sér mörg og margbreytileg viðfangsefni með aðkomu margra aðila, heldur einnig að um viðfangsefnin geta verið mjög skiptar skoðanir, óvissa og síbreytilegar aðstæður, sem aftur leiðir til þess að erfiðara er að spá fyrir um framvindu og þá hvernig taka skuli á viðfangsefnum.

Tengslanet í opinberri stjórnsýslu hafa almennt séð bæði kosti og ókosti og þeim fylgja áskoranir sem leysa þarf svo tilætluðum árangri verði náð. Í því ljósi er gagnlegt að líta til þess hvað erlendar rannsóknir hafa sagt um helstu kosti og ókosti tengslaneta í opinberri stjórnsýslu.

Almennt um helstu kosti tengslaneta sem skipulagsforms

Af mörgum þeim kostum sem einkenna tengslanet í opinberri stjórnsýslu má nefna:

Í fyrsta lagi að möguleikinn til sérhæfingar þykir mikill, þar sem hver og einn í samstarfsnetinu getur beint sjónum að sínum þætti eingöngu og náð mikilli sérhæfingu á því sviði.

Í öðru lagi, í slíku samstarfi margra aðila sem vinna að sama markmiði má byggja upp umtalsverða getu til að sinna verkefnum samstarfsins þar sem verkum er skipt milli aðila. Aftur á móti fylgir sú áskorun að nýtingin á þeirri getu sem verður til, veltur á trausti milli aðila í samstarfsnetinu, góðri heildarsýn á stöðu og framvindu hvers einstaklings, mikilli samhæfingu og lipurð í miðlun upplýsinga.

Í þriðja lagi, þá skapast tækifæri til að leita lausna með tilraunastarfi sem felur í sér þátttöku mismunandi aðila og þess vegna verður til svigrúm fyrir nýsköpun, en nýsköpun hættir til að mæta meiri mótstöðu eða fyrirstöðu innan opinberrar stjórnsýslu sem bundin er stigveldisskipulagi, pólitískri yfirstjórn með pólitískri og lýðræðislegri ábyrgð, hefðum og því regluverki, sem gildir um starfsemi hins opinbera.

Í fjórða lagi þá getur skapast í tengsla- og samstarfsnetum meira svigrúm til breytinga, meiri hraði og sveigjanleiki til að bregðast við áskorunum, hvort heldur er fyrirséðum eða ófyrirséðum.

Í fimmta lagi, þá er því haldið fram að tengslanet í opinberri stjórnsýslu veiti þátttakendum í samstarfinu tækifæri á að koma að stefnumótun og framkvæmd opinberrar þjónustu og hafa þannig áhrif á þróun þjónustunnar til framtíðar. Þetta gerist þannig að þegar á annað borð er búið að semja um aðkomu að framkvæmd tiltekinna þjónustu þá verður til þekking og mikið magn upplýsinga í framkvæmdinni sem skipta máli við stefnumótun þjónustunnar til lengri tíma. Samráð við framkvæmdaáðila er almennt talið mikilvægt í opinberri stefnumótun til að búa í hagin fyrir því að markmið stefnumótunar nái fram að ganga.

Að síðustu, þá er gjarnan á það bent að markaðsábyrgð og markaðsáhrif geti, betur en ein stofnun eða eitt fyrirtæki, náð að skapa samkeppni og þar með markmiðum um aukna hagkvæmni og skilvirkni. Á hinn bóginn er á það bent að lögbundinni þjónustu við einstaklinga fylgja þær áskoranir sem felast í markmiðum um jöfnuð og jafnan rétt, sem er kjarninn í allri opinberri þjónustu. Mikil áhersla á markmið um skilvirkni og hagkvæmni hafi tilhneigingu til að gerast á kostnað markmiða um jöfnuð og jafnan rétt. Áskorunin felist í því að geta vigtað þessi ólíku markmið á móti hvort öðru í þeim tilgangi að ná ásættanlegu jafnvægi á milli þeirra.

Almennt um helstu ókosti tengslaneta sem skipulagsforms

Af mörgum þeim ókostum sem rannsóknir sýna að einkenni tengslanet í opinberri stjórnsýslu má nefna:

Í fyrsta lagi, með aðkomu margra ólíkra aðila koma upp skiptar skoðanir um skilgreiningar og samræmingu markmiða.

Í öðru lagi, oft skortir heilsteypa og samræmda yfirsýn þar sem upplýsingar og þekking eru dreifð innan samstarfsnetsins.

Í þriðja lagi, samskiptarof verða vegna tæknibúnaðar og mismunandi upplýsingatækni.

Í fjórða lagi, samhæfing þjónustu verður sundurlaus vegna brotakenndrar yfirsýnar.

Í fimmta lagi, óvissa ríkir um stöðugleika tengsla innan samstarfsnetsins, sem orsakast meðal annars af stuttum samningstíma. Þetta leiðir til þess að verksalar geta ekki gert áætlanir um nýsköpun og þróun tæknilegra úrlausna, þar sem þeir treysta sér ekki til að taka áhættur vegna þeirrar óvissu sem samningum til skemmri tíma fylgir.

Í sjötta lagi, lýðræðisleg ábyrgð er óljós, eða ekki nægileg skýr, sem meðal annars leiðir af skorti á áfrýjunarleiðum. Flókin samstarfsnet hafa orðið til fyrst og fremst til að ná markmiðum um aukna skilvirkni og slík markmið er oftast auðveldara að mæla. Aftur á móti hefur verið erfiðara að standa skil á markmiðum sem er erfiðara að mæla, svo sem eins og markmið um jöfnuð, gæði og öryggi notenda. Með öðrum orðum, rannsóknir benda til þess að framkvæmd ábyrgðar-skyldunnar í flóknum samstarfsnetum sé ábótavant (e. *accountability deficit*) og að þar halli á þá ábyrgð sem felst í því að tryggja sem best jöfnuð, gæði og öryggi.

Niðurstöður úr viðtölum nefndarinnar 2021

Til að kynna sér starfsemi og framkvæmd þjónustu hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði tók nefndin 27 viðtöl við 33 einstaklinga. Við val á viðmælendum var haft að leiðarljósi að ná sem mestri breidd. Tekin voru viðtöl við sérfræðinga í höfuðstöðvum VIRK, ráðgjafa VIRK hjá stéttarfélagum, bæði á höfuðborgarsvæði og landsbyggð, starfsfólk starfsendurhæfingarstöðva bæði á höfuðborgarsvæði og landsbyggð, fulltrúa úrræða sem VIRK kaupir þjónustu af, starfsfólk félagsþjónustu bæði á höfuðborgarsvæði og landsbyggð, stjórnendur og sérfræðinga Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar og fulltrúa félagasamtaka. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 31. mars til 10. september 2021. Vegna sóttvarnaráðstafana fóru flest viðtölin fram með aðstoð fjar-skiptabúnaðar.

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðtölum nefndarinnar, skipt í eftirfarandi ennisflokka: Markmið, nýir hópar, nýsköpun og þróun, framkvæmd laganna og álitamál, samstarf og heildstætt kerfi, sameiginlegur skilningur, biðtími, viðkvæmir hópar, stöðugleiki og svigrúm til nýsköpunar og lok starfsendurhæfingar.

Markmið

Fram kom hjá nokkrum viðmælendum nefndarinnar sem starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur hjá VIRK og ráðgjöfum stéttarfélaganna að þeim þætti kostur og léttir að vinna samkvæmt skýrt skilgreindum markmiðum um það að hverju ætti að stefna í vinnu með einstaklinginn og skýrum áherslum um hverju ætti að ná fram með starfsendurhæfingunni. Þegar mælanlegu markmiði er náð er einstaklingurinn útskrifaður.

Nýir hópar

Með stofnun VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs árið 2008 var stigið stórt skref með framlögum samtaka atvinnulífsins og stéttarféлага til að fólk sem féll út af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa fengi atvinnutengda starfsendurhæfingu og ætti þar með afturkvæmt á vinnumarkað. Á það ekki síst við um fólk á vinnumarkaði sem ekki fékk þjónustu áður. Og þá benti einn viðmælenda enn fremur á og orðaði svo: „það eru að koma léttari mál með aukinni meðvitund um mikilvægi heilsunnar, þú þarft að gera eitthvað áður en þú missir hana.“

Með lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði var hins vegar ótryggt á vinnumarkaði tryggð atvinnutengd starfsendurhæfing með framlagi úr ríkissjóði. Þar koma einnig inn nýir hópar sem fá atvinnutengda starfsendurhæfingu, þó svo að starfsendurhæfingarstöðvarnar sem voru reknar áður en VIRK hóf starfsemi og lög nr. 60/2012 voru samþykkt, hafi veitt þeim hópum starfstengda endurhæfingu. Einn viðmælenda nefndarinnar orðaði það svona: „Það er minni stigmatisering að fara til VIRK en til sveitarfélagsins.“

Nýsköpun og þróun

Fram kom í viðtölum nefndarinnar við ráðgjafa VIRK að nýja kerfið (YODA) krefjist nokkuð meiri skráningar en áður en að skráningin sé markviss og hafi tilgang og styðji við samstarf og dragi úr margskráningu gagna. Auðvelt sé að fletta upp í kerfinu grunnatriðum um einstaklinga og fylgjast með framvindu þeirra í starfsendurhæfingarferlinu. Þó kerfið sé flókið þá eru verkferlar og handbækur skýrar.

Starfsendurhæfingarstöðvarnar geta skráð inn upplýsingar í sínum málum í YODA. Fram kom hjá þeim að gott væri ef því fylgdi einnig lesaðgangur að skráningarkerfi VIRK til að geta fylgst með áætlunum og framvindu sinna mála. Einnig komu fram ábendingar frá starfsendurhæfingar-

stöðvunum um að jafnframt því að fá upplýsingar um hvað eigi að skrá, þá hefði verið gagnlegt við þróun kerfisins að fá að koma á framfæri hvað væri gott að sjá í upplýsingakerfinu.

Sumir þjónustuaðilar sem VIRK kaupir þjónustu af töluðu um skriffinnsku í tengslum við skráninguna og að það hefði orðið til þess að seljendur úrræða hefðu hætt að skipta við VIRK. Nefnt var að á móti kæmi örugg innkoma og að skráning væri auðvitað af hinu góða, en hins vegar þyrfti greiðsla að taka mið af henni.

Úrræðaflóran er orðin mun fjölbreyttari en áður var og skulu hér nefnd nokkur dæmi þess svo sem þróun atvinnu með stuðningi eða IPS (e. *individual personal support*), netþjónustu og/eða meðferð á netinu, verkefni um kulnun og þróun í úrræðum fyrir ungt fólk.

Með tilkomu atvinnulífsráðgjafa/IPS ráðgjafa hjá VIRK á síðustu árum hafa tengsl við vinnustaði eflst en rannsóknir hafi sýnt að því meiri tengingu sem einstaklingur hefur við vinnustað og því styttri sem fjarvera af vinnumarkaði er því líklegra sé að árangur náist.

Þá hefur breyting á inntökumati með uppskiptingu inntökuteyma í þrjú svið, POL, GEÐ og UNG og staðsetning inntökumatsins hjá VIRK hraðað afgreiðslu beiðna og stytt biðtíma eftir þjónustu að mati viðmælenda nefndarinnar.

Hjá VIRK var fjarþjónusta þróuð á tímabili COVID-faraldursins, eins og raunin var almennt í þjónustugeirum í samfélaginu. Fjarþjónustan var þróuð bæði hjá þeim þjónustuaðilum sem VIRK kaupir þjónustu af og einnig í þjónustu ráðgjafa VIRK. Þetta gagnast ekki síst notendum á landsbyggðinni þar sem mikill skortur er á þjónustuúrræðum. Hér virðist COVID hafa hraðað þróun og nýsköpun, eins og víða annars staðar í samfélaginu.

Framkvæmd laganna og nokkur álitamál

Upplýsingar úr viðtölum nefndarinnar benda til þess að fólk sem býr við félagslegan vanda og/eða er félagslega illa sett og stefni jafnvel í heilsubrest af þeim ástæðum, eigi ekki greiðan aðgang að þjónustu á vegum VIRK. Ástæðan er talin vera sú að heilsubrestur, þ.e. veikindi eða slys sé það skilyrði sem þurfi til að fá þjónustu á vegum VIRK. Þetta er mat ólíkra aðila sem nefndin tók viðtöl við, s.s. hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, félagasamtökum, aðilum sem stunda vinnumiðlun, starfsendurhæfingarstöðvum og virkniúrræðum, svo dæmi séu nefnd. Bent var á að lögin kveði skýrt á um að starfsendurhæfingarsjóðir sinni atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Aftur á móti séu lækningar í lykilstöðu, þar sem til grundvallar inntöku í atvinnutengda starfsendurhæfingu sé beiðni frá lækni sem byggir á sjúkdómi, heilsubresti eða afleiðingu slyss. Krafan um að læknisvottorð sé skilyrði fyrir inntöku í þjónustu á vegum VIRK er ekki lögbundin, en samkvæmt upplýsingum frá VIRK var það verklag tekið upp árið 2013 og var að mati VIRK nauðsynlegt gagn til að meta hvort lagaleg skilyrði fyrir þjónustunni séu uppfyllt. Rétt er að benda á það hér að í Kröfúlýsingu 1.1 er tiltekið, í samhengi við skilyrði laga nr. 60/2012, að tryggður einstaklingur skuli staðfesta heilsubrest með vottorði eða öðrum gögnum frá heimilislækni eða meðhöndlandi lækni.

Margir viðmælendur telja að fleiri sérfræðistéttir þurfi að geta vísað einstaklingum í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Þannig þekki til að mynda starfsmenn félagsþjónustu í sumum tilvikum betur til sögu, stöðu, þarfa, framvindu og endurhæfingarvilja fólks en til dæmis lækningar sem starfa í heilsugæslu. Á það var bent að fólk er oft ekki með fastan lækni, nýir lækningar eru ekki alltaf inni í málunum og að til dæmis starfsfólk félagsþjónustunnar þurfi að undirbúa viðkomandi einstakling, jafnvel gefa honum forskrift að því sem þann þarf að biðja lækinn um. Krafan um læknisvottorð virkar að mati margra viðmælenda sem flöskuháls sem bæði útiloki aðgang að atvinnutengdri starfsendurhæfingu á vegum VIRK og leiði einnig til óþarfa snúninga og tafa sem letja, draga úr endurhæfingarvilja og grafi undan sjálfstrausti þeirra umsækjenda sem í hlut eiga.

Þá kom fram hjá nokkrum viðmælenda nefndarinnar að með kröfunni um læknisvottorð væri verið að sjúkdómsgera félagslega erfiðleika og stöðu þeirra sem eru félagslega illa settir og/eða líða fyrir menntunarskort. Það þyrfti að tryggja betur að fleiri kæmst í þjónustu á vegum VIRK því eins og einn starfsmaður félagsþjónustu komst að orði: „Einstaklingar sem komast í starfsendurhæfingu hjá VIRK og ljúka henni, leita ekki til félagsþjónustunnar aftur.“.

Margir viðmælendur nefndarinnar vöktu athygli á því að í lögnum sé ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að áfrýja synjun umsækjenda um þjónustu á vegum VIRK til æðra stjórnvalds. Aftur á móti er einstaklingum heimilt skv. 12. tölulið 2. mgr. 16. gr. laga nr. 60/2012 að vísa höfnun um þjónustu VIRK til stjórnar VIRK.

Samstarf og heildstætt kerfi

Margir viðmælendur nefndarinnar mátu það svo að það skorti á að atvinnutengd starfsendurhæfing sé einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar þar sem VIRK og stofnanir ríkis og sveitarfélaga vinni saman. Almennt séð kom fram ákall í viðtölunum eftir heildstæðara kerfi með auknu samstarfi þjónustukerfa. Til að tryggja samfellu í þjónustu sé þörf á auknu samstarfi þvert á þjónustukerfi svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnunar, Vinnumálastofnunar, opinna virkniúrræða, heilsugæslu, geðdeilda og endurhæfingarstofnana. Þá hafi ekki tekist að tryggja gott upplýsingaflæði og reglubundin samskipti milli VIRK og þessara helstu samstarfsaðila svo sem kveðið er á um í lögum og í kröfulýsingu með þjónustusamningi. Því sé þjónustukerfið brotkennt og þurfi að tryggja betur að einstaklingar lendi ekki í tómarúmi og hafi í engin úrræði í að leita til lengri eða skemmri tíma. Fram kom að töluvert vanti upp á formlegt samstarf, til dæmis varðandi framfærslu einstaklinga sem stunda atvinnutengda starfsendurhæfingu við útskrift og einnig hvað varðar gerð endurhæfingaráætlana.

Í viðtölunum kom fram ósamræmi milli upplýsinga frá VIRK og TR um tímalengd endurhæfingaráætlana. VIRK taldi TR ekki vilja gera lengri endurhæfingaráætlanir en gerðar eru, oftast til þriggja eða sex mánaða, en TR sagðist ekki mega samþykka annað en það sem VIRK biður um hvað varðar lengd endurhæfingaráætlana. Það getur því skapast tímabil frá því að endurhæfingaráætlun rennur út þar til næsta er samþykkt sem veldur því að fólk verður án framfærslu um tíma.

Einnig kom fram að vanda þyrfti betur yfirfærslu mála frá VIRK til annarra kerfa og auka samstarf við önnur kerfi, s.s. TR, um það sem varðar framfærslu meðan á atvinnutengdri starfsendurhæfingu stendur. Það myndi létta á ráðgjöfum og auðvelda þátttakendum lífið. Byggja þurfi brýr að lokinni atvinnutengdri starfsendurhæfingu, hvort sem er út í atvinnulífið eða yfir til VMST eða í aðra þjónustu, s.s. heilbrigðis- eða félagskerfið. Fram kom að þegar unnið er samkvæmt aðferðafræði IPS fylgir aukið samstarf, ekki aðeins við atvinnulífið heldur einnig við öll önnur þjónustukerfi sem koma að málum einstaklinga sem þurfa á endurhæfingar- og virkniúrræðum að halda, svo sem félags- og heilbrigðiskerfi, TR og VMST.

Einnig var bent á að það vanti tengingu með tilliti til hugsanlegrar endurkomu, til dæmis vegna geðvanda eða fíkniefnaneyslu. Vísbendingar komu fram um að stundum væri inntaka erfið eða torveldari fyrir fólk með sögu um vímuefnaneyslu þó það væri búið að snúa við blaðinu og tilbúið til að takast á við kröfur sem gerðar eru í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Vísbendingar komu einnig fram um að fólk sem hafi átt við erfiðan geðvanda að stríða komist ekki í atvinnutengda starfsendurhæfingu vegna fyrri sögu, þó það sé búið að ná þeim stað að það geti tekið þátt á vinnumarkaði að hluta og sé tilbúið til þátttöku. Niðurstöður rannsókna sýna að óháð fyrirkomu-

lagi þjónustu, byggi árangur fyrst og fremst á samvinnu og upplýsingagjöf milli þeirra þjónustu-aðila sem koma að málum einstaklingsins.²⁰

Sameiginlegur skilningur

Fram kemur í viðtölunum að nokkuð skorti á skilgreiningu og sameiginlegan skilning á því hvað felst í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, hver markmið slíkrar endurhæfingar eigi að vera og hvernig skuli unnið að þeim markmiðum með einstaklingsbundinni ráðgjöf og þjónustu. Sem dæmi var nefnt að einstaklingi með fötlun sem var vísað til VIRK vegna veikinda eða slyss hafi verið synjað vegna fötlunar, þó hann hafi áður verið á vinnumarkaði.

Fram komu ólíkar áherslur ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK hvað varðar leiðir að markmiðinu um atvinnuþátttöku. Sumir leggja áherslu á að það eigi ekki að fullendurhæfa fólk áður en það fer á vinnustað. Fram kom það sjónarmið að þörf sé á breyttum áherslum, að byrja þurfi fyrir með starfsendurhæfingu og vinna samhliða með fólki á vinnustaðnum. Markmiðið sé ekki að ná 100% heilsu, með öðrum orðum þá sé markmiðið einnig að hjálpa fólki til að sinna launaðri vinnu þrátt fyrir heilsubrest.

Samkvæmt lögum á VIRK að sinna öllum sem þurfa atvinnutengda starfsendurhæfingu og uppfylla skilyrði um aðgang að þjónustu á vegum sjóðsins. Hins vegar kom fram að skilgreina þurfi betur hvenær er um hæfingu að ræða og hvenær endurhæfingu og rætt var um að hugsa þurfi þjónustuna einnig út frá bættum lífsgæðum. Það geti ekki allir farið aftur í vinnu og ekki fái allir vinnu við hæfi, til dæmis sé mikill skortur á hlutastörfum sem gætu hentað mörgum sem eru með skerta starfsgetu. Einstaklingar gætu verið með vinnuframlag, þó lítið sé, sem væri hagkvæmt fyrir þá hvað varðar lífsgæði, afkomu og sjálfsvirðingu og um leið fyrir samfélagið. Í sumum tilvikum geti það verið rétt og ákjósanleg niðurstaða að fá örorkumat. Mikilvægast sé að sinna rétta hópnum með réttu úrræðunum og hafa hæfilegt inngrip.

Biðtími

Í samtölum nefndarinnar var ítrekað talað um langa bið eftir viðeigandi þjónustu, skort á úrræðum og meðferðar- og endurhæfingarkerfi sem ekki virki og að kerfið í heild sinni sé brotkennt. Fólk í hvað veikastri stöðu líði mest fyrir þetta. Á það var bent að mikilvægt sé að hafa í huga að fólk þarf að fá þjónustuna þegar það er tilbúið til að taka við henni. Bið eftir þjónustunni geti leitt til þess að hvatinn til að leggja á sig endurhæfingu hverfi, þar sem fólk gefist upp við langa bið og missi flugið. Þá kemur fram í viðtölum nefndarinnar að þjónustuframboð sé mun minna úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu og því sé mismunur á því eftir búsetu hvort og þá hvaða þjónustu fólk fær í starfsendurhæfingunni. Víða á landinu ríki úrræðaleysi og vanti þar sérfræðinga, til dæmis bæði sjúkráþjálfara og sálfræðinga. Aftur á móti hafi fjarþjónusta undir það síðasta skapað tækifæri fyrir vöxt þjónustunnar á landsbyggðinni.

Viðkvæmir hópar

Fram kom í viðtölunum að hjá félagsþjónustum sveitarfélaga sé þörf fyrir að vísa fólki í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Áður en VIRK tók yfir samninga við starfsendurhæfingarstöðvar frá félagsmálaráðuneytinu gátu til dæmis sérfræðingar félagsþjónustunnar og aðrir þjónustuaðilar vísað beint til starfsendurhæfingarstöðva. Eftir að VIRK tók yfir þessa samninga sé það ekki hægt.

²⁰ Sjá vef OECD: <https://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/building-inclusive-labour-markets-active-labour-market-policies-for-the-most-vulnerable-groups-607662d9/>

Ef VIRK synjar beiðni einstaklings um þátttöku í atvinnutengdri starfsendurhæfingu er einstaklingum stundum boðið það sem eitt sveitarfélagið kallaði grunnendurhæfingu hjá félagsþjónustunni.²¹ Þessa endurhæfingu fái hins vegar færri en þyrftu vegna þess að fjármagn hjá sveitarfélögunum til slíkra verkefna er takmarkað og allt fjármagn og allar beiðnir um atvinnutengda starfsendurhæfingu fari nú í gegnum VIRK. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er endurhæfing ekki nefnd, enda heyrir hún til verkefna ríkisins skv. lögum. Að mati starfsfólks félagsþjónustu ættu þau að geta vísað þessum hópi beint til VIRK, en þar verki skilyrði um tilvísun með læknisvottorði sem flöskuháls.

Í sumum tilvikum vísar félagsþjónusta sveitarfélaganna einstaklingum sem gætu nýtt sér atvinnutengda starfsendurhæfingu á vegum VIRK en komast ekki að þar, í opin virkniúrræði, s.s. hjá Hringsjá. Þar sem geðræktarmiðstöð og/eða símenntunarmiðstöð er til staðar séu þau úrræði nýtt í grunnendurhæfingu félagsþjónustunnar. Að auki sé vísað til Fjölsmiðjunnar fyrir 18 - 25 ára aldurshópin, en þeir sem fara þá leið fari flestir ekki til VIRK, heldur áfram í skóla. Þá er dæmi um að félagsþjónusta sveitarfélags sé með samning við starfsendurhæfingarstöð á sínu svæði og þannig öðlist einstaklingar tilskilinn undirbúning til að geta fengið samþykka umsókn hjá VIRK.

Þá var á það bent að nokkrir hópar, s.s. þeir sem eiga sögu um vímuefnaneyslu, geðræn veikindi eða hafi verið greindir með einhverfu eða fötlun, geti lent í vítahring, þar sem þeir eigi í sumum tilvikum erfitt með að fá umsókn sína hjá VIRK samþykka vegna fyrri sögu, eða þess að þeir falli ekki undir lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði.

Stöðugleiki og svigrúm til nýsköpunar

Í gögnum nefndarinnar kemur fram að skortur er á heildarsýn og stöðugleika. Þjónustuaðilar, s.s. starfsendurhæfingarstöðvar, höfðu lengst af ekki vitneskju um hver fjárhagslegur grundvöllur þeirra væri til lengri tíma. VIRK kom því á framfæri við nefndina að núgildandi samningar við starfsendurhæfingarstöðvar sem gerðir voru árið 2021 gilda til ársins 2024. Fram kemur í gögnum nefndarinnar að þeim tímum sem VIRK kaupi frá starfsendurhæfingarstöðvum hafi farið fækkandi með árunum. Því var til að svara af hálfu VIRK að skýringa þess sé að leita í aukinni þjónustu geðheilsuteyma á vegum heilsugæslustöðva.

Í viðtölum nefndarinnar kom einnig fram að fyrir tilkomu VIRK gátu starfsendurhæfingarstöðvar tekið við fólki sem í seinni tíð hefur ekki fengið samþykki fyrir þjónustu á vegum VIRK. Starfsfólk þessara stöðva þekki oft þarfir og aðstæður þessa fólks og viti af reynslu að árangri megi ná sé því veittur sá tími sem það þarf til að stunda starfsendurhæfingu. Starfsendurhæfingarstöðvarnar sinna þyngsta hópnum, þ.e. fólki sem þarf heildstæða starfsendurhæfingu, gjarnan yfir lengri tíma, með skipulagðri dagskrá og oft daglegri viðveru. Það hjálpar fólki að skapa rútinu og reglu í daglegu lífi, sem getur haft veruleg áhrif á andlega líðan og þannig skipt sköpum. Starfsendurhæfingarstöðvarnar hafi í dag ekkert um það að segja hverjir komi til þeirra, hve margir, né um tímaramma. Eins og fyrr segir hafa stöðvarnar ekki vitað nema til eins árs í senn hver fjárhagsleg geta þeirra er, eða verður, þar sem þjónustusamningar við VIRK hafa lengst af verið til eins árs eða eins og hálfs árs.

Þá kom fram að þess séu dæmi að hendur stöðvanna séu bundnar á þann hátt að þeim beri samkvæmt tilmælum VIRK að kaupa þjónustu af ákveðnum þjónustuaðilum og/eða sérfræð-

²¹ Skilgreiningu á hugtakinu *grunnendurhæfing* er ekki að finna í skýrslu félagsmálaráðuneytisins, *Nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu*, febrúar 2019, né í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins, *Endurhæfing: Tillögur að endurhæfingarstefnu*, apríl 2020.

ingum, en ekki öðrum. Að mati VIRK getur þetta skýrst að hluta af því að viðkomandi hafi verið með þjónustu ákveðinna aðila sem VIRK gerir samninga við áður en þeim er vísað til starfsendurhæfingarstöðva og verið sé að gæta samfelli í þjónustu. Einstaka stöðvar gera samning við félagsþjónustu sveitarfélags eða aðra aðila um einstök endurhæfingarpláss, en eins og fram hefur komið þá er til dæmis ekki gert ráð fyrir endurhæfingarpjónustu á vegum sveitarfélaganna og því er ekki mikið fjárhagslegt svigrúm þar til þessa verkefnis.

Lok starfsendurhæfingar

Varðandi eftirfylgni í kjölfar útskriftar úr starfsendurhæfingu kom fram að stundum sé misbrestur á því að haft sé samband við það kerfi sem einstaklingurinn fer í við útskrift, hvort sem það er vinnustaðasamningur (nema að einstaklingurinn sé með atvinnulífstengil), atvinnuleit hjá Vinnu-málastofnun, heilbrigðiskerfið eða annað. Til dæmis komi stundum komi upp sú staða að einstaklingur sem fer á vinnustaðasamning með aðstoð atvinnulífstengils (IPS) og með fylgi endurhæfingarlífeyrir, að einstaklingurinn og atvinnurekandinn standi ráðþrota þegar endurhæfingarlífeyrir rennur út. VIRK sé ekki lengur inni í myndinni og hvorugur aðili veit hvað tekur við.

Vandinn geti einnig verið sá að fólk sem er að ljúka atvinnutengdri starfsendurhæfingu á vegum VIRK sé enn svo veikt að það sé í raun útskrifað inn í heilbrigðiskerfið, þar sem fólk er oft ekki orðið vinnufært, til dæmis eftir erfið veikindi/meðferð, eða af öðrum ástæðum. Þegar endurhæfingartíminn sé liðinn, þá útskrifist fólk ekki í vinnu eða annars konar virkni, því VIRK sé þá ekki lengur inni í myndinni. Þegar hér er komið sögu eru allar framfærsluleiðir oft uppnar.

Þá kom einnig fram að skortur er á hlutastörfum, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins, og því komist einstaklingar sem hafa lokið atvinnutengdri starfsendurhæfingu og eru vinnufærir að hluta ekki í vinnu.

2. ÞRÓUN ÖRORKUBYRÐI, NÝGENGI ÖRORKU OG REIKNILÍKAN FYRIR AFDRIF ÞÁTTTAKENDA

Eitt af verkefnum nefndarinnar, um heildarúttekt á þjónustu VIRK — Starfsendurhæfingarsjóðs, var að kanna hvort þjónusta á vegum VIRK hafi á starfstíma sínum haft mælanleg áhrif á þróun og nýgengi örorku og örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins (TR).

Til að varpa ljósi á þetta er óhjákvæmilegt að kanna þróun örorku hjá TR og lífeyrissjóðum fyrir tilkomu starfsendurhæfingarsjóða og eftir. Við skoðun niðurstaðna verður að hafa í huga að margir aðrir þættir en starfsemi VIRK geta haft áhrif á þróun örorku, þ.e. bæði dregið úr og aukið örorku. Horft var á tímabilið 2000 fram til 2020.

Þar sem breytingar á þróun og nýgengi örorku geta eins og áður sagði orsakast af mörgum utanaðkomandi þáttum og aðstæðum er upplýsandi að greina einnig með tölulegum aðferðum afdrif þeirra sem þegið hafa þjónustu á vegum VIRK (hér eftir nefndir *þátttakendur*).

Með því að tengja upplýsingar frá lífeyrissjóðum við gögn frá VIRK gafst tækifæri til að fylgja afdrifum þátttakenda eftir að þjónustu lýkur. Þannig var mögulegt að afla nákvæmari upplýsinga um langtíma áhrif þjónustunnar á starfsgetu þátttakenda. Slík athugun hefur ekki verið gerð áður og veitir nýja innsýn varðandi árangur starfstengdrar endurhæfingar. Gert var reiknilíkan sem lýsir þjónustuferli þátttakenda og afdrifum þeirra eftir þjónustu hvað framfærslu varðar. Fyrir gerð líkansins var aflað upplýsinga frá VIRK um alla þá sem sótt hafa um milligöngu VIRK, og þau gögn síðan tengd við gögn sem aflað var frá lífeyrissjóðum.

Með líkaninu fæst mat á meðaltíma þátttakenda í þjónustu, og afdrif eftir þjónustu, skipt eftir meginframfærslu. Með tengingu við gögn lífeyrissjóða fást upplýsingar um atvinnutekjur þátttakenda og má þannig fá nákvæmara mat á starfstengdum árangri þjónustunnar.

Gagna var þannig aflað úr þremur áttum, frá Tryggingastofnun, öllum íslenskum lífeyrissjóðum og frá VIRK. Gætt var strangra persónuverndarsjónarmiða, öll einstaklingsbundin gögn voru dulkóðuð og sótt um leyfi fyrir vinnsluna hjá Persónuvernd. Persónuvernd úrskurðaði, eftir að hafa farið yfir lýsingu á dulkóðun og verkferlum, að verkefnið væri ekki leyfisskilyrt. Eftir að rannsókn og úrvinnslu gagna lýkur verður öllum einstaklingsbundnum gögnum eytt undir eftirliti fulltrúa þeirra sem veittu aðgang að gögnum.

Örorkuhugtakið

Rétt er að greina nokkru nánar hvað átt er við þegar talað er um örorku. Fyrst er að telja að örorkuhugtak TR og örorkuhugtak lífeyrissjóða eru ekki hin sömu.

Hjá TR er greint á milli *örorkulífeyris* sem oftast er talinn varanlegur og svo *endurhæfingarlífeyris* sem er tímabundinn og greiddur lengst í 18 mánuði í senn frá úrskurði og er tengdur áætlun um starfsendurhæfingu. Hjá lífeyrissjóðum er aftur á móti til bæði varanlegt örorkumat og tímabundið, og heimilt er að gera það að skilyrði fyrir greiðslu sjóðsins á örorkulífeyri að sjóðfélagi taki þátt í endurhæfingarferli. Hér verður fjallað í einu lagi um endurhæfingar- og örorkulífeyri, enda hafa áherslur hjá TR breyst á því tímabili sem til skoðunar er.

Hjá TR eru skilyrði þess að eiga rétt til örorku og endurhæfingarlífeyris eftirfarandi:

Um rétt til örorkulífeyris hjá TR fer eftir lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem eru metnir til að minnsta kosti 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. (18. gr). Skilyrði fyrir rétti til greiðslu eru búseta á Íslandi, að hafa náð 18 ára aldri og hafa ekki náð ellilífeyrisaldri. Fullur örorkulífeyrisréttur næst við 40 ára búsetutíma. Hafi einstaklingur átt búsetu á Íslandi í þrjú ár fyrir örorku, eða 6 mánuði hafi viðkomandi verið við fulla heilsu, telst einnig búsetutími sá tími sem eftir er frá orkutapi fram til ellilífeyrisaldurs. Í reglugerð um örorkumat (1999) er kveðið á um

að Tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem byggður er á læknisfræðilega viðurkenndum sjúkdómum eða fötlun.

Endurhæfingarlífeyrir TR er veittur eftir lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, sjá 7. gr. Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð greiðast aðeins þeim sem eiga lögheimili á Íslandi.

Um örorkulífeyri lífeyrissjóða er fjallað í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða. Segir þar í 15. gr. að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í að minnsta kosti tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði og heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans. Setja skal frekari ákvæði í samþykktir lífeyrissjóðs um örorkumat og útreikning hans. Réttindi til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum eru í hlutfalli við orkutap, og þarf einstaklingur því að vera metinn 100% öryrki til að eiga rétt til fulls örorkulífeyris á móti 75% hjá TR. Áunninn örorkulífeyrir er yfirleitt hinn sami og ellilífeyrisréttur og ræðst af innborguðum iðgjöldum. Uppfylli sjóðfélagi tiltekin skilyrði um greiðslu iðgjalds stofnast réttur vegna iðgjalda sem hefðu verið greidd ef ekki hefði komið til örorku. Segja má að almenn regla sé að lífeyrissjóðir nýti rétt samkvæmt því heimildarákvæði að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við það að sjóðfélagi fari í endurhæfingu ef trúnaðarlæknir telur að það myndi geta bætt heilsu sjóðfélagsins.

Vegna ákvæða um lágmarksgreiðslutíma getur sú staða komið upp að ungt fólk sem er nýlega byrjað að greiða til lífeyrissjóða eiga engan eða takmarkaðan rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum ef orkutap verður snemma á lífsleiðinni.

Hver lífeyrissjóður hefur sinn trúnaðarlækni sem sér um mat örorku. Ákvæði samþykkt sjóðanna um hvernig örorka skuli metin eru mismunandi og ekki eru tæmandi ákvæði um mat örorku í samþykktum heldur er matið falið trúnaðarlækni. Skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris er þó jafnan að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjumissi vegna orkutapsins. Örorkumat er stundum miðað við getu sjóðfélaga til að gegna því starfi sem veitti aðild að sjóðnum fyrstu tvö til þrjú ár eftir orkutap en síðan skal miða við getu til að sinna almennum störfum.

Samspil bóta frá TR og lífeyrissjóðum

Tryggingastofnun ríkisins skerðir greiðslur örorkulífeyris vegna tekna lífeyrisþega og einnig vegna örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum, þannig að stór hluti greiðslna skerðist nú um 45% af greiðslum frá lífeyrissjóðum. Greiðslur frá TR geta einnig skert greiðslur frá lífeyrissjóðum en þó ekki fyrr en samanlagðar greiðslur, frá TR, lífeyrissjóðum, ásamt öðrum tekjum, fara umfram þau laun sem sjóðfélagi hafði fyrir orkutap. Margir njóta greiðslna bæði frá TR og lífeyrissjóðum í einhverjum mæli. Árið 2014 fór TR að gera að skilyrði að umsækjendur um örorkulífeyri sæktu einnig um þann rétt sem þeir kynnu að eiga hjá lífeyrissjóðum. Þessi krafa mun ekki hafa náð til umsækjenda um endurhæfingarlífeyri. Gera má ráð fyrir að þetta skilyrði kunni að hafa aukið fjölda umsókna til lífeyrissjóða, þar sem þeir sem áttu lítinn rétt hjá lífeyrissjóðum kunna að hafa sleppt því að sækja um þar.

Hér verður greint frá athugunum á ofangreindum gögnum, fyrst frá TR, þá lífeyrissjóðum og loks frá VIRK.

Athugun á örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins

Skoðað var tímabilið 2000 til og með loka 2019. Tímabilinu var skipt í fjögur undirtímabil, sem eru 2000–2004, 2005–2009, 2010–2014 og loks 2015–2019. VIRK hóf starfsemi sína árið 2008 og lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða tóku gildi á árinu 2012. Því verður tímabilinu 2010–2014 sleppt úr umfjöllun hér á eftir þar sem það innifelur bæði ár fyrir og eftir að starfsemi VIRK hófst í núverandi mynd.

Ætla má að endurhæfingarúrræði geti haft áhrif á nýgengi örorku meðal þjóðarinnar og einnig endurhæfingu örorkulífeyrisþega. Sá fjöldi sem fær örorkulífeyri á hverjum tíma gefur ekki sömu vísbendingu um áhrif endurhæfingarúrræða því saga eldri tímabila hefur einnig áhrif þar.

Á því tímabili sem til skoðunar er hafa stjórnvöld aukið áherslu á endurhæfingu lífeyrisþega. Þetta hefur leitt til þess að fleirum er beint á endurhæfingarlífeyri nú en var í upphafi aldarinnar. Af þessum ástæðum var ákveðið að gera ekki greinarmun á örorku- og endurhæfingarlífeyri og skoða þann fjölda sem byrjar á örorku- eða endurhæfingarlífeyri og svo þann fjölda sem hættir á örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Athuguð er tíðni (e. *intensity*) nýgengis og endurhæfingar eftir aldri og kyni, það er fjöldi sem hlutfall af þeim fjölda sem átti rétt til örorku eða gat endurhæfst (er hvorki með örorkulífeyri né endurhæfingarlífeyri).

Þar sem þeir sem ekki eru búsettir á Íslandi þegar sótt er um örorkulífeyri eiga samkvæmt eðli málsins ekki kost á endurhæfingu á vegum VIRK var einungis litið á þá sem búsettir voru á Íslandi.

Gögn

Ekki var beðið um einstaklingsbundnar upplýsingar frá TR heldur aðeins um fjölda, aðgreint eftir fæðingarári og kyni og eftir búsetu á Íslandi eða erlendis. Var það gert annars vegar til að auðvelda afgreiðslu frá TR og hins vegar þar sem talið var að í öðrum rannsóknum væri að finna nægar upplýsingar um skörun bóta frá TR og lífeyrissjóðum og að fá mætti nægan stuðning við einstaklingsbundnar (en dulkóðaðar) upplýsingar frá VIRK með upplýsingum frá lífeyrissjóðum.

Upplýsingar um eftirtalin atriði fengust frá TR fyrir hvert almanaksár frá 2000 til 2020:

- Fjöldi í upphafi árs sem er með örorkumat (75%)
- Fjöldi í upphafi árs sem er með örorkumat (75%) og skert búsetuhlutfall
- Fjöldi sem bætist við sem fékk greiddan endurhæfingarlífeyri í upphafi ársins á undan
- Fjöldi sem bætist við sem hvorki var með örorkumat né á endurhæfingarlífeyri í upphafi ársins á undan
- Fjöldi þeirra sem látast í hópi öryrkja
- Fjöldi þeirra sem fellur af bótum af öðrum ástæðum
- Fjöldi í upphafi árs sem fær greiddan endurhæfingarlífeyri
- Fjöldi sem bætist við sem var hvorki á endurhæfingarlífeyri né með örorkumat í upphafi ársins á undan
- Fjöldi sem bætist við sem var með örorkumat í upphafi ársins á undan (ef einhverjir eru)
- Fjöldi þeirra sem látast í hópi endurhæfingarlífeyrisþega
- Fjöldi þeirra sem fellur af bótum af öðrum ástæðum

Til þess að ganga úr skugga um áreiðanleika gagnanna var innbyrðis samræmi þeirra staðfest með því að bera saman við eftirfarandi reiknireglu:

Er og var á ö/e á árinu $x+1$ = er og var á ö/e á árinu x + byrjaði á ö/e á árinu x (þ.e. byrjaður í upphafi árs) – dó á árinu x – hætti á ö/e á árinu x – fer af ö/e á á árinu x .

Einnig var örorku- og dánartíðni borin saman við reynslu lífeyrissjóða og þjóðarinnar allrar.

Loks var notast við gögn af heimasíðu Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á Íslandi 1. janúar ár hvert, sundurliðað eftir aldri og kyni.

Aðferð

Í tryggingafræðilegum líkönum er yfirleitt gert ráð fyrir að fjöldi örorkutilvika A_x á tilteknu aldursbili x lúti Poisson dreifingu með meðaltal $R_x\mu_x$ þar sem R_x er áhættutími, þ.e. fjöldi einstaklinga sem gæti fengið örorkulífeyri, vegið með því hve lengi þeir tilheyra þýðinu og μ_x er mælikvarði á hversu miklar líkur eru á að það gerist hjá þeim sem eru í þýðinu. Margfeldið $R_x\mu_x$ táknar þá væntan fjölda nýrra tilvika á aldursbilinu. Til dæmis ef örorka 45 ára gamalla karla á árinu 2015 er til skoðunar þá væri karlmaður sem fæddist 01.07.1969 og var ekki með örorkulífeyri á árinu 2015 með í áhættutíma frá 1.1.2015 til 1.7.2015 þegar hann verður 46 ára og myndi því telja 0,5 ár í áhættutíma. Ef hann hóf töku örorkulífeyris 1.3.2015 telst hann með í áhættutíma í tvo mánuði frá 1.1.2015 til 1.3.2015. Unnt er að sýna fram á að hálíknametill stikans μ_x , það er besta mat stikans fengið með hálíkinda aðferð, er

$$\widehat{\mu}_x = \frac{A_x}{R_x}$$


Endurhæfingartíðni má skilgreina með sama hætti.

Til þess að nálgast áhættutímann var, fyrir hvern aldur, hvort kyn og hvert almanaksár, tekið meðaltal af fjölda í upphafi og lok árs, annars vegar fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hins vegar fyrir þjóðina alla. Áhættutími virkra sjóðfélaga var svo metinn sem mismunur á áhættutíma þjóðarinnar og áhættutíma örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Með sama hætti er reiknað ef skoðuð eru til dæmis fimm ára aldursbil.

Nýgengi


Nýgengi örorku, eða örorkutíðni, var reiknuð fyrir tímabilin 2000–2004, 2005–2009 og 2015–2019. Tímabilinu 2010–2014 var sleppt, sbr. umfjöllun hér að framan. Tíðnin var reiknuð annars vegar fyrir eins árs aldursbil og hins vegar fyrir 5 ára aldursbil. Við samanburð er svo einkum litið til annars vegar tímabilsins 2000–2004 og svo 2015–2019 þar sem á tímabilinu 2005–2009 ríkti mjög óvenjulegt ástand í efnahagsmálum, sem getur haft áhrif á nýgengi örorku.

Nýgengi örorku, karlar



Mynd 2.1. Örorkutíðni karla hjá TR eftir aldri, reynsla þriggja tímabila.

Mynd 2.1 sýnir örorkutíðni karla á hverju aldursári miðað við reynslu 5 ára tímabila. Almennt má ætla að örorkutíðni fari hækkandi eftir aldri og er það meðal annars reynsla íslenskra lífeyrissjóða að svo sé. Athygli vekur að svo virðist sem þetta eigi ekki við um örorkutíðni karla undir 50 ára aldri á tímabilinu 2015 til 2019. Einnig má sjá að þróun er mismunandi fyrir mismunandi aldurs-
hópa, hjá þeim eldri fer tíðnin lækkandi en hjá þeim yngri hækkar hún.



Mynd 2.2. Örorkutíðni karla hjá TR eftir 5 ára aldursbilum, reynsla 2000–2004 og 2015–2019.

Á mynd 2.2 er örorkutíðni karla sýnd fyrir 5 ára aldursbil byggt á reynslu 2000–2004 og 2015–2019. Hér sést greinilega að örorkutíðni hefur lækkað hjá körlum yfir 40 ára aldri en hækkað hjá körlum undir 40 ára aldri. Á seinna tímabilinu er tíðnin nánast óbreytt upp að 50 ára aldri.


Tafla 2.1 sýnir áhættutíma, fjölda örorkutilvika og tíðni karla fyrir tímabilin tvö. Einnig sýnir hún þann fjölda örorkutilvika sem hefði mátt vænta á tímabilinu 2015 til 2019 ef örorkutíðnin hefði haldist óbreytt frá tímabilinu 2000 til 2004.

Tafla 2.1. Áhættutími, fjöldi örorkutilvika og örorkutíðni karla, fyrir tvö tímabil.

Karlar	2000–2004			2015–2019			
Aldursbil	Lífuð ár	Fjöldi	Tíðni	Lífuð ár	Fjöldi	Tíðni	Væntur fjöldi skv. tíðni 2000–04
19 -	75456,5	308	0,004082	86896,5	590	0,00679	355
26 -	51913,5	221	0,004257	67469,5	455	0,006744	287
31 -	49649	259	0,005217	61160,5	399	0,006524	319
36 -	51391,5	327	0,006363	58449,5	407	0,006963	372
41 -	50930	412	0,00809	54307	377	0,006942	439
46 -	46261,5	436	0,009425	50622,5	341	0,006736	477
51 -	39982	406	0,010155	49874,5	436	0,008742	506
56 -	30840	480	0,015564	47376,5	590	0,012453	737
61 -	25398	582	0,022915	47029	736	0,01565	1.078
Alls	421.822,0	3431		523.185,5	4.331		4.570


Í töflu 2.1 má sjá að á heildina lítið voru ný örorkutilvik lítið eitt færri á tímabilinu 2015–2019 en hefðu orðið miðað við óbreytta örorkutíðni. En eins og komið hefur fram er fjölgun meðal yngri öryrkja og aftur fækkun í hópi hinna eldri.

Nýgengi örorku, konur



Mynd 2.3. Örorkutíðni kvenna hjá TR eftir aldri, reynsla þriggja tímabila.

Mynd 2.3 sýnir örorkutíðni meðal kvenna fyrir þrjú 5 ára tímabil eftir aldri. Örorkutíðni kvenna er hærrí en hjá körlum. Þróun tíðninnar milli tímabila er svipuð og hjá körlum, þ.e. hún hækkar hjá þeim sem yngri eru en lækkar meðal eldri kvenna.



Mynd 2.4. Örorkutíðni kvenna hjá TR eftir 5 ára aldursbilum, reynsla 2000–2004 og 2015–2019.

Mynd 2.4 sýnir örorkutíðni kvenna fyrir 5 ára aldursbil og tvö tímabil 2000–2004 og 2015–2019. Hér sést aftur greinilega að örorkutíðni hefur lækkað hjá konum eldri en 50 ára en hækkað hjá konum undir þeim aldri. Einnig er áberandi að ekki er unnt að greina mikinn mun á örorkutíðni eftir aldri fram undir 50 ára aldur.

Tafla 2.2 sýnir áhættutíma, fjölda örorkutilvika og tíðni kvenna fyrir tímabilin tvö. Einnig sýnir hún þann fjölda örorkutilvika sem hefði mátt vænta á tímabilinu 2015 til 2019 ef örorkutíðnin hefði haldist óbreytt frá tímabilinu 2000 til 2004.

Tafla 2.2. Áhættutími, fjöldi örorkutilvika og tíðni karla, fyrir tvö tímabil.


Aldursbil	2000–2004			2015–2019			Væntur fjöldi skv. tíðni 2000–04
	Lifuð ár	Fjöldi	Tíðni	Lifuð ár	Fjöldi	Tíðni	
19 -	73721,5	460	0,00624	82517	939	0,011379	515
26 -	50252	396	0,00788	60273	734	0,012178	475
31 -	47995,5	490	0,010209	53808	736	0,013678	549
36 -	50391	519	0,010299	52036,5	722	0,013875	536
41 -	48361,5	551	0,011393	48397,5	657	0,013575	551
46 -	43186	528	0,012226	46279,5	625	0,013505	566
51 -	36471	651	0,01785	46916	753	0,01605	837
56 -	28063	680	0,024231	42939,5	799	0,018608	1.040
61 -	23236	876	0,0377	41262,5	948	0,022975	1.556
Alls	401.678	5.151		474.430	6.913		6.625

Í töflu 2.2 má sjá að á heildina litið voru ný örorkutilvik lítið eitt fleiri á tímabilinu 2015 til 2019 en hefðu orðið miðað við óbreytta örorkutíðni. Eins og hjá körlum hefur tilvikum fækkað í eldri árgöngum miðað við þá tíðni sem metin er eftir reynslu 2000–2004 en fjölgað í þeim yngri, og þá sérstaklega mikið í yngstu aldurshópunum.

Endurhæfing


Næst verður litið til endurhæfingartíðni og sömu tímabil notuð og áður, það er annars vegar 2000–2004 og svo 2015–2019.

Endurhæfing, karlar



Mynd 2.5. Endurhæfingartíðni karla eftir aldri, reynsla þriggja tímabila.

Mynd 2.5 sýnir endurhæfingartíðni karla eftir aldri fyrir tímabilin 2000–2004, 2005–2009 og 2015–2019. Hér má sjá að endurhæfingartíðni fer lækkandi með hækkandi aldri og hefur hækkað milli tímabila.



Mynd 2.6. Endurhæfingartíðni karla hjá TR eftir 5 ára aldursbilum, reynsla 2000–2004 og 2015–2019.

Á mynd 2.6 er sýnd endurhæfingartíðni karla fyrir 5 ára aldursbil og tvö tímabil, þ.e. 2000–2004 og 2015–2019. Einnig er sýnd til samanburðar endurhæfingartíðni fyrir örorkulífeyrisþega hjá lífeyrissjóðum sem byggist á reynslu árunna 2011 til 2016. Sjá má að endurhæfingartíðni hjá TR 2000–2004 er áþekk reynslu lífeyrissjóða tímabilið 2011–2016 en er síðan merkjanlega hærri seinna tímabilið, einkum í yngri aldursflokkum.


Tafla 2.3 sýnir áhættutíma karlkyns örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, fjölda þeirra sem hafa endurhæfst og tíðni fyrir tímabilin tvö. Einnig sýnir hún þann fjölda sem hefði endurhæfst á tímabilinu 2015 til 2019 ef tíðnin hefði haldist óbreytt frá tímabilinu 2000 til 2004.

Tafla 2.3. Áhættutími, fjöldi endurhæfinga og endurhæfingartíðni karla, fyrir tvö tímabil.

Aldursbil	2000–2004			2015–2019			
	Lifuð ár	Fjöldi	Tíðni	Lifuð ár	Fjöldi	Tíðni	Væntur fjöldi skv. tíðni 2000–04
19 -	1.649	152	0,092177	3.377	346	0,102473	311
26 -	1.357	85	0,062638	2.904	295	0,101602	182
31 -	1.621	91	0,056156	2.985	230	0,077052	168
36 -	2.214	106	0,047877	3.291	218	0,066251	158
41 -	2.763	85	0,030769	3.408	166	0,048709	105
46 -	2.974	90	0,030267	3.735	121	0,032396	113
51 -	2.982	67	0,022472	4.951	151	0,030499	111
56 -	3.228	73	0,022615	6.109	136	0,022264	138
61 -	3.314	49	0,014786	7.023	130	0,018512	104
Alls	22.100	798		37.781	1.793		1.390


Mun fleiri karlar hafa endurhæfst á árunum 2015–2019 en ef endurhæfingartíðni hefði verið óbreytt frá fyrra tímabilinu. Mestar breytingar eru hjá þeim sem eru 50 ára og yngri.

Endurhæfing, konur



Mynd 2.7. Endurhæfingartíðni kvenna eftir aldri, reynsla þriggja tímabila.

Mynd 2.7 sýnir endurhæfingartíðni kvenna eftir aldri fyrir tímabilin 2000–2004, 2005–2009 og 2015–2019. Eins og hjá körlum lækkar tíðnin með aldri og hækkar milli tímabila. Athygli vekur að endurhæfingartíðni ungna kvenna er mun hærri en hjá ungum körlum.



Mynd 2.8. Endurhæfingartíðni kvenna hjá TR eftir 5 ára aldursbilum, reynsla 2000–2004 og 2015–2019.

Mynd 2.8 sýnir endurhæfingartíðni kvenna fyrir fimm ára aldursbil og tvö tímabil, 2000–2004 og 2015–2019. Einnig er sýnd endurhæfingartíðni fyrir örorkulífeyrisþega hjá lífeyrissjóðum sem

byggist á reynslu árána 2011–2016. Niðurstaðan er svipuð og hjá körlum, fyrra tímabilið er endurhæfingartíðni svipuð og reynsla lífeyrissjóða 2011 til 2016 en endurhæfingartíðni er hærri síðara tímabilið, einkum hjá yngsta aldurshópnum.

Tafla 2.4 sýnir áhættutíma kvenkyns örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, fjölda þeirra sem hafa endurhæfst og tíðni fyrir tímabilin tvö. Einnig sýnir hún þann fjölda sem hefði endurhæfst á tímabilinu 2015 til 2019 ef tíðnin hefði haldist óbreytt frá tímabilinu 2000 til 2004.

Tafla 2.4. Áhættutími, fjöldi endurhæfinga og endurhæfingartíðni kvenna, fyrir tvö tímabil.

Aldursbil	2000–2004			2015–2019			
	Lífuð ár	Fjöldi	Tíðni	Lífuð ár	Fjöldi	Tíðni	Væntur fjöldi skv. tíðni 2000–04
19 -	1.621	174	0,107341	2.823	534	0,18916	303
26 -	1.802	103	0,057159	3.217	390	0,12125	184
31 -	2.395	145	0,060555	4.500	323	0,071778	272
36 -	3.588	106	0,029547	5.533	305	0,055124	163
41 -	4.244	118	0,027804	6.121	248	0,040516	170
46 -	4.324	95	0,02197	6.609	218	0,032988	145
51 -	4.592	91	0,019819	8.464	206	0,024338	168
56 -	5.088	70	0,013759	9.965	158	0,015856	137
61 -	5.740	63	0,010976	11.032	102	0,009246	121
Alls	33.392	965		58.263	2.484		1.663

Eins og hjá körlum hafa mun fleiri konur endurhæfst á árunum 2015–2019 en vænta mátti skv. reynslunni frá 2000 til 2004.

Niðurstaða

Að öllu samanlögðu má segja að hjá eldra fólki hafi örorkutíðni hjá TR lækkað og endurhæfingartíðni hækkað lítillega, það er að segja að um jákvæðar breytingar er að ræða, nýgengi örorku minnkar og endurhæfing eykst.

Hjá yngra fólki hefur örorkutíðni hins vegar hækkað og endurhæfingartíðni hækkað verulega. Ekki er mikill munur á fjölda nýrra örorkutilvika á tímabilinu 2015–2019 frá því sem verið hefði ef tíðni hefði haldist óbreytt frá 2000–2004, en tilvikin eru í öðrum aldurshópum. Töluverð aukning hefur hins vegar orðið í endurhæfingum.

Spyrja má hver heildaráhrifin verði á útgjöld ríkissjóðs til örorku, eða það sem nefnt er örorku-byrði. Ef gert er ráð fyrir að allir örorkulífeyrisþegar fái sama lífeyri (í reynd skerðist lífeyrir vegna atvinnutekna, fjármagnstekna og greiðslna frá lífeyrissjóðum) má reikna út verðmæti örorku- og endurhæfingarlífeyris fyrir nýjan lífeyrisþega á mismunandi aldri miðað við reynslu af endurhæfingu á mismunandi tímabilum. Við mat á verðmæti örorkulífeyrisgreiðslna þarf einnig að gefa sér forsendu um dánartíðni og afvöxtun (e. *discounting*) en hér verður miðað við dánartíðni öryrkja hjá lífeyrissjóðum á árunum 2014–2018 og 2% raunvexti.

Tafla 2.5. Núvirði örorkulífeyris við upphaf orkutaps.
Núvirði, 2% vextir og endurhæfing skv. gögnum frá TR.

Aldur	2000–2004		2015–2019	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
22	11,252360	11,86167	8,87666	7,21848
28	12,614102	14,08629	10,03379	10,64468
33	13,080464	15,02509	11,14482	12,64553
38	13,279185	15,26936	11,79720	13,31525
43	12,690609	14,17569	11,90304	13,11180
48	11,340607	12,55509	10,98472	12,04697
53	9,445759	10,30890	9,25830	10,17067
58	6,888174	7,37332	6,83817	7,37099
63,5	3,130397	3,21557	3,10574	3,22971

Tafla 2.5 sýnir verðmæti einnar krónu árlegs lífeyris fyrir mismunandi aldur og miðað við endurhæfingartíðni áráanna 2000–2004 og 2015–2019.

Miðað við gefna aldursdreifingu má finna örorkubyrði vegna nýrra öryrkja með því að margfalda fjölda einstaklinga í hverjum flokki með örorkutíðni og verðmæti örorkulífeyris skv. töflu 2.5 hér að ofan. Ef miðað er við aldursdreifingu áráanna 2015–2019 en aldursbundna örorkutíðni annars vegar miðað við reynslu 2000–2004 og hins vegar 2015–2019 fæst eftirfarandi, sjá töflu 2.6.

Tafla 2.6. Örorkubyrði tveggja tímabila 2000–2004 og 2015–2019.

	2000–2004			2015–2019		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Örorkubyrði	40.948,6	65.462,9	106.411,6	37.641,1	66.265,6	103.906,6
Breyting milli tímabila				-8,1%	1,2%	-2,4%

Þetta bendir til þess að á heildina litið sé breyting á örorkubyrði TR vegna breytinga á örorku- og endurhæfingartíðni óveruleg frá aldamótum. Aftur á móti hefur öldrun þjóðarinnar væntanlega leitt til hærri örorkubyrði þar sem örorkutíðni fer hækkandi með aldri.

Þótt ekki séu miklar breytingar á örorkubyrði hafa orðið athyglisverðar breytingar á bæði örorkutíðni og endurhæfingartíðni. Endurhæfingartíðni hefur aukist umtalsvert einkum hjá yngra fólki, og ein hugsanleg skýring þessa er starfsemi VIRK endurhæfingarsjóðs þótt að af þessum tölum einum sé ekki hægt að fullyrða að það sé eina skýringin.

Önnur athyglisverð breyting er hin mikla aukning örorku meðal ungs fólks, og að ekki verður greindur munur eftir aldri á örorkutíðni fyrr en kemur fram yfir 50 ára aldur. Ýmsar skýringar eru hugsanlegar þar á og væri ástæða til að reyna að greina þetta nánar, en það tengist ekki endilega því verkefni sem hér er fjallað um.

Loks má benda á hversu miklu hærri endurhæfingartíðni er meðal ungra kvenna en karla. Hugsanlega er þetta vísbending um skort á heppilegum endurhæfingarúrræðum fyrir karla, en

fleiri skýringar koma til greina svo sem sú að örorkutíðni ungra kvenna er mun hærri en ungra karla og hugsanlega eru þá einhver tilvik að sama skapi betur fallin til endurhæfingar.

Athugun á örorku hjá lífeyrissjóðum


Gagna var aflað frá öllum lífeyrissjóðum, um iðgjaldagreiðslur ár fyrir ár fyrir alla sjóðfélaga sem fæddir voru árin 1917–2005 og einnig var aflað upplýsinga um örorkutilvik, endurhæfingu og andlát árin 2000–2020. Upplýsingar voru dulkóðaðar og aðeins upplýst um fæðingarár viðkomandi einstaklinga þannig að ekki yrði unnt að rekja með öðrum upplýsingum hvaða einstaklinga var um að ræða.

Markmið með öflun gagna frá lífeyrissjóðum er tvíþætt, annars vegar að varpa ljósi á þróun nýgengis örorku, endurhæfingu og örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir og eftir að starfsemi VIRK hófst og hins vegar að nýta gögnin til samkeyrslu við gögn frá VIRK þannig að unnt yrði að fylgja eftir atvinnuþátttöku þeirra einstaklinga sem komið hafa í þjónustu á vegum VIRK.

Líkon fyrir örorku hjá lífeyrissjóðum

Staðalforsendur tryggingafræðilegra athugana á Íslandi hvað örorkulíkur varðar eru gefnar með reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), byggt á reynslu íslenskra lífeyrissjóða. Líkanið var unnið fyrir FÍT af TBG ehf, byggt á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2011–2016.

Notast er við Markov-líkan til að greina gögnin með tilliti til þrenns konar stöðu, þ.e. fyrir virka sjóðfélaga (H), öryrkja (Ö) og látna (D). Í athuguninni hér verður bæði örorku- og endurhæfingartíðni í slíku líkani skoðuð, byggt á reynslu nokkurra mismunandi tímabila, sjá mynd 2.9.



Mynd 2.9. Líkan fyrir örorku hjá lífeyrissjóðum.

Formlega má lýsa líkani af þessu tagi með slembiferli $Y(x)$, $x \geq 0$ þar sem x er aldur í árum og $Y(x)$ getur tekið gildin $\{H, Ö, D\}$. Líkanið er gert aðgreint fyrir karla og konur þar sem verulegur munur er á nýgengi og endurhæfingartíðni karla og kvenna. Reynslan sýnir svo einnig að nýgengi, endurhæfing og dauðsföll eru háð aldri.

Eins og fyrir gögn Tryggingastofnunar er hér skoðað tímabilið 2000–2020, og því skipt í undirtímabilin 2000–2004, 2005–2009, 2010–2014 og loks 2015–2019. Byrjað er á því að finna mat stikanna í líkaninu fyrir hvert aldursár og hvort kyn, byggt á reynslu lífeyrissjóðanna það tímabil sem til skoðunar er.

Hálíkindamat stikanna er fundið með sama hætti og við skoðun gagna TR, sem fjöldi örorku eða endurhæfingartilvika deilt með viðeigandi áhættutíma.

Gögn

Upplýsingar fengust úr upplýsingakerfum lífeyrissjóða um alla sjóðfélaga sem fæddir voru árin 1917 til 2005. Þrír aðilar, INIT, Fuglar og Lífeyrissjóður verzlunarmanna skiluðu skráum um sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyristýringar til TBG ehf. Fyrir hvern einstakling fengust upplýsingar um kyn, fæðingarár, dánarár og búsetuland. Upplýsingar um greidd iðgjöld og réttindaöflun hvers sjóðfélaga fengust eftir árum, sjóðum og sjóðsdeildum. Loks voru afhentar ítarlegar upplýsingar um lífeyristýringar vegna örorku- og ellilífeyris, meðal annars dagsetningar orkutaps, upphafsmánaðar stýringar og lokamánaðar stýringar, hlutfall orkutaps, fjárhæð lífeyris og hvenær sótt var um lífeyri eða fyrst greitt vegna stýringar. Kennitölur voru dulkóðaðar í gögnunum, samanber lýsingu hér að framan.

Til að leggja mat á trúverðugleika gagna var fjöldi sjóðfélaga talinn í hverri skrá fyrir sig og einnig kannað hvernig skrárnar sköruðust. Í skránni hjá Kríu komu sumar kennitölur fyrir oftar en einu sinni. Til að finna réttan heildarfjölda þarf því einnig að vita hve margir voru taldir tvisvar hjá Kríu en komu ekki fyrir í öðrum skráum. Niðurstaðan var eftirfarandi, eins og tafla 2.7 sýnir.

Tafla 2.7. Fjöldi færslna í skráum.


Skrá	Fjöldi
INIT	408.527
Líve	183.314
Kríá	356.775
INIT og Líve	165.380
INIT og Kría	333.295
Líve og Kría	211.058
Í öllum þremur skráum	204.360
Tvisvar hjá Kríu, ekki annars staðar	1.971
Heildarfjöldi einstaklinga	441.272

Útreikningur á áhættutíma og talning örorkutilvika

Fyrir lágu upplýsingar um fæðingarár og dánarár ásamt upplýsingum um mánuð og ár orkutaps og upphafs ellilífeyristöku þar sem því var að skipta. Gert var ráð fyrir að afmæli og dauðsföll ættu sér stað á miðju ári að jafnaði. Til þess að einstaklingur teldist með í áhættutíma virkra sjóðfélaga var enn fremur sett sem skilyrði að sjóðfélagi hefði greitt iðgjald til lífeyrissjóða í tvö ár af síðustu fjórum fyrir orkutap til að tryggja að viðkomandi ætti rétt á lífeyri ef hann yrði fyrir orkutapi í mánuðinum.


Í útreikningi á áhættutíma (sjá umfjöllun um hugtakið *áhættutími* í kafla um athugun gagna TR hér á undan) öryrkja var gert ráð fyrir að örorkutímabil vari frá upphafi orkutapsmánaðar til loka

síðasta mánaðar orkutaps. Allir einstaklingar sem voru með örorkulífeyri hjá að minnsta kosti einum lífeyrissjóði voru taldir öryrkjar þó þeir væru ekki með örorkulífeyri hjá öllum lífeyrissjóðum sem þeir áttu aðild að. Þar sem örorkulífeyrir lífeyrissjóða greiðist eingöngu ef orkutap varir lengur en 6 mánuði voru öryrkjar ekki taldir með í endurhæfingar- og dánaráhættu fyrir en 6 mánuðum eftir orkutap. Þeir sem deyja eða endurhæfast fyrir þann tíma ættu ekki rétt til örorkulífeyris.




Mynd 2.10. Áhættutími virkra sjóðfélaga. Karlar 18–64 ára.

Línuritið á mynd 2.10 sýnir áhættutíma fyrir virka karlkyns sjóðfélaga á aldrinum 18–64 ára. Karl-mönnum fjölga hratt í mannfjölda á árunum 2005–2008 og gætir þess í áhættutíma. Sams konar þróun má sjá á árunum 2017–2019.



Mynd 2.11. Áhættutími virkra sjóðfélaga. Konur 18–64 ára.

Áhættutími kvenna vex nokkurn veginn í samræmi við fjölgun kvenna í mannfjölda. Undantekning er þó árið 2020 en lítinn vöxt áhættutíma það ár má e.t.v rekja til áhrifa Covid-19. Sjá mynd 2.11.



Mynd 2.12. Áhættutími öryrkja.

Línuritið á mynd 2.12 sýnir fjölda öryrkja í áhættutíma þar sem einungis eru taldir þeir sem uppfylltu skilyrðið um að hafa greitt iðgjald í tvö ár af síðustu fjórum fyrir orkutap. Á tímabilinu hefur öryrkjum meðal kvenna fjölgað mun hraðar en meðal karla. Ætla má að fjöldi síðustu tvö ár sé vanmetinn þar sem enn mun nokkur fjöldi sem hefur orðið fyrir orkutapi á árunum 2019 og 2020 eiga eftir að sækja um lífeyri, sjá næstu grein.

Örorkutilvik

Til að leggja mat á fjölda ótilkynntra örorkutilvika var reynsla árána 2014 til 2019 notuð. Örorkutilvik voru talin eftir ársfjórðungi orkutaps og ársfjórðungi fyrstu greiðslu. Gert var ráð fyrir að öryrkjum ætti eftir að fjölga á hverjum ársfjórðungi um sama hlutfall og meðalfjölgun fyrir þá ársfjórðunga orkutaps þar sem tölur lágu fyrir. Niðurstöðum er lýst í töflu 2.8.


Tafla 2.8. Fjöldi örorkutilvika og spá um heildarfjölda.

Ár	Ný örorkutilvik skv. skrá	Spá um heildarfjölda	Fjölgun skv. spá
2015	1.244	1.258	1,1%
2016	1.294	1.341	3,6%
2017	1.336	1.424	6,6%
2018	1.248	1.400	12,1%
2019	1.098	1.371	24,9%
Alls	6.220	6.794	9,2%

Nýgengi örorku lífeyrissjóða

Þegar aldursbundið mat örorkutíðni hefur verið reiknað fyrir hvert aldursár er fundinn ferill sem nota má til að lýsa niðurstöðu allra aldursára. Er það gert til að draga úr þeim sveiflum sem óhjákvæmilega koma fram í mati fyrir einstök aldursár þegar gagnasafn er ekki stærra en það sem hér er unnið með. Þessi aðgerð er kölluð *útgjöfnun* og er nánari lýsingu hennar að finna í Viðauka 2a.


Nýgengi, karlar



Mynd 2.13. Örorkutíðni karla hjá lífeyrissjóðum fyrir mismunandi tímabil.

Línuritið á mynd 2.13 sýnir örorkutíðni karla fyrir nokkur mismunandi tímabil. Hér má sjá að örorkutíðni síðasta tímabilsins er nú lægri en á tímabilinu 2000–2004 fyrir alla aldurshópa.


Nýgengi, konur



Mynd 2.14. Örorutíðni kvenna hjá lífeyrissjóðum fyrir mismunandi tímabil.

Á mynd 2.14 birtist nokkuð önnur mynd en fyrir karla; frá fyrsta tímabili til hins síðasta hefur örorutíðni kvenna eldri en 55 ára lækkað en hækkað eitthvað hjá yngri konum.


Endurhæfingartíðni



Mynd 2.15. Endurhæfingartíðni karlkyns öryrkja fyrir mismunandi tímabil.

Línuritið á mynd 2.15 sýnir endurhæfingartíðni karlkyns öryrkja fyrir mismunandi tímabil. Endurhæfingartíðni virðist nokkuð hærri á tímabilinu 2015–2019 en fyrri tímabil, að minnsta kosti fyrir karla yngri en 55 ára.

Línuritið á mynd 2.16 sýnir endurhæfingartíðni kvenkyns öryrkja fyrir mismunandi tímabil. Endurhæfingartíðni hefur aukist verulega hjá yngri konum



Mynd 2.16. Endurhæfingartíðni kvenkyns öryrkja fyrir mismunandi tímabil.

Niðurstaða

Nýgengi örorku eða örorkutíðni hjá lífeyrissjóðum hefur lækkað á því tímabili sem til skoðunar er og tíðni endurhæfingar hefur aukist. Hjá konum hefur örorkutíðni yngri kvenna aftur á móti aukist, og endurhæfingartíðni einnig, og er um umtalsverða aukningu að ræða hjá yngri konum. Eins og fyrir TR verður hér reiknað mat á örorkubyrði.

Tafla 2.9 sýnir verðmæti einnar krónu árlegs lífeyris við upphaf orkutaps, fyrir mismunandi aldur og miðað við endurhæfingartíðni árána 2000–2004 og 2015–2019 og 3,5% ávöxtun eins og venja er til við mat skuldbindinga lífeyrissjóða. Dánarlíkur eru samkvæmt reynslu lífeyrissjóða 2014–2018.

Tafla 2.9. Verðmæti einnar krónu árlegs lífeyris.

Aldur	2000–2004		2015–2019	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
22	9,04	15,47	7,15	9,15
28	11,65	15,46	8,72	10,84
33	12,76	15,16	9,93	11,97
38	12,82	14,54	10,78	12,58
43	12,08	13,51	11,01	12,46
48	10,79	12,00	10,46	11,52
53	9,04	9,92	9,04	9,72
58	6,72	7,16	6,73	7,08
63	3,50	3,59	3,48	3,57

Miðað við gefna aldursdreifingu má finna örorkubyrði vegna nýrra öryrkja með því að margfalda fjölda einstaklinga í hverjum flokki með örorkutíðni og verðmæti örorkulífeyris skv. töflu 2.9 hér að ofan. Ef miðað er við aldursdreifingu árána 2015–2019, en aldursbundna örorkutíðni, annars vegar miðað við reynslu 2000–2004 og svo 2015–2019, fæst eftirfarandi eins og tafla 2.10 sýnir:

Tafla 2.10. Örorkubyrði.

	2000–2004			2015–2019		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Örorkubyrði	22.699	30.222	52.920	15.598	30.090	45.688
Breyting milli tímabila				-31,2%	-0,4%	-13,7%

Aðferðin miðar við að réttindi allra séu jöfn, en gefur þó raunhæfa mynd af áhrifum breytinga á nýgengi og endurhæfingu einum og sér.

Á tímabilinu hefur örorkubyrði vegna karla minnkað verulega en örorkubyrði vegna kvenna haldist nokkurn veginn óbreytt. Nýgengi örorku kvenna fram undir 50 ára aldur hefur hækkað nokkuð, en endurhæfingartíðni aukist verulega, einkum með yngstu aldurshópa, og samkvæmt þessu hefur aukin endurhæfing náð að eyða áhrifum aukins nýgengis.

Þegar litið er á alla sjóðfélaga hefur örorkubyrði lífeyrissjóðanna minnkað nokkuð.

Við samanburð á niðurstöðum TR og lífeyrissjóða vekur athygli að hin mikla aukning nýgengis meðal yngra fólks er ekki sjáanleg í sama mæli hjá lífeyrissjóðum og TR. Hjá TR vakti athygli að ekki var merkjanlegur munur á nýgengi örorku eftir aldiri upp undir 50 ára aldur, en þessa gætir ekki hjá lífeyrissjóðum. Því má hugsa sér að hin mikla aukning hjá TR komi úr hópi fólks sem ekki á rétt til verulegra réttinda hjá lífeyrissjóðum.

Gögn frá VIRK með samkeyrslu við gögn lífeyrissjóða

Gögn

Frá VIRK fengust upplýsingar um alla þá sem leitað höfðu til VIRK til loka árs 2020. Upplýst var um dulkóðaða kennitölu, aldur, kyn, skráningardag beiðna, afdrif beiðna, þ.e. hvort viðkomandi væri enn í þjónustu, hefði lokið þjónustu, hafið þjónustu og hætt án þess að ljúka þjónustu eða ekki komið í þjónustu. Fyrir þá sem hófu þjónustu var skráð dagsetning upphafs þjónustu, dagsetningu þegar þátttöku er hætt án þess að þjónustu ljúki. Eða dagsetning loka þjónustu. Fyrir hluta beiðna um þjónustu voru eftirfarandi atriði skráð: Menntun, hvort rekja mætti veikindi til geðsjúkdóma, stoðkerfis eða annarra orsaka, framfærslu í upphafi og framfærslu í lok. Best var skráning þessara atriða fyrir þær beiðnir þar sem þjónustuferli var lokið.

Frá því að VIRK hóf starfsemi sína til og með ársins 2020 var alls 26.151 færsla í gagnaskrá VIRK og 20.501 kennitala. Af þessum 20.501 einstaklingum eru 534 enn í þjónustu. Af 26.151 færslu eru 6.669 einstaklingar sem komu ekki í þjónustu. Ekki var byrjað að skrá þau sem ekki komu í þjónustu fyrr en 2013 og er 2014 fyrsta heila árið sem það er skráð. Frá árunum 2014–2020 eru 19.921 færslur, þar af eru 6.350 sem ekki komu í þjónustu eða um 32%. Algengustu ástæður þess að einstaklingar hófu ekki þjónustu voru að starfsendurhæfing var ekki talin raunhæf, ekki talin tímabær, ekki talin líkleg til árangurs, að einstaklingur hefði ekki getu á þeim tímapunkti sem sótt var um eða að einstaklingur byggði ekki við heilsubrest, eða u.þ.b. 63% af uppgefnum ástæðum. Alls afþökkuðu 15% umsækjenda þjónustuna, sinnti ekki boðun eða stefndi ekki á vinnumarkað og í 11% tilvika var ástæða óþekkt.²²

Allir nema 125 einstaklingar höfðu einnig greitt til lífeyrissjóða en sama dulkóðun var á kennitölum í gögnum frá VIRK og gögnum frá lífeyrissjóðum þannig að unnt var að samkeyra gögnin. Fyrir þá einstaklinga sem voru með fleiri en eina færslu var yfirleitt aðeins ein færsla þar sem afdrif beiðna var annað en „Kom ekki í þjónustu“.

Af þeim 20.501 einstaklingi sem leitað hefur til VIRK eru 16.476 sem eru með skráða framfærslu í lok þjónustu eða skráð afdrif „Lauk ekki þjónustu“, og eru því væntanlega 4.025 sem ekki hafa byrjað þjónustu eða eru enn í þjónustu.

Af þeim 16.476 sem eru með skráð afdrif, eru 3.372 sem fá greiddan örorkulífeyri við útskrift, eða rúm 20% þeirra sem komu í þjónustu.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda beiðna þar sem eyður voru í skráningu tiltekinna upplýsinga.

Tafla 2.11. Fjöldi beiðna þar sem skráningu vantaði á framfærslu, menntun eða sjúkdómsgreiningu.

	Meginfram- færsla, upphaf	Meginfram- færsla, lok	Menntun	Sjúkdóms- greining	Heildar- fjöldi
Í þjónustu	12	534	0	307	534
Kom ekki í þjón.	6.669	6.669	4.120	6.669	6.669
Lauk ekki þjón.	851	5.547	1.642	2.281	5.547
Lauk þjónustu	369	50	2.724	4.902	13.400
Samtals					26.150


²² Heimild: Gagnaskrár VIRK.

Mikilvægt er að hugað sé þegar í upphafi að skráningu atriða sem ætla má að geti komið að gagni við aðlögun þjónustu að þörfum umsækjenda. Þær eyður sem lesa má út úr töflu 2.11 hér að ofan gera það að verkum að torvelt er að greina niðurstöður eftir menntun eða sjúkdómsgreiningu.

Við vinnu þessarar úttektar kom í ljós að gagnagrunnur VIRK er ekki vel sniðinn að því verkefni að draga út upplýsingar um einstaklinga eftir ólíkum bakgrunnsbreytum, t.d. þegar draga átti úrtak vegna úrtaksrannsóknar eða fá gögn vegna samkeyrslu við aðra gagnagrunna.

Markov-líkan fyrir þá sem hefja þjónustu á vegum VIRK

Til þess að lýsa ferli þeirra sem hefja þjónustu á vegum VIRK var smíðað Markov-líkan líkt því sem notað er fyrir mat á skuldbindingum lífeyrissjóða. Líkanið er sýnt á mynd 2.17. Líkanið snýr að afdrifum hvernar beiðnar og er athyglinni hér beint að því hversu vel þjónusta VIRK reynist. Hver beiðni einstaklings er því meðhöndluð sérstaklega eins og sjá má á myndinni.



Mynd 2.17. Markov-líkan fyrir starfsemi VIRK.

Líkaninu er ætlað að lýsa framtíðarhorfum þeirra sem leita til VIRK, einkum með tilliti til atvinnuþátttöku þar sem starfsemi VIRK lýtur að atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Líkaninu er ætlað að lýsa meðaltíma í þjónustu á vegum VIRK og dreifingu á því hvernig þjónustu lýkur. Lokum þjónustu þegar meðferð er lokið er skipt eftir því hvernig framfærsla í lok þjónustu er skráð hjá VIRK og einnig er skipt eftir því hvort þátttakendur þiggja örorkulífeyri hjá lífeyrissjóði. Með líkaninu má reikna út meðallengd þess tíma sem þátttakendur verja í þjónustu með eða án þess að njóta örorkulífeyris, reikna mat á tekjum sem þeir afla eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur og bera saman örorku- og endurhæfingartíðni þátttakenda við örorku- og endurhæfingartíðni almennt á vinnumarkaði.

Við gerð líkansins er notast við upplýsingar frá lífeyrissjóðum um úrskurð örorkulífeyris. Einstaklingar voru einungis taldir vera með örorkulífeyri þann tíma sem þeir voru að fá greiddan örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum. Hér verður að geta þess að hugsanlegt er að yngstu einstaklingarnir hafi ekki öðlast rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum en geti hafa farið á örorku- eða endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun. Líkanið kann því að ofmeta árangur þjónustu eitthvað hvað varðar yngstu árgangana.

Einnig var notast við upplýsingar frá VIRK um upphaf og lok þjónustu, afdrif og framfærslu í lok þjónustu. Ástæða þess að miðað var við þann tíma sem einstaklingar fengu greiddan örorkulífeyri en ekki dagsetningu orkutaps er að algengt er að lífeyrissjóðir tímasetji orkutap mörg ár aftur í tímann í þeim tilvikum þegar þátttaka á vinnumarkaði hefur verið lítil árin áður en sótt er um

lífeyri. Þannig væri orkutapsdagsetningin í mörgum tilvikum sett áður en viðkomandi leitaði til VIRK og því lítið um breytingar á stöðu umsækjanda. Þeir sem voru skráðir með sjúkrasjóð, örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem aðalframfærslu í lok þjónustu voru skráðir sem veikir. Þeir sem voru skráðir með annað, s.s. atvinnuleysisbætur, engar tekjur, fjárhagsaðstoð eða námslán, sem framfærslu í lok þjónustu, falla í flokkinn „Annað“.

Til viðbótar við þá möguleika sem sýndir eru á mynd 2.17 að ofan var gert ráð fyrir dauðsföllum. Þar sem ekki voru nægilega mörg dauðsföll í hópi þeirra sem hafa sótt þjónustu á vegum VIRK til að finna sérstakar dánartíðir fyrir hvern hóp var notast við dánartíðni fyrir lífeyrissjóði, annars vegar fyrir virka sjóðfélaga og hins vegar fyrir öryrkja, þar sem mat á tíðni er byggt á reynslu árána 2014 til 2018. Dánartíðni hefur ekki mikil áhrif á þau atriði sem til skoðunar eru varðandi þjónustu VIRK.

Reiknaðar voru útjafnanir fyrir tíðni breytingar á stöðu einstaklinga, þ.e. tíðnirnar sem svara til örvanna á mynd 2.17 að ofan. Miðað var við að tíðnir væru háðar aldri og kyni en ekki öðrum breytum.


Þegar notast er við greiðslur örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum til að meta vinnufærni einstaklinga eins og hér er gert þarf að hafa í huga að þeir sem yngstir eru í hópnum geta átt takmarkaðan eða jafnvel engan rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum. Þannig er ekki víst að líkanið nái fullkomlega utan um veikindi þess hóps.

Öll líkön fela í sér einhverjar einfaldanir á þeim raunveruleika sem þeim er ætlað að lýsa. Fyrir líkanið hér má til dæmis benda á að fyrir hvern aldur og hvort kyn er reiknað sem örorku- og endurhæfingartíðni sé óháð því hversu langt er liðið frá lokum meðferðar eða upphafi orkutaps. Reynslan sýnir hins vegar að eftir því sem orkutap eða veikindi vara lengur minnka líkur á að breyting verði þar á. Einnig má leiða líkur að því að til dæmis menntun, laun og fleiri þættir geti haft áhrif á þróun vinnugetu eftir veikindi, en líkanið hér tekur ekki til slíkra þátta, gagnasafnið er einfaldlega ekki nógu stórt til að leyfa svo mikið sundurbrot.

Lok þjónustu á vegum VIRK


Þeim þátttakendum sem eru með skráð afdrif er síðan skipt eftir því hvort þeir ljúka þjónustu eða ekki. Þeim sem ljúka þjónustu er svo skipt eftir meginframfærslu við þjónustulok, þ.e. launum á vinnumarkaði, veikindaframfærslu (sjúkrasjóður eða lífeyrir TR) og loks annað (atvinnuleysisbætur, námslán, félagsleg aðstoð, annað t.d. fjármagnstekjur, eða ekkert gefið upp).

Eftirfarandi myndir, nr. 2.18 og 2.19, sýna líkur á því að þjónustu ljúki í hverri stöðu, aðgreint fyrir karla og konur og eftir aldri. Nokkur munur kemur fram bæði eftir aldri og kyni. Þannig er stór hluti ungs fólks sem ekki lýkur þjónustu, meðal yngstu og elstu aldurshópa útskrifast stærri hluti karla en kvenna með laun á vinnumarkaði en á miðjum aldri er það stærri hluti kvenna en karla sem lýkur þjónustu með þeim hætti.



Mynd 2.18. Lok þjónustu á vegum VIRK, hlutfallsleg skipting við lok þjónustu, fólk sem ekki er með örorkulífeyri.


Athygli vekur að fram undir 40 ára aldur er líklegra að hætta án þess að ljúka þjónustu á vegum VIRK en að ljúka þjónustu með laun á vinnumarkaði sem aðalframbærslu.



Mynd 2.19. Lok þjónustu á vegum VIRK, hlutfallsleg skipting við lok þjónustu, fólk sem er með örorkulífeyri.


Hlutfall þeirra sem enda með meginframbærslu af launum á vinnumarkaði er mun lægra meðal þeirra sem njóta örorkulífeyris. Hjá konum sem eru í þjónustu á vegum VIRK og eru með örorkulífeyri, er það aðeins um fimmtungur sem endar þjónustu með meginframbærslu af launum á vinnumarkaði.

Örorkutíðni



Mynd 2.20. Örorkutíðni karla.


Mynd 2.20 sýnir örorkutíðni karla í mismunandi stöðu. Til samanburðar er sýnd örorkutíðni lífeyrissjóða reiknuð miðað við reynslu árána 2011 til 2016 (græna línan). Ljóst er að örorkutíðni þeirra sem hafa komið í þjónustu á vegum VIRK er mun hærri en almennt gengur og gerist. Hæst er hún hjá þeim sem eru í þjónustu og svo hjá þeim sem útskrifast með sjúkrasjóð, örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem aðalframfærslu. En hún er líka margfalt hærri hjá þeim sem útskrifast með laun á vinnumarkaði en hjá lífeyrissjóðum almennt. Líklega nýta margir örorkulífeyrisréttindi sín hjá lífeyrissjóðum sér til framfærslu meðan á endurhæfingu stendur.



Mynd 2.21. Örorkutíðni kvenna.


Mynd 2.21 sýnir örorkutiðni kvenna í mismunandi stöðu. Líkt og hjá körlum er hún margfalt hærri hjá þeim sem hafa tekið þátt í þjónustu á vegum VIRK en hjá sjóðfélögum lífeyrissjóða almennt.

Endurhæfingartíðni



Mynd 2.22. Endurhæfingartíðni karla.


Mynd 2.22 sýnir endurhæfingartíðni karla í mismunandi stöðum. Endurhæfingartíðni þeirra sem sótt hafa þjónustu á vegum VIRK er hærri en almennt gerist hjá lífeyrissjóðum. Hæst er hún hjá þeim sem útskrifast með laun á vinnumarkaði en lægst hjá þeim sem útskrifast með sjúkrasjóð, endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri og þeim sem ljúka ekki þjónustu.



Mynd 2.23. Endurhæfingartíðni kvenna.

Mynd 2.23 sýnir endurhæfingartíðni kvenna í mismunandi stöðu. Endurhæfingartíðni þeirra sem sótt hafa þjónustu á vegum VIRK er hærri en almennt gerist hjá lífeyrissjóðum, að minnsta kosti hjá þeim sem yngri eru, og hæst hjá þeim sem eru í þjónustu eða hafa útskrifast með laun á vinnumarkaði.


Mat á lengd meðferðar



Mynd 2.24. Fjöldi mánaða í þjónustu eftir aldri, fyrir karla án örorku í upphafi þjónustu.


Mynd 2.24 sýnir meðalfjölda mánaða í þjónustu á vegum VIRK eftir aldri, fyrir karla sem voru ekki með örorkulífeyri í upphafi þjónustu. Hér sést að þeir sem útskrifast með endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri eða sjúkrasjóð eru yfirleitt lengur í þjónustu en aðrir hópar.

Einnig þarf að hafa í huga að tiltölulega fáir í yngsta aldurshópnum eru öryrkjar hjá lífeyrissjóðnum.




Mynd 2.25. Fjöldi mánaða í þjónustu eftir aldri, fyrir konur án örorku í upphafi.

Mynd 2.25 sýnir meðalfjölda mánaða í þjónustu á vegum VIRK eftir aldri, fyrir konur sem voru ekki með örorkulífeyri í upphafi þjónustu. Konur eru að jafnaði heldur lengur í þjónustu en karlar. Eins og fyrir karla er þjónustutíminn lengstur hjá þeim sem eru útskrifast með sjúkrasjóð, endurhæfingar- eða örorkulífeyri.



Mynd 2.26. Fjöldi mánaða í þjónustu eftir aldri, fyrir karla, með örorkulífeyri í upphafi.


Mynd 2.26 sýnir meðalfjölda mánaða í þjónustu á vegum VIRK eftir aldri, fyrir karla sem voru með örorkulífeyri í upphafi þjónustu. Mun minni munur er á þjónustutíma eftir mismunandi stöðu við útskrift hér, heldur en var hjá þeim sem voru ekki með örorkulífeyri í upphafi.



Mynd 2.27. Fjöldi mánaða í þjónustu eftir aldri, fyrir konur með örorkulífeyri í upphafi.


Á mynd 2.27 er sýndur fjöldi mánaða í þjónustu eftir aldri fyrir konur sem voru með örorkulífeyri í upphafi þjónustu. Hér eru þær sem útskrifast með laun á vinnumarkaði lengur í þjónustu en þær sem eru enn veikar við útskrift, öfugt við það sem sést hjá þeim konum sem voru ekki með örorkulífeyri við upphaf þjónustu.

Afdrif eftir þjónustu á vegum VIRK



Mynd 2.28. Líkur á að vera á lífi en ekki með örorkulífeyri 5 árum eftir útskrift frá VIRK, fyrir karla sem voru ekki með örorkulífeyri við útskrift, eftir aldri við útskrift.


Einnig er hægt að skoða afdrif mismunandi hópa eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur. Mynd 2.28 sýnir líkur þess að vera á lífi og ekki með örorkulífeyri fyrir þá karla sem voru ekki með örorkulífeyri hjá lífeyrissjóði við útskrift. Bláa línan sýnir þá sem útskrifast með laun á vinnumarkaði sem framfærslu. Gráa línan sýnir þá sem útskrifast með sjúkrasjóð, örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem framfærslu.




Mynd 2.29. Líkur á að vera á lífi en ekki með örorkulífeyri 5 árum eftir útskrift frá VIRK, fyrir karla sem voru með örorkulífeyri við útskrift, eftir aldri við útskrift.

Á mynd 2.29 er sýnd samskonar mynd fyrir þá karla sem voru með örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum við útskrift frá VIRK. Tölur hér eru lægri en fyrir þá sem voru ekki með örorkulífeyri við útskrift en þó virðist sem umtalsverður hluti þeirra sem útskrifast með laun á vinnumarkaði sem framfærslu endurhæfist varanlega.

Á mynd 2.30 er sama mynd fyrir konur sem voru ekki með örorkulífeyrilífeyri við útskrift frá VIRK. Munur eftir framfærslu í lok starfsendurhæfingar er minni hér en hjá körlum.




Mynd 2.30. Líkur á að vera á lífi en ekki með örorkulífeyri 5 árum eftir útskrift frá VIRK, fyrir konur sem voru ekki með örorkulífeyri við útskrift, eftir aldri við útskrift.




Mynd 2.31. Líkur á að vera á lífi en ekki með örorkulífeyri 5 árum eftir útskrift frá VIRK, fyrir konur sem voru með örorkulífeyri við útskrift, eftir aldri við útskrift.

Mynd 2.31 sýnir líkur þess að konur sem eru með örorkulífeyri þegar þær útskrifast frá VIRK séu á lífi og ekki með örorkulífeyri 5 árum eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur.


Einnig má reikna þann tíma sem einstaklingar eru á lífi en ekki með örorkulífeyri eftir að þjónustu á vegum VIRK er lokið. Þetta er sýnt á myndum 2.32 – 2.35.




Mynd 2.32. Fjöldi mánaða á lífi en ekki með örorkulífeyri á fyrstu 5 árum eftir útskrift, fyrir karla sem útskrifast án örorku, eftir aldri.



Mynd 2.33. Fjöldi mánaða á lífi en ekki með örorkulífeyri á fyrstu 5 árum eftir útskrift, fyrir karla sem útskrifast með örorkulífeyri, eftir aldri.



Mynd 2.34. Fjöldi mánaða á lífi en ekki með örorkulífeyri á fyrstu 5 árum eftir útskrift, fyrir konur sem útskrifast án örorku, eftir aldri.



Mynd 2.35. Fjöldi mánaða á lífi en ekki með örorkulífeyri á fyrstu 5 árum eftir útskrift, fyrir konur sem útskrifast með örorkulífeyri, eftir aldri.

Launatekjur mismunandi hópa

Auk þess að meta það hversu lengi þátttakendur eru í hverri stöðu sem Markov-líkan fyrir starfsemi VIRK inniheldur er upplýsandi að skoða hvaða tekjur þau hafa á vinnumarkaði, fyrir og eftir þjónustu á vegum VIRK.

Með því að bera saman upplýsingar um iðgjöld greidd til lífeyrissjóða við gögnin frá VIRK er hægt að áætla tekjur eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur. Iðgjald er greitt í lífeyrissjóð af atvinnutekjum, atvinnuleysisbótum og greiðslum úr fæðingarorlofssjóði en ekki af dagpeningum sjúkra-

sjóða, örorku- og endurhæfingarlífeyri né námslánum. Með tekjum er í þessari greiningu því einungis átt við atvinnutekjur, atvinnuleysisbætur og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Meðaltekjur þeirra sem sækja um þjónustu á vegum VIRK árið áður en þjónusta hefst og meðaltekjur eftir að þjónustu lýkur eru sýndar í töflum 2.13–2.20 (í viðauka 2b). Niðurstöður eru aðgreindar eftir kyni, og framfærslu við þjónustulok og hvort þjónusta var kláruð. Meðaltekjur fyrir upphaf þjónustu eru talsvert undir meðaltekjum fullvinnandi launafólks og svo er einnig eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur. Meðal þeirra sem skráðir eru með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu, eru tekjur eftir að þjónustu lýkur svipaðar og áður en þjónusta hófst, en hjá öðrum hópum mun lægri. Tekjur fara svo heldur lækkandi næstu ár á eftir en hér verður að hafa í huga mjög háa örorkutíðni fyrstu ár eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur, sem á einnig við um þá sem eru með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu. Athygli vekur við skoðun taflna 2.12-2.19 (í viðauka 2b) hversu lítil hækkun meðallauna verður hjá þátttakendum í þjónustu á vegum VIRK miðað við hækkun meðallauna almennt á tímabilinu.

Töflur 2.21–2.28 (í viðauka 2b) sýna sömu upplýsingar um miðgildi tekna. Til samanburðar eru sýndar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um regluleg meðallaun alls árin 2009-2019.

Samanburður við eigið mat VIRK af ábata af starfsemi

Að beiðni VIRK hefur Talnakönnun hf. reiknað árlega út ábata af starfsemi VIRK. Þar er gert ráð fyrir að þeir sem ljúki atvinnutengdri starfsendurhæfingu á vegum VIRK með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán til framfærslu, fái sömu laun og eru að meðaltali í þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi greiðir til. Einnig er gert ráð fyrir að viðkomandi hefði verið óvinnufær í 60 mánuði frá upphafi þjónustu á vegum VIRK ef viðkomandi hefði ekki fengið þjónustu á vegum VIRK. Fyrir þá sem voru skráðir með örorkulífeyri sem framfærslu í upphafi þjónustu er þó gert ráð fyrir að viðkomandi hefði verið með örorkulífeyri út starfsævina ef hann hefði ekki fengið þjónustu og notuð er sama forsenda fyrir helming endurhæfingarlífeyrisþega.

Með því að sameina niðurstöður úr köflunum hér á undan um annars vegar afdrif eftir þjónustu á vegum VIRK og svo upplýsingar um raunverulegar tekjur þeirra sem leitað hafa til VIRK eftir að endurhæfingu er lokið, er unnt að reikna ábata af starfsemi VIRK. Annars vegar er reiknað með sömu forsendum um óvinnufærni ef ekki hefði komið til endurhæfingar og Talnakönnun hefur notað, en byggt á raunverulegum tekjum þeirra sem leitað hafa til VIRK, og hins vegar eftir niðurstöðum líkansins um óvinnufærni og raunverulegar tekjur þeirra sem halda vinnufærni.

Niðurstöður eru sýndar í töflu 2.12 og til samanburðar upplýsingar um rekstrarkostnað VIRK.

Tafla 2.12. Ábati af starfsemi VIRK og rekstrarkostnaður. Fjárhæðir í milljörðum króna (M.kr.).

Ár	Ábati skv. mati Talna- könnunar (fjárhæðir á verðlagi hvers árs)	Nýr útreikningur með upplýsingum um raunverulegar tekjur	Útreikningur skv. líkani	Rekstrarkostnaður VIRK
2013	9,7	6,2	5,4	1,3
2014	11,2	6,8	6,3	2,0
2015	13,8	6,8	6,2	2,2
2016	13,6	6,5	6,3	2,4
2017	14,1	6,6	6,9	2,8
2018	17,2	8,0	8,5	3,1
2019	20,5	9,4	10,1	3,3
2020	21,3			3,5
2021	30,0			3,7

Líkanið reiknar lægri ábata á fyrri hluta tímabilsins en meiri ábata á seinni hluta tímabilsins. Það gæti bent til þess að þeim sem útskrifast á seinni hluta tímabilsins gangi verr að fóta sig á vinnumarkaði en hinum sem útskrifuðust á fyrri hluta tímabilsins.

Miðað við raunverulegar tekjur þeirra sem endurhæfast reiknast ábati mun lægri en skv. mati Talnakönnunar. Þó er ábati eftir sem áður mun hærri en rekstrarkostnaður VIRK.

Niðurstaða

Notagildi líkans á borð við það sem hér er kynnt er ekki síst það að veita einfalda heildaryfirsýn um þjónustuferlið og afdrif þátttakenda eftir að þjónustu lýkur.

Þannig má vísa til umfjöllunar um skiptingu þátttakenda eftir afdrifum, eftir aldri og kyni. Þar kemur til dæmis glögglega fram að mjög stór hluti yngstu þátttakenda lýkur ekki þjónustuferli, aðeins um 20% þeirra sem eru með örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum í þjónustuferlinu ljúka því með meginframfærslu af vinnutekjum og nýgengi örorku þátttakenda er mun hærri en almennt hjá sjóðfélögum lífeyrissjóða.

Einnig má reikna út meðaltíma sem þátttakendur eru í hverri stöðu líkansins og með samkeyrslu við gögn lífeyrissjóða má fá raunsanna mynd af atvinnutekjum þátttakenda eftir að þjónustu lýkur. Með því að breyta forsendum um tíðni til dæmis örorku eftir að þjónustu lýkur mætti öðlast yfirsýn yfir þann ábata sem slíkum breytingum gæti fylgt.

Útreikningar byggðir á þessum upplýsingum benda til að eigið mat VIRK á atvinnutekjum þátttakenda eftir að þjónustu lýkur kunni að vera verulega ofmetið, allt að því tvöfalt of hátt.

Hér ber þó að hafa í huga að slíkir útreikningar eru aðeins einn margra hugsanlegra mælikvarða á árangur og að hluta til er skýring á lágu mati á fjárhagslegum áhrifum af því að ljúka þjónustu sú að launatekjur örorkulífeyrisþega lífeyrissjóða fyrir orkutap eru oft mun lægri en meðaltekjur sjóðfélaga. Mælikvarði viðbótaratvinnutekna þátttakenda er mælikvarði sem VIRK hefur kynnt í sínum árlegu skýrslum og mikilvægt er að það mat sé þá sem næstu réttu lagi. Þó hér komi fram mun lægra mat en sett hefur verið fram af hálfu VIRK, eru þó viðbótaratvinnutekjur eins og hér eru reiknaðar verulega umfram rekstrarkostnað VIRK, sjá töflu 2.12.

Með líkaninu mætti einnig reikna til dæmis vænt viðbótarvinnuár þátttakenda sem einnig gæti verið mælikvarði árangurs.

Með samtengingu við gögn lífeyrissjóða sést að verulegt hlutfall þeirra, sem þó byrja með meginhluta framfærslu sinnar af vinnumarkaði eftir þjónustu, mun byrja að fá greiddan örorkulífeyri á næstu árum eftir að þjónustu lýkur. Örorkutíðni þessa hóps er langt umfram það sem gerist meðal almennra sjóðfélaga lífeyrissjóða. Augljóslega væri til mikils að vinna ef stærri hluta hópsins tækist að halda atvinnuþátttöku áfram.

3. ÚRTAKSRANNSÓKN. AFDRIF, REYNSLA OG VIÐHORF EINSTAKLINGA SEM VAR VÍSAÐ TIL VIRK, 2015–2019

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum úrtaksrannsóknar sem var unnin vegna heildarúttektar á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Ítarlegri upplýsingar má finna í skýrslu Félagsvísindastofnunar sem fylgir sem viðauki við þessa skýrslu (sjá Viðauka 4). Markmiðið var að varpa skýrara ljósi á ýmsa þætti sem búa að baki heildarmyndinni sem dregin var upp í köflunum hér á undan. Þetta er gert hér með því að skoða, með ítarlegri hætti en hægt er að gera með skráagögnum, stöðu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK, upplifanir og reynslu þeirra af atvinnutengdri starfsendurhæfingu, ástæður brotthvarfs úr starfsendurhæfingu og afdrif þátttakenda eftir að henni lauk, þeir hættu í henni eða komust ekki að í atvinnutengda starfsendurhæfingu á vegum VIRK.

Könnunin var lögð fyrir úrtak 2.000 einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015 til 2019. Tekið var lagskipt úrtak þar sem þau sem komust ekki í starfsendurhæfingu/var synjað og þau sem hófu en luku ekki starfsendurhæfingu voru líklegri til að lenda í úrtakinu en þau sem hófu og luku starfsendurhæfingu, enda fyrrnefndu hóparnir tveir umtalsvert fámennari en síðastnefndi hópurinn. Alls voru dregnir 800 einstaklingar úr hópi þeirra sem luku starfsendurhæfingu, 600 úr hópi þeirra sem hófu endurhæfingu en luku henni ekki og 600 úr röðum þeirra sem var synjað og komust ekki í starfsendurhæfingu á vegum VIRK.

VIRK sendi þeim sem lentu í úrtakinu bréf þar sem þeim var boðið að draga sig úr úrtakinu. Það var nauðsynlegt vegna reglna VIRK um meðferð persónuupplýsinga. Af þeim sem lentu í úrtakinu óskaði 351 einstaklingur eftir því að vera fjarlægður úr úrtakinu. Ekki fengust upplýsingar um eiginleika þess hóps. Ef þessi hópur var frábrugðinn þeim sem svöruðu könnuninni má ætla að þessi ráðstöfun skekki niðurstöðurnar þó erfitt sé að segja á hvaða hátt. Endanlegt úrtak náði til 1.649 einstaklinga. Af þeim svöruðu 846 könnuninni og er svarhlutfall því 51%.

Smæð úrtaksins setur nokkrar skorður um fjölda breyta sem er fýsilegt að nota. Því fleiri breytur, því meiri líkur eru á að niðurstöður séu ekki tölfræðilega marktækar, einfaldlega vegna smæðar úrtaksins fremur en vegna þess að greind sambönd finnast ekki í raunveruleikanum.

Í kafla 2, *Þróun örorkubyrði, nýgengi örorku og reiknilíkan fyrir afdrif þátttakenda*, komu fram skýr aldursmynstur þar sem örorkulíkur jukust með hærri aldri en líkur á endurhæfingu dölðu. Fyrsta skrefið var að greina aldursmynstrið og stýra fyrir ýmsum þáttum sem gætu útskýrt það. Ef það tekst ekki má ætla að aldursmynstrið sé tilkomið vegna þátta sem liggja utan aðstæðna, heilsufars og starfsendurhæfingarferlisins.

Á meðal atriða sem koma fram í viðtölum við ráðgjafa og fleiri sem fjallað er um í kafla 1 hér framar kemur fram að slæm fjárhagsleg afkoma á starfsendurhæfingartímanum getur dregið úr árangri í starfsendurhæfingu. Í ljósi þessa var nauðsynlegt að greina samband fjárhagsstöðu, árangurs og brotthvarfs úr starfsendurhæfingu.

Á meðal þess sem nefndinni ber að leggja mat á er hvort samkomulag ráðherra skv. lögum nr. 60/2012 um fjárframlag vegna þeirra sem eru ótryggðir á vinnumarkaði, þjóni tilgangi sínum og nýtist þeim hópum sem samningurinn beinist að. Því eru einnig til skoðunar afdrif þátttakenda í rannsókninni sem voru utan vinnumarkaðar þegar sótt var um fyrir þá, en þeim var tryggt atvinnutengd starfsendurhæfing skv. samningi ráðherra. Horft er til stöðu þessara hópa við árslok 2021, hvort sem þeir voru með atvinnuleysisbætur, örorku- eða endurhæfingarlífeyri eða fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins, þegar þeim var vísað til VIRK.

Menntun leikur lykilhlutverk í lagskiptingu samfélagsins. Það hve mikla menntun einstaklingar hafa og á hvaða sviðum sú menntun er, beinir þeim í ólík störf á vinnumarkaði. Það getur svo haft

áhrif á heilsufar og möguleika fólks á endurkomu í vinnu eftir veikindi. Það gaf tilefni til að greina samband menntunar og frávísana, brotthvarf og atvinnuþátttöku við lok árs 2021. Að lokum er fjallað um samband stoðkerfis- og geðræns vanda og frávísana, brotthvarfs og atvinnuþátttöku við lok árs 2021 enda geta áhrifin af mismunandi heilsufarsbresti haft ólík áhrif á þessar útkomur.


Í flestum þeim greiningum sem eru birtar hér (mynd 3.1 undanskilin) er notast við tvíunda aðhvarfsgreiningu (e. *logistic binary regression*). Slík aðhvarfsgreining á við þegar svarbreytan er tvíkosta, það er hefur gildin 0 eða 1, þar sem seinna gildið vísar í að tiltekin útkoma eigi við en það fyrra í að svo sé ekki. Stuðlarnir úr greiningunni endurspeglar líkindin á því að útkoman „1“ eigi við fremur en „0“.

Afstaða til starfsendurhæfingarinnar

Þeir þátttakendur í rannsókninni sem hófu starfsendurhæfingu voru beðnir um að taka afstöðu til sjö fullyrðinga um reynslu sína og upplifanir af starfsendurhæfingunni:

- Markmið starfsendurhæfingaráætlunarinnar voru unnin í samráði við mig.
- Markmið starfsendurhæfingaráætlunarinnar voru unnin í samræmi við getu mína.
- Mér var mætt af virðingu.
- Aðstæðum mínum voru sýndur skilningur.
- Úrræði voru valin í samræmi við þarfir mínar og markmið.
- Haldið var vel utan um mín mál í endurhæfingarferlinu.
- Hversu vel eða illa fannst þér starfsendurhæfingin nýtast þér í heild sinni?

Heilt yfir var afstaða þátttakenda til starfsendurhæfingarinnar mjög jákvæð. Þannig voru 85% frekar eða mjög sammála því að markmið starfsendurhæfingaráætlunarinnar hafi verið unnin í samráði við þá og 76% töldu að hún hefði verið unnin í samræmi við getu þeirra. Um 87% sögðu að þeim hafi verið mætt af virðingu og 84% töldu að aðstæðum þeirra hafi verið sýndur skilningur. Alls voru 78% frekar eða mjög sammála því að úrræðin sem voru valin hafi verið í samræmi við þarfir þeirra og markmið og um fjórir af hverjum fimm voru frekar eða mjög sammála því að vel hafi verið haldið utan um mál þeirra í endurhæfingarferlinu. Að lokum töldu 72% að starfsendurhæfingin hafi nýst þeim frekar eða mjög vel.



Mynd 3.1. Hlutfall þátttakenda sem voru frekar eða mjög sammála jákvæðum fullyrðingum um starfsendurhæfingarferlið eftir því hvort þeir luku starfsendurhæfingu eða féllu brott.


Eins og við má búast var nokkur munur á svörum þeirra sem luku starfsendurhæfingu og þeirra sem féllu brott úr henni. Eins og má sjá á mynd 3.1, var upplifun þeirra sem luku starfsendurhæfingu í öllum tilfellum jákvæðari en þeirra sem féllu á brott. Munurinn var mestur í prósentustigum talið hvað varðar spurninguna „Hversu vel eða illa fannst þér starfsendurhæfingin nýtast þér í heild sinni?“ en minnstur þegar kom að fullyrðingunum „Mér var mætt af virðingu“ og „Aðstæðum mínum voru sýndur skilningur“. Það er rétt að halda því til haga að jafnvel á meðal þeirra sem féllu brott úr starfsendurhæfingu var minnst um helmingur sem var jákvæður og mest um 74%.

Aldur

Á meðal þess sem kemur fram í þeim skráagögnum sem voru greind fyrir þessa skýrslu er að tíðni örorku eykst með aldri auk þess sem líkurnar á að snúa aftur í launavinnu minnka með aldri. Spurningin er þá að hve miklu leyti það eru slík mynstur í starfsendurhæfingarferlinu. Hér er greint samband aldurs við líkurnar á að 1) umsókn til VIRK sé vísað frá; 2) á að þátttakendur hefji en ljúki ekki starfsendurhæfingu; 3) hvort þeir voru í starfi þegar könnunin var framkvæmd; og 4) hvort þeir hygðu á frekari atvinnuþátttöku ef þeir voru ekki starfandi.

Aldur og frávísanir

Ef ólíkt aðgengi að atvinnutengdri starfsendurhæfingu útskýrði aldursmynstrin í skráagögnum myndu líkurnar á að vera vísað frá VIRK vera hærri því eldri sem þátttakendur eru. Til að meta það voru framkvæmdar tvær tvíunda aðhvarfsgreiningar, þá fyrri eingöngu með aldursbreytum en í þeirri seinni var stýrt fyrir menntun, kyni, eðli heilsubreysts sem leiddi til vísunar til VIRK, hve slæmur heilsubreysturinn var, fjárhag þegar þátttakendum var vísað til VIRK, hvort þeir hafi verið starfandi, í veikindaleyfi eða ekki starfandi, og hvort þeir þáðu örorku- eða endurhæfingarlífeyri, atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Valið á stýribreytum réðst af því að dreifing þeirra er mismunandi fyrir aldurshópa auk þess sem það eru ástæður til að ætla að það séu tölfræðileg tengsl á milli þeirra og þess hvort umsóknum er vísað frá og gætu þar af leiðandi skýrt hluta af sambandi aldurs og frávísunar. Niðurstöðurnar eru birtar í mynd 3.2.




Mynd 3.2 Áhrif aldurs á líkurnar á að umsókn sé vísað frá VIRK. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Aðhvarfsgreiningarnar leiddu í ljós að aldur hafði takmörkuð áhrif á það hvort þátttakendur fengju umsókn í starfsendurhæfingu samþykkt eða ekki. Þó bjó elsti hópurinn (56 ára og eldri) við auknar líkur á að vera vísað frá en ekki var um að ræða tölfræðilega marktækan mun á milli yngri aldurshópa og ljóst að samband aldurs og frávísunar er ekki línulegt. Það að stýra fyrir öðrum þáttum en aldri hafði óveruleg áhrif á samband aldurs og frávísunar en dró þó nokkuð úr líkum á frávísun fyrir aldursbilið 36 til 45 ára.

Aldur og brotthvarf

Til að meta samband aldurs og brotthvarfs úr starfsendurhæfingu voru gerðar tvær aðhvarfsgreiningar. Þá fyrri eingöngu með aldursbreytum en í þeirri seinni var stýrt fyrir sömu breytum og var stýrt fyrir varðandi frávísanir en auk þeirra var stýrt fyrir samsettri mælingu á því hve góð/slæm upplifunin af starfsendurhæfingu hafði verið.



Mynd 3.3. Áhrif aldurs á líkurnar á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.


Niðurstöðurnar má sjá í mynd 3.3 sem sýnir að yngsti aldurshópurinn býr við auknar líkur á brotthvarfi í samanburði við þá eldri, það dregur úr líkum á brotthvarfi með hækkandi aldri upp að 55 ára aldri en líkurnar aukast svo eftir það. Að stýra fyrir öðrum þáttum hafði óveruleg áhrif á samband aldurs en jók þó líkurnar á brotthvarfi umtalsvert fyrir aldursbilið 46 til 55 ára.

Samkvæmt myndum 3.2 og 3.3 er umsóknarferlið þröskuldur fyrir umsækjendur 55 ára og eldri en brotthvarf eitthvað sem einkum hendir þátttakendur á aldrinum 18 til 35 ára. Greiningarnar að baki mynd 3.3 ná aðeins til þátttakenda sem komust að hjá VIRK.

Önnur nálgun er að skoða alla þá sem var vísað til VIRK til að meta hve margir þeirra komust á þann stað að ljúka starfsendurhæfingu án þess að gera upp á milli þess hvort þátttakendur sem luku henni ekki hafi hætt eða verið synjað. Niðurstöðuna má túlka sem uppsöfnuð áhrif bæði frávísana og brotthvarfs.

Til að meta þetta voru framkvæmdar tvær aðhvarfsgreiningar. Sú fyrri var eingöngu með aldursbreytum en í þeirri seinni var stýrt fyrir sömu breytum og var stýrt fyrir varðandi frávísanir. Það var ekki hægt að stýra fyrir reynslu þátttakenda af starfsendurhæfingunni sjálfri þar sem greiningin náði yfir einstaklinga hverra umsóknum var synjað og höfðu þar af leiðandi enga reynslu af starfsendurhæfingunni sem um ræðir.


Mynd 3.4 sýnir niðurstöðurnar úr þessum greiningum. Þær benda til þess að umsækjendur á aldrinum 36 til 55 ára sem er vísað til VIRK sé líklegri til að ljúka starfsendurhæfingu en þeir sem eru annað hvort eldri eða yngri. Fyrir eldri aldurshópinn (55 ára og eldri) eru það einkum frávísanir sem draga úr líkum á því að ljúka starfsendurhæfingu en fyrir yngri hópinn (18 til 35 ára) er það einkum brotthvarf.



Mynd 3.4. Samband aldurs þeirra sem var vísað til VIRK og líkurnar á að ljúka starfsendurhæfingu (hvorki vísað frá né falla brott). Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningum. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Aldur og atvinna


Markmið atvinnutengdrar starfsendurhæfingar er ekki fyrst og fremst að fólk ljúki henni, heldur að fólk komist aftur í vinnu. Mynd 3.5 sýnir niðurstöður tveggja aðhvarfsgreininga á sambandi aldurs þegar þátttakendum var vísað til VIRK og þess hvort það var í vinnu við lok árs 2021. Fyrri greiningin var eingöngu með aldursbreytum en í þeirri seinni var stýrt fyrir sömu breytum og var stýrt fyrir varðandi frávísanir (sjá mynd 3.2) og fyrir því annars vegar hvort umsóknum þátttakenda hafi verið synjað og hins vegar hvort þeir luku starfsendurhæfingu eða ekki.



Mynd 3.5. Samband aldurs og þess að vera starfandi þegar könnun var framkvæmd. Niðurstöður tvíunda aðhvarfsgreiningar. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Á mynd 3.5 má sjá að elsti aldurshópurinn, 55 ára og eldri, var öðrum ólíklegri til að vera starfandi. Munurinn á milli annarra aldurshópa var ekki tölfræðilega marktækur og það að stýra fyrir öðrum breytum hafði fremur lítil áhrif á niðurstöðurnar. Yngsti aldurshópurinn var því ekki líklegri en aðrir aldurshópar til að vera án vinnu þrátt fyrir auknar líkur á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu.

Þó að þátttakendur hafi ekki verið starfandi þegar könnunin var framkvæmd þá er ekki þar með sagt að þeir séu ekki á vinnumarkaði, enda séu þeir að leita sér að starfi. Sem fyrr voru gerðar tvær aðhvarfsgreiningar, eins og þær sem voru birtar í mynd 3.5 (með sömu stýringum) til að greina samband aldurs og þess að þátttakendur sem voru ekki í starfi ætluðu sér aftur í vinnu. Niðurstöðurnar má sjá í mynd 3.6. Myndin sýnir skýrt samband á milli aldurs og þess að ætla sér aftur í vinnu, því eldri sem þátttakendur voru því ólíklegri voru þeir til þess að ætla að hefja störf á nýjan leik.



Mynd 3.6. Samband aldurs og þess að ætla að starfa aftur þegar könnun var framkvæmd. Niðurstöður tvíunda aðhvarfsgreiningar. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Afkoma í starfsendurhæfingu


Á meðal þeirra þátta sem koma fram í öðrum hlutum þessarar skýrslu er að slæm fjárhagsleg afkoma og afkomuóöryggi var á meðal þess sem getur haft neikvæð áhrif á starfsendurhæfingu fólks.

Hér sögðust 42% þátttakenda hafa átt frekar eða mjög erfitt með að láta enda ná saman meðan á starfsendurhæfingu stóð. Þátttakendur sem höfðu lokið háskólamenntun áttu auðveldara með að láta enda ná saman en þau sem höfðu ekki lokið slíku námi. Munurinn var þó ekki ýkja mikill, eða átta prósentustig á milli þeirra sem höfðu aðeins lokið grunnskóla og þeirra sem höfðu lokið háskólanámi. Aftur á móti áttu þátttakendur sem luku endurhæfingu auðveldara með að ná endum saman en þau sem luku ekki. Munurinn á hópunum var þó ekki sláandi en gæti þó verið vísbinding um að fjárhagur í endurhæfingu geti haft neikvæð áhrif á árangur.

Samanburður á fjárhag á þeim tíma þegar þátttakendum var vísað í starfsendurhæfingu og á meðan á starfsendurhæfingu stóð, sýnir mjög svipaða dreifingu á erfiðleikum við að láta enda ná saman. Dreifingarnar segja þó ekki alla söguna því aðstæður einstaklinga gætu hafa breyst en þó þannig að það jafni sig út á yfirborðinu. Nánari greining leiddi í ljós að fjárhagsstaða tæplega 65%

Þeirra sem hófu starfsendurhæfingu var sú sama fyrir starfsendurhæfingu og á meðan hún varði. Fjárhagsstaðan batnaði hjá um 17% þátttakenda og versnaði hjá 18%.

Fyrst voru gerðar tvær aðhvarfsgreiningar til að meta samband fjárhags og brotthvarfs úr starfsendurhæfingu. Þátttakendur sem sögðust komast mjög vel af voru viðmiðunarhópurinn. Í fyrsta líkani voru engar stýribreytur en í hverju líkani eftir það var bætt við einni stýribreytu og hverri stýribreytu sem var bætt við var haldið í líkönunum sem fylgdu á eftir. Í líkani 2 var bætt við aldri, menntun í líkani 3 og kyni í líkani 4. Í líkani 5 var stýrt fyrir því hvort þátttakendur höfðu verið með stoðkerfis- og/eða geðrænan vanda þegar þeim var vísað til VIRK. Í líkani 6 var stýrt fyrir því hve alvarleg veikindin höfðu verið, að mati þátttakenda. Í líkani 7 var stýrt fyrir því hvort þátttakendur hafi verið starfandi eða ekki þegar þeim var vísað til VIRK og í líkani 8 var stýrt fyrir því hvort þátttakendur hefðu verið á atvinnuleysisbótum eða örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Að lokum var stýrt fyrir upplifun þátttakenda á starfsendurhæfingunni í líkani 9. Niðurstöður má sjá í mynd 3.7.



Mynd 3.7. Fjárhagur og líkurnar á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Niðurstöðurnar í mynd 3.7 sýna að það er eingöngu hópurinn sem á mjög erfitt með að láta enda ná saman á meðan á starfsendurhæfingu stendur, sem býr við auknar líkur á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu. Munurinn á milli annarra hópa reyndist ekki tölfræðilega marktækur. Það hefur mjög óveruleg áhrif á niðurstöður að stýra fyrir öðrum breytum þar til kemur að upplifun á starfsendurhæfingu. Þegar stýrt var fyrir henni í líkani 9 nær helmingast stuðullinn fyrir þá sem eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman (miðað við líkan 8) og hættir jafnframt að vera tölfræðilega marktækur.


Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu að fjárhagsáhyggjur hafi dregið úr árangri starfsendurhæfingarinnar. Alls töldu 36% að fjárhagsáhyggjur hefðu dregið mikið eða mjög mikið úr árangri. Aldursmynstrið er nokkuð athyglivert, þar sem hlutfall þeirra sem töldu fjárhagsáhyggjur hafa neikvæð áhrif á starfsendurhæfinguna er lægst í yngsta aldurshópnum en hækkar með aldri og er hæst á meðal þátttakenda á aldrinum 36–45 ára en lækkar svo aftur eftir það. Þátttakendur sem luku ekki endurhæfingunni voru líklegri til að telja að fjárhagsáhyggjur hefðu hamlað þeim í starfsendurhæfingu en 49% þeirra töldu áhrifin hafa verið mikil eða mjög mikil, samanborið við 33% þeirra sem luku starfsendurhæfingu. Þetta rennir frekari stoðum undir það

að bágur fjárhagur á meðan starfsendurhæfing varir, vinni gegn markmiðum starfsendurhæfingar.

Örorka, atvinnuleysi, endurhæfing og fjárhagsaðstoð

Fólki sem er vísað til VIRK er statt á mjög ólíkum stöðum í lífinu. Sumir eru með langvarandi örorku og sjá færi á að bæta heilsu sína og kjör með starfsendurhæfingu, aðrir hafa slasast eða veikst nýlega og er beint í starfsendurhæfingu og enn aðrir hafa verið að glíma við langvarandi atvinnuleysi eða fengið fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga. Þessi listi er ekki tæmandi en í samhengi þessarar skýrslu vísar þetta í fjóra hópa út frá því hvaðan þátttakendur fengu framfærslu þegar þeim var vísað til VIRK, það er eftir því hvort þeir fengu örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri, atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu þess sveitarfélags sem þeir bjuggu í.

Gerðar voru fimm aðhvarfsgreiningar til að meta samband þessara ólíku upphafspunkta við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu, það er a) hvort þátttakendum var vísað frá, b) þeir féllu brott úr starfsendurhæfingu, eða c) væru starfandi haustið 2021 og ef ekki, þá d) hvort þeir hefðu hug á því að fara aftur að vinna. Til að gæta samræmis var stýrt fyrir sömu þáttum í öllum greiningum en þó gerðar tvær greiningar á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu til að geta tekið inn áhrif upplifunar á starfsendurhæfingu (brotthvarf 1 án upplifunar, brotthvarf 2 með upplifun) sem reyndist áhrifarík þegar kom að sambandi fjárhags og brotthvarfs. Aðrir þættir sem var stýrt fyrir voru fjárhagur, aldur, menntun, kyn, eðli heilsubrestra sem þátttakendur áttu í þegar því var vísað til VIRK, sem og hve alvarlegur hann var að mati þátttakenda. Niðurstöður eru sýndar í mynd 3.8.



Mynd 3.8. Samband atvinnuleysisbóta, örorku- og endurhæfingarlífeyris við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Á mynd 3.8 má sjá að þátttakendur, sem voru með örorkulífeyri, voru öðrum líklegri til að vera vísað frá, bæði í samanburði við þá sem voru með endurhæfingarlífeyri, atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og þá sem fengu engar slíkar greiðslur. Aftur á móti voru þeir þátttakendur sem voru með endurhæfingarlífeyri eða atvinnuleysisbætur síður líklegir til að fá


frávísun en þeir sem fengu örorkulífeyri eða fjárhagsaðstoð og þeir sem höfðu ekki tekjur af atvinnuleysisbótum, örorku- eða endurhæfingarlífeyri eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Hvað varðar brotthvarf úr starfsendurhæfingu þá voru þeir þátttakendur sem höfðu verið með örorkulífeyri þegar þeim var vísað til VIRK öðrum líklegri til að falla brott úr starfsendurhæfingunni (sjá mynd 3.8). Ekki reyndist vera marktækur munur á milli annarra hópa. Þegar stýrt var fyrir upplifun af starfsendurhæfingu veiktist sambandið á milli örorkulífeyris og brotthvarfs um þriðjung og var ekki lengur tölfræðilega marktækur.

Þegar kemur að þeim þætti hvort þátttakendur væru starfandi við árslok 2021 þá reyndist hópur þeirra þátttakenda sem höfðu verið með örorkulífeyri ólíklegri en aðrir hópar til að vera starfandi, en munurinn á milli annarra hópa var ekki tölfræðilega marktækur. Sambandið var þó tvisvar sinnum sterkara fyrir örorkulífeyrisþega en endurhæfingarlífeyrisþega. Það að hafa haft tekjur af örorku- eða endurhæfingarlífeyri, atvinnuleysisbótum eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga virðist ekki hafa áhrif á fyrirætlanir um að snúa aftur til vinnu á meðal þeirra sem voru ekki starfandi við lok árs 2021.

Menntun

Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar til að meta samband menntunar við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu, það er hvort þátttakendum var synjað, féllu brott úr starfsendurhæfingu eða væru starfandi haustið 2021 og ef ekki þá hvort þeir hefðu hug á því að fara aftur að vinna. Til að gæta samræmis var stýrt fyrir sömu þáttum í öllum greiningum. Þættir sem var stýrt fyrir voru fjárhagur, aldur, menntun, kyn, eðli heilsuvandans sem þátttakendur áttu í þegar þeim var vísað til VIRK, sem og hve alvarlegur hann var að mati þátttakenda. Viðmiðunarhópurinn var þátttakendur með háskólamenntun. Ekki var gerð greining á áhrifum upplifunar á starfsendurhæfingunni á brotthvarf þar sem áhrif menntunar voru orðin óveruleg og ekki tölfræðilega marktæk þegar stýrt var fyrir öðrum þáttum. Niðurstöður eru birtar í mynd 3.9.




Mynd 3.9. Samband menntunar við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Mynd 3.9 sýnir að munurinn á háskólamenntuðum þátttakendum og þátttakendum með minni menntun er ekki tölfræðilega marktækur hvað varðar synjun. Sú stýribreyta sem dró hvað mest úr áhrifum lítillar menntunar reyndist vera eðli þeirra heilsubrestra sem leiddu til að viðkomandi var vísað til VIRK en hættan á ólíkum gerðum heilsubrestra er mismunandi eftir menntunarstigi, eins og kemur fram í viðauka við skýrslu Félagsvísindastofnunar, sjá *Viðauka 5*. Sömu sögu má segja af brotthvarfi úr starfsendurhæfingu.

Þátttakendur með háskólamenntun voru líklegri en þátttakendur með grunn- og framhalds-menntun til að vera starfandi í lok árs 2021 og á meðal þeirra sem voru ekki starfandi voru þátttakendur með háskólamenntun líklegri til að ætla sér að snúa aftur til vinnu.

Stoðkerfis- og geðvandi

Stoðkerfis- og geðvandi eru algengustu heilsubrestitir þegar kemur að örorku á Íslandi. Það hvort fólk er að glíma við stoðkerfis- og/eða geðvanda eða eitthvað allt annað hefur líka áhrif á möguleika á endurhæfingu. Þátttakendum í könnuninni var skipt í fjóra hópa, þá sem var vísað til VIRK vegna 1) geðræns vanda, 2) stoðkerfisvanda, 3) bæði stoðkerfis- og geðvanda og 4) hvorki stoðkerfis- né geðvanda. Því næst var gerð aðhvarfsgreining þar sem stýrt var fyrir fjárhag, aldri, menntun, kyni, eðli heilsuvandans sem þátttakendur áttu í þegar þeim var vísað til VIRK sem og hve alvarlegur hann var að mati þeirra. Niðurstöðurnar eru birtar í mynd 3.10.



Mynd 3.10. Samband heilsubrestra sem leiddu til vísunar til VIRK við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

Mynd 3.10 sýnir að þátttakendur sem áttu eða eiga í stoðkerfisvanda búa við auknar líkur á að vera synjað um starfsendurhæfingu, sem og þeir sem hvorki voru með stoðkerfis- né geðrænan vanda. Síðarnefndi hópurinn var þó síður líklegur en aðrir hópar á að hverfa brott úr starfsendurhæfingu eftir að hún var hafin. Þátttakendur sem höfðu verið að glíma við bæði stoðkerfis- og geðvanda voru síður líklegir en meðlimir annarra hópa til að vera í starfi við lok árs 2021. Að lokum er það hópurinn sem var ekki starfandi undir lok árs 2021: Þeir þátttakendur sem voru með stoðkerfisvanda, með eða án geðræns vanda, voru síður líklegir til að ætla sér að snúa aftur til

vinnu en þátttakendur sem áttu hvorki við stoðkerfis- né geðvanda að etja. Heilt yfir tengist stoðkerfisvandi verri árangri þegar kemur að starfsendurhæfingu.

Heilsa

Fram til þessa höfum við einkum einblínt á jákvæðar útkomur úr starfsendurhæfingu, svo sem að vera starfandi eða í leit að starfi eftir að starfsendurhæfingu lýkur. Hins vegar er ljóst að ekki allir þátttakendur í rannsókninni fengu jákvæða útkomu og einhverjir bjuggu enn við slæma heilsu og skerta starfsgetu eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu, horfið brott úr henni eða eftir að umsókn þeirra var vísað frá. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvað hefði tekið við hjá þeim eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu/horfið brott úr henni/ eða umsókn þeirra var vísað frá. Svarkostirnir voru 1) fór á sama vinnustað og áður; 2) fór á nýjan vinnustað; 3) fór að vinna sjálfstætt; 4) fór í atvinnuleit; 5) fór í nám; 6) leitaði eftir heilbrigðisþjónustu vegna líkamlegra veikinda; 7) leitaði eftir geðheilbrigðisþjónustu; 8) fór í endurhæfingu; 9) fór í atvinnumiðlun Vinnumálastofnunar; 10) leitaði til félagsþjónustu sveitarfélaga; 11) fór í opin virkniúrræði; 12) annað; og 13) fór hvorki í vinnu né í ofangreind úrræði. Hér einblínum við á útkomur 6 og 7 en greinum ekki á milli þeirra.

Í viðauka við skýrslu Félagsvísindastofnunar (sjá *Viðauka 5*), má sjá að 22% þeirra sem luku starfsendurhæfingu leituðu til heilbrigðis- eða geðheilbrigðiskerfisins þegar starfsendurhæfingu lauk. Hlutföllin voru hærri á meðal þeirra sem féllu brott (34%) og þeirra hverra umsóknum um starfsendurhæfingu hjá VIRK var hafnað (35%).

Tafla 3.1. Líkur á að hafa leitað til heilbrigðis- eða geðheilbrigðiskerfisins eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu, fallið brott úr henni eða umsókn hafnað. Niðurstöður úr tvíunda aðhvarfsgreiningu. Lógaritmískar umbreytingar gagnlíkindahlutfalla.

	Líkan 1	Líkan 2
Fasti	0,22**	0,25*
Lauk starfsendurhæfingu		-
Féll brott	0,12*	0,11*
Umsókn hafnað	0,13*	0,11*
Fjárhagur		0,01
18–35 ára		-
36–45 ára		-0,02
46–55 ára		-0,07
>55 ára		0,00
Grunnmenntun		0,01
Framhaldsmenntun		-0,00
Háskólamenntun		-
Karlar		-
Konur		0,05
Stoðkerfisvandi		-
Stoð-/ og geðrænn vandi		-0,07
Geðrænn vandi		-0,12*
Hvorki stoð né geð		-0,14*
Líkamleg heilsa		0,03*
Geðheilsa		-0,03

Tafla 3.1 sýnir niðurstöður úr tveimur aðhvarfsgreiningum. Sú fyrri (líkan 1) endurspeglar einfaldlega prósentutölurnar sem voru ræddar hér að framan og sýnir að þeir þátttakendur sem luku ekki starfsendurhæfingu, það er hurfu brott eða hófu ekki starfsendurhæfingu, búa við auknar líkur á því að leita til heilbrigðis- eða geðheilbrigðiskerfisins.

Í seinna líkaninu var stýrt fyrir sömu þáttum og í ýmsum öðrum greiningum í þessum kafla, það er fjárhag, aldri, menntun, kyni, eðli heilsuvandans sem varð til að þeim var vísað til VIRK og hve góð eða slæm líkamleg og andleg heilsa þeirra var.

Að stýra fyrir slíkum þáttum (líkan 2) hefur lítil sem engin áhrif á sambandið á milli brott-hvarfs/synjunar og þess að leita til heilbrigðiskerfanna. Þá er samband stýribreyta við þá útkomu í flestum tilfellum ekki tölfræðilega marktækt. Undantekningin er eðli heilsubrests og hve góð eða slæm líkamleg heilsa var. Í stuttu máli má segja að þátttakendur með stoðkerfisvanda voru öðrum líklegri til að leita til heilbrigðiskerfisins óháð því hver afdrif þeirra hefðu verið í starfsendur-

hæfingu. Því verri sem líkamlega heilsan var, því líklegri voru þátttakendur til að leita til heilbrigðiskerfisins.

Samantekt

Af greiningum í kafla 2 sést að endurhæfingartíðni lækkar með vaxandi aldri. Kannanagögnin benda til að í starfsendurhæfingarferlinu birtist þetta til dæmis í því að þátttakendur eldri en 55 ára eru líklegri til að vera synjað um þjónustu hjá VIRK og til að hafa ekki verið starfandi undir lok árs 2021. Þá voru þátttakendur í þessum aldurshópi sem voru ekki starfandi síður líklegir til að stefna á að fara aftur í vinnu. Aftur á móti voru þátttakendur í könnuninni á aldrinum 18 til 35 ára líklegastir til að hverfa brott úr starfsendurhæfingu og voru þó ekki líklegri til að hafa ekki verið starfandi undir lok árs 2021 heldur var það elsti aldurshópurinn sem var öðrum ólíklegri til að vera starfandi. Það að stýra fyrir breytum sem tengdust aðstæðum þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK og á meðan á starfsendurhæfingu stóð hafði lítil áhrif á samband aldurs og útkomu.

Þrátt fyrir að aðrar mælingar hafi takmörkuð áhrif á samband aldurs við ýmsar útkomur í starfsendurhæfingu þá hafa ýmsar af þeim breytum sitt eigið samband við útkomurnar sem um ræðir. Þannig auka fjárhagserfiðleikar líkurnar á brotthvarfi úr starfsendurhæfingu en þó fyrst og fremst ef fjárhagurinn er mjög bágur.

Þátttakendur sem voru með örorkulífeyri þegar þeim var vísað til VIRK eru öðrum líklegri til að fá umsókn sinni vísað frá og til að hverfa á brott úr starfsendurhæfingu og jafnframt ólíklegri til að hafa verið starfandi undir lok árs 2021. Þeir voru þó ekki ólíklegri til að vilja snúa aftur til starfa ef þeir voru ekki starfandi. Upplifun af starfsendurhæfingu virðist skýra umtalsverðan hluta af auknum brotthvarfslíkum hópsins (sjá mynd 3.8).

Áhrif menntunar eru ekki línuleg á þann veg að útkomur batni eða versni með hverju menntunarstigi. Skv. niðurstöðum könnunarinnar virðist menntun ein og sér ekki hafa áhrif á brotthvarf úr starfsendurhæfingu. Í gagnaskrár VIRK kemur hins vegar fram að eftir því sem menntun er minni er líklegra að einstaklingar hætti í starfsendurhæfingu án þess að ljúka henni. Að lokum eykur háskólamenntun líkurnar á því að vera starfandi undir lok árs 2021 og á að ætla sér aftur í vinnu á meðal þeirra sem voru ekki starfandi.

Heilt yfir virðist stoðkerfisvandi tengjast verri útkomum úr starfsendurhæfingu. Myndin er þó ekki einföld. Stoðkerfisvandi eykur líkur á frávisun umsóknar til VIRK á meðal þeirra sem áttu ekki einnig í geðrænum heilsufarsvanda. Stoðkerfisvandi hefur ekki áhrif á brotthvarf þátttakenda, hvort sem þeir áttu í geðrænum heilsufarsvanda eða ekki. Stoðkerfisvandi tengist minni líkum á að vera í starfi við lok árs 2021 en aðeins á meðal þeirra sem áttu einnig í geðrænum vanda. Af þeim sem voru ekki í vinnu við árslok 2021, voru þeir sem glímdu við stoðkerfisvanda ólíklegri til að ætla að snúa aftur á vinnumarkað óháð því hvort geðrænn vandi var fyrir hendi eða ekki. Þá eykur stoðkerfisvandi og slæm líkamleg heilsa líkurnar á því að þátttakendur leiti til heilbrigðiskerfisins óháð útkomu þeirra úr starfsendurhæfingarferlinu. Þeir þátttakendur sem fengu ekki inn í starfsendurhæfingu eða hurfu brott úr henni, voru líklegri til að hafa í kjölfarið leitað til heilbrigðiskerfisins í samiburði við þá sem luku starfsendurhæfingu.

Að lokum ríkti nokkuð almenn ánægja með starfsendurhæfingarferlið á meðal þeirra sem luku því og einnig meðal þeirra sem hurfu brott úr starfsendurhæfingunni, þó ánægja þess hóps hafi verið ívið minni en þeirra sem luku henni.

ÁLYKTANIR OG ÁBENDINGAR NEFNDARINNAR

Í niðurstöðum nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs, sem byggja á heimildum og gögnum sem nefndin aflaði í störfum sínum, koma fram vísbendingar sem hér eru skoðaðar sérstaklega í ljósi markmiða laga nr. 60/2012 og anda þeirra, sbr. greinargerð með frumvarpinu frá 140. löggjafarþingi 3. apríl 2012, ákvæða í þjónustusamningi milli félags- og jafnréttismálaráðherra og VIRK frá 2017 og krafna í Kröfulýsingu 1.1 fyrir starfsendurhæfingarsjóði frá 2020.

Hér er ábendingum og ályktunum nefndarinnar gerð skil. Þar eru fyrst settar fram ábendingar nefndarinnar og þá sú ályktun sem nefndin byggir ábendingu sína á. Ályktanir og ábendingar nefndarinnar snúa í fyrsta lagi að þeim markmiðum sem atvinnutengdri starfsendurhæfingu er ætlað að ná, í öðru lagi að markmiðum um heildstætt kerfi endurhæfingar, í þriðja lagi að sameiginlegum skilningi, skilgreiningu hugtaka og markmiða, í fjórða lagi að miðstýrðri fjármögnun, samvinnu og framþróun, í fimmta lagi að sérstöðu VIRK og réttaröryggi umsækjenda og í sjötta og síðasta lagi um nýgengi örorku, endurhæfingu og árangursmat.

Markmið með atvinnutengdri starfsendurhæfingu

Ábending 1: Nefndin telur að ákvæði í þjónustusamningi milli velferðaráðuneytisins og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs um þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/2012 geti leitt til aðgangshindrana að þjónustu á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs, fyrir þá einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar og einkum og sér í lagi fyrir þá sem þjónustusamningurinn tekur til.

Að mati nefndarinnar felst ákveðin aðgangshindrun í því, að forkröfur þess að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu, skv. markmiðsgrein 2. gr. laga 60/2012, skuli einnig eiga við um þá sem eru utan vinnumarkaðar skv. 9. gr. sömu laga. Í 9. gr. laganna er kveðið á um að starfsendurhæfingarsjóði/-um sé gert að semja við ráðherra um þjónustu sjóðsins við einstaklinga sem ekki eru tryggðir á vinnumarkaði. Þessir einstaklingar eiga einnig að uppfylla þá grunnkröfu að búa við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku í atvinnulífi og er þar vísað til 11. gr. laganna, þar sem kveðið er á um skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá þjónustu. Þessar forkröfur geta verið hindrun fyrir einstaklinga sem eru utan vinnumarkaðar/ekki tryggðir á vinnumarkaði, þar sem eins líklegt, eða líklegra, er að þeir séu fremur eða jafnframt í þeim sporum vegna félagslegra erfiðleika eða aðstæðna.

Hugtökin *félagslegar aðstæður* og *félagslegir erfiðleikar* koma hvorki fyrir í lögunum um atvinnutengda starfsendurhæfingu né í frumvarpinu. Þær forkröfur sem settar eru fyrir þátttöku í atvinnutengdri starfsendurhæfingu geta því mismunað þeim sem starfsendurhæfingarsjóðum er ætlað að tryggja þjónustu. Með þessari forkröfu meðal annars, er líklegt að eitt af meginmarkmiðum laganna, að leitast skuli við að samþætta atvinnutengda starfsendurhæfingu þannig að um heildstætt kerfi endurhæfingar verði að ræða, sé ekki náð að fullu.

Lögin og framkvæmd þeirra geta því skapað flöskuhál, þar sem heilsubrestur og slys er forsenda fyrir þjónustu. Merki þess sjást meðal annars í því að samkvæmt úrtaksrannsókn nefndarinnar voru þeir umsækjendur VIRK sem voru með örorkulífeyri þegar þeir sóttu um, öðrum líklegri til að vera synjað um starfsendurhæfingu. Nefndin telur að ekki sé raunhæft að hólfa líf

einstaklinga niður í heilsufar annars vegar og félagslegar aðstæður hins vegar. Félagslegar aðstæður, heilsufar og líf fólks almennt er samofið og krefst þess að tekið sé heildrænt á málum. Færnivandi eða skerðingar sem stafa af öðru en heilsubresti veitir ekki heldur aðgang að atvinnutengdri starfsendurhæfingu.

Ábending 2: Nefndin telur að ósamræmis gæti í markmiðslýsingum laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða annars vegar og í samþykktum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hins vegar. Ósamræmi markmiða leiðir, að mati nefndarinnar, til þess að eftirfylgni og mat á árangri geti misst marks þar sem viðmið um árangur eru ólík. Þetta ósamræmi getur leitt til vandkvæða bæði við mat á inntöku í starfsendurhæfingu og einnig við mat á árangri þjónustunnar.

Það vekur athygli nefndarinnar að markmiðslýsingar laga og samþykktu VIRK eru ekki aðeins með ólíku orðalagi, heldur beinast þær að ólíkum markmiðum. Markmiðslýsing laganna beinist að því að tryggja öllum þjónustu, tryggðum og ótryggðum á vinnumarkaði, þar sem sjónum er beint að sjálfu starfsendurhæfingarferlinu. Áhersla laganna kemur einnig fram í Kröfufýsingu 1.1 fyrir starfsendurhæfingarsjóði.

Markmiðslýsing VIRK eftir breytingar á Ársfundi sjóðsins 2015 hljóðar svo: „Markmið VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.“. Eins og sjá má þá beinist þessi markmiðslýsing hins vegar að þeim áhrifum sem þjónustan á að ná fram til lengri tíma, með áherslu á fólk sem þegar er á vinnumarkaði.

Heildstætt kerfi endurhæfingar

Ábending 3: Nefndin telur að markmið um þverfaglegt samstarf, eins og kveðið er á um í lögunum, hafi ekki gengið eftir, m.a. vegna þess að við framkvæmd þeirra sé beitt læknisvottorði sem skilyrði fyrir þátttöku í þjónustu á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Nefndin telur mikilvægt að til að tryggja betur réttindi þeirra sem standa utan vinnumarkaðar eða eru með takmarkaða atvinnusögu, þurfi að líta jafnt til allra þátta heilsufars, bæði líkamlegra, sálrænna og félagslegra þátta, með þverfaglegri samvinnu og áherslu á virkni frekar en sjúkdóma, slysa og meðferð.

Sú túlkun laganna að réttur til þátttöku í þjónustu á vegum VIRK sé fyrst og fremst heilsubrestur, hefur stuðning í lögunum sjálfum. Í viðtölum nefndarinnar var ítrekað á það bent að margir sem eru ekki á vinnumarkaði, þurfi hæfingu til að komast á þann stað að geta farið í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Ástæðurnar geta verið mun fleiri en heilsubrestur, til dæmis ónóg skólaganga, erfið uppvaxtarskilyrði og lítil hvatning.²³ Í stuttu máli má segja að á meðan lögin miða að því að endurhæfa fólk sem hefur orðið fyrir heilsubresti eða slysi til að ná upp fyrri hæfni og getu

²³ Sjá skýrsluna Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri.

til vinnu, þá virðast lögin og framkvæmd þeirra geta orðið til þess að fólk með færnivanda, til dæmis vegna ónógrar menntunar, skerðinga eða félagslegra aðstæðna, eigi erfiðara með að komast í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Þannig bendir úrtaksrannsókn sem Félagsvísindastofnu vann í tengslum við þessa úttekt²⁴ til þess að umsækjendur sem hafa aðeins lokið grunnnámi séu líklegri til að vera synjað um starfsendurhæfingu og séu, ásamt þeim sem hafa lokið framhaldsskólanámi, líklegri til að hafa ekki verið starfandi við lok árs 2021.

Félagslegur vandi og þær skerðingar sem hann kann að hafa í för með sér ætti einnig að veiga þungt í inntökuskilyrðum að atvinnutengdri starfsendurhæfingu, samhliða heilsufarsvanda. Í dag er það viðurkennt að vænlegra sé til árangurs að beina sjónum að styrkleika og færni, frekar en eingöngu að veikleikum eða því sem á vantar. Enda er vitað að margir eru í starfi þrátt fyrir heilsubrest og skerta vinnugetu. Vísbendingar eru um að áherslan í dag í atvinnutengdri starfsendurhæfingu sé á getu, en að það vanti meiri áherslu á að fólk öðlist færni; áherslu á það sem fólk vanti til að verða gjaldgengt á vinnumarkaði. Færa má rök að því að margir þyrftu félagslega endurhæfingu eða grunnendurhæfingu á undan atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Með öðrum orðum þá þarf að leggja aukna áherslu á formlegt reglubundið samstarf til að tryggja betur það markmið laganna, að koma á heildstæðu kerfi endurhæfingar með samfellu í þjónustu ólíkra þjónustukerfa svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, opinna virkniúrræða, heilsugæslu og geðdeilda.

Á meðan að framkvæmd laga leggur megináherslu á heilsubrest og slys sem forsendu fyrir þátttöku í þjónustu á vegum VIRK og allt fjármagn til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar er á einni hendi, þá getur róðurinn reynst þeim erfiður sem synjað er um að komast í atvinnutengda starfsendurhæfingu, uppfylla ekki skilyrði fyrir inntöku eða þurfa stuðning og þjálfun áður en atvinnutengd starfsendurhæfing getur hafist. Gögn úrtaksrannsóknar Félagsvísindastofnunar benda til þess að þeim sem var synjað um starfsendurhæfingu hafi, ásamt þeim sem luku henni ekki, verið síður líklegir til að vera starfandi við lok árs 2021 og síður líklegir en aðrir sem voru ekki í starfi til að stefna aftur í vinnu.

Ábending 4: Nefndin telur að talsvert skorti á heildarsýn við skipulag og fjármögnun endurhæfingarkerfisins í heild. Einnig að mikilvægt sé að hafa í huga að þótt einstaka stofnanir innan kerfisins hafi bæði fjárhagslega getu og hæfni meðan öðrum stofnunum kerfisins sé sniðinn þröngur stakkur í þeim efnum, þá er endurhæfingarkerfið í heild sinni ekki skilvirk.

Þegar margir koma að þjónustu við sama einstaklinginn á mismunandi tímum þá verður til þjónustukeðja og eins og almennt gildir um keðjur þá er engin keðja sterkari en veikasti hlekkurinn. Í samtölum nefndarinnar var ítrekað talað um langa bið eftir viðeigandi þjónustu, skort á úrræðum, meðferðar- og endurhæfingarkerfi sem ekki virki og að kerfið sé brotkennt. Fólk í hvað veikastri stöðu líði mest fyrir þetta. Til dæmis má nefna að úrtaksrannsókn sem Félagsvísindastofnun vann í tengslum við þessa úttekt bendir til þess að einstaklingar sem bjuggu við þröngan fjárhag, voru með örorkulífeyri þegar þeim var vísað til VIRK eða höfðu litla menntun, komu verr út varðandi ýmsar útkomur í starfsendurhæfingarferlinu, allt frá umsókn og til atvinnustöðu undir lok árs 2021.

²⁴ Sjá skýrslu Félagsvísindastofnunar í Viðauka 4.

Það er mat nefndarinnar að þegar meðferðar- og endurhæfingarkerfið á Íslandi er skoðað heildstætt þá sé nokkuð ljóst að VIRK búi við umtalsvert tryggari fjármögnun á sinni starfsemi en nokkur önnur starfsemi í þeirri keðju meðferðar- og endurhæfingar sem landsmönnum stendur til boða. Þjónusta á vegum VIRK er aftur á móti mjög háð því að nauðsynleg úrræði séu aðgengileg annars staðar í þjónustukeðjunni/kerfinu og að þar með búi aðrar stofnanir kerfisins, svo sem félagsþjónusta sveitarfélaga, sjúkrahús og endurhæfingarstofnanir, við þær aðstæður sem taldar eru nauðsynlegar til að kerfið í heild sinni skili tilætluðum árangri. Á það skal bent að í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpinu segir orðrétt: „Áhersla er því lögð á að komið verði á styrku kerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar sem starfi samhliða læknisfræðilegri endurhæfingu og félagslegri endurhæfingu eða komi í kjölfar slíkrar endurhæfingar.“. Nefndin telur nokkuð ljóst að þegar starfsskilyrðum og björgum stofnana innan sama kerfis er svo misskipt sem raun ber vitni, verður gangverk kerfisins hvorki nægilega vel samþætt né samhæft og því ekki skilvirk.

Ábending 5: Nefndin bendir á að í þjónustusamningi milli velferðarráðuneytisins og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá september 2017 kemur fram að verkkaupi, það er ráðuneytið, skuli skipa staðbundin samhæfingarteymi, þar sem heilsugæslan, félagsþjónusta sveitarfélaga, starfsendurhæfingarsjóðir, TR og VMST eigi fulltrúa, til að tryggja samvinnu og skilvirkni milli ólíkra þjónustukerfa. Með þessu ákvæði átti með formlegum hætti að stuðla að samstarfi þvert á þjónustukerfi og mynda heildstæðara kerfi endurhæfingar á Íslandi. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Í viðtölum nefndarinnar kemur fram það mat margra viðmælenda að það skorti á að atvinnutengd starfsendurhæfing sé einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar, þar sem VIRK og stofnanir ríkis og sveitarfélaga vinni saman. Til þess að tryggja samfellu í þjónustu sé þörf á auknu samstarfi þvert á þjónustukerfi svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnunar, Vinnumálastofnunar, opinna virkniúrræða, heilsugæslu og geðdeilda. Þá hafi ekki tekist að tryggja gott upplýsingaflæði og reglubundin samskipti VIRK við þessa helstu samstarfsaðila, svo sem kveðið er á um í lögum og í kröfulýsingu með þjónustusamningi. Einnig kom fram í viðtölum að það þurfi að vanda betur yfirfærslu mála frá VIRK til annarra kerfa og auka samstarf við þau, s.s. Tryggingastofnun, um framfærslu meðan á atvinnutengdri starfsendurhæfingu stendur. Úrtaksrannsókn Félagsvísindastofnunar bendir til þess að jafnvel á meðal þeirra sem luku starfsendurhæfingu á vegum VIRK sé umtalsverður hluti sem leiti til heilbrigðiskerfisins, geðheilbrigðiskerfisins eða í aðra endurhæfingu að starfsendurhæfingu lokinni.

Sameiginlegur skilningur: Skilgreining hugtaka og markmiða

Ábending 6: Nefndin telur að móta þurfi betur heildarsýn á viðfangsefni atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og sameiginlegan skilning á markmiðum og þeim leiðum sem fara þarf, til að ná markmiðum atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Af gögnum nefndarinnar má ráða að margar þær áskoranir sem einkenna starf tengslaneta og fjallað er um í kafla 1 hér frammar, *Starfsemi VIRK: Tengslanet í opinberri stjórnsýslu*, eigi við um atvinnutengda starfsendurhæfingu hérlandis. Vísbendingar eru um að markmið með þjónustu við

einstaklinga séu ekki nægilega vel samræmd meðal þeirra sem skipuleggja og fylgja eftir markmiðum atvinnutengdra starfsendurhæfingaráætlana.

Nefndin getur tekið undir það sjónarmið sem fram kom í viðtölum við ráðgjafa VIRK hjá nefndinni að gagnlegt sé að hafa skýr, vel skilgreind og mælanleg markmið til að vinna eftir. Aftur á móti geta markmið stundum haft tilhneigingu til að sníða einstaklingum þróngan og ferkantaðan stakk sem getur virkað sem einföldun á þeim vanda sem einstaklingar eiga við að etja. Vandí hvers einstaklings getur verið bæði flókinn, margþættur og breytingum háður. Þá fari ekki vel á því ef gengið er út frá því að unnt sé að hólfa líf og þarfir einstaklinga niður og meðhöndla eitt afmarkað vandamál eins og að það sé óháð öðru því sem einstaklingurinn tekst á við.

Ábending 7: Nefndin telur brýnt að hugtök um mismunandi tegundir endurhæfingar verði betur skilgreind svo skýra megi betur keðju endurhæfingarkerfisins á Íslandi. Nefndin telur að ófullnægjandi skilgreiningar á hugtökum um starfsendurhæfingu hafi leitt til þess að þröngri túlkun á atvinnutengdri starfsendurhæfingu sé beitt, sem getur mismunað hluta þess hóps sem starfsendurhæfingarsjóðum er ætlað að veita þjónustu.

Hvergi er að finna á einum stað í þeim gögnum og heimildum sem nefndin hefur skoðað, samræmdar skilgreiningar á ýmsum þeim hugtökum sem koma fyrir í umræðu um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Þessi skortur á skilgreiningum skapar vanda við skipulag þjónustukerfis sem ætlað er að virka eins og þjónustukeðja, þar sem margir mismunandi þjónustuaðilar koma að þjónustu við einstaklinga á mismunandi tímum. Hugtökin *grunnendurhæfing*, *frumendurhæfing*, *félagsleg endurhæfing*, *læknisfræðileg endurhæfing*, *starfsendurhæfing* og *atvinnutengd starfsendurhæfing* koma víða fyrir í þeim heimildum sem nefndin hefur skoðað. Aftur á móti er hvergi að finna kerfisbundnar skilgreiningar á þessum hugtökum og því hvernig kerfinu er ætlað að virka og vinna saman til samræmis við þær skilgreiningar. Sem dæmi má nefna að einn stærsti aðili sem VIRK kaupir þjónustu af er Janus, læknisfræðileg endurhæfing. Í því samhengi má spyrja hvort það geti talist eðlilegt að sú þjónusta heyri undir VIRK. Nefndin telur brýnt að hugtök um mismunandi tegundir endurhæfingar verði betur skilgreind svo skýra megi betur keðju endurhæfingar og fá með því heildstæða mynd á endurhæfingarþjónustu, hvaða nöfnum sem hún nefnist, og skapa með því sameiginlegan skilning á því hver á að gera hvað, fyrir hverja, hve mikið, hvar og hvenær.

Nefndin telur að hér sé á ferðinni mótsögn sem í þessu sambandi megi rekja til þess að skilgreiningin á atvinnutengdri starfsendurhæfingu feli í sér þjónustu sem aðstoðar fólk til að komast aftur út á vinnumarkað eftir heilsubrest eða slys, meðan þjónusta við fólk sem á sér enga eða takmarkaða sögu á vinnumarkaði getur strangt til tekið ekki verið skilgreind sem atvinnutengd starfsendurhæfing, heldur atvinnutengd starfshæfing. Hér kann að vera um skilgreiningarvanda að ræða og að þessi framsetning á meginmarkmiðum laganna líði því fyrir skort á nánari skilgreiningu á hugtakinu *atvinnutengd starfsendurhæfing* og tengslum þess við aðrar tegundir endurhæfingar.

Miðstýrð fjármögnun, samvinna og framþróun

Ábending 8: Nefndin telur að með því að fela einum og sama aðila mat á þörf, ákvarðanir um framkvæmd og kaup á atvinnutengdri starfsendurhæfingu hafi mikil völd yfir framkvæmd og þróun slíkrar þjónustu verið færð á einn stað í kerfi endurhæfingar í landinu.

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður er miðstýrð starfsemi, sem með kaupendahlutverki sínu og valdi til að meta sjálfur þörfina fyrir þá þjónustu sem sjóðurinn kaupir, ákvarðar bæði eftirspurnina og framboðið. Þar sem VIRK er eini atvinnutengdi starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu, þá hafa mikil völd verið færð á einn stað í kerfi endurhæfingar á landinu. Sérfræðingar VIRK hafa til að mynda úrslitavald um það hvort einstaklingur komist í starfsendurhæfingu, hvar og hve langan tíma hann fær eða hvenær hann hættir. Fram kom hjá viðmælendum að ekki sé nægilegt samráð milli þeirra og VIRK og að samskiptin einkennist of oft af einhliða ákvörðunum og skorti á samtali. Þá kemur einnig fram í gögnum nefndarinnar að þjónustuaðilar sem VIRK kaupir þjónustu af, mega hvorki kynna né auglýsa þjónustu sína. Hvorki úrtaksrannsókn nefndarinnar né þau skráagögn sem nefndin hafði aðgang að gerðu henni kleift að greina nægilega þann hóp sem var synjað um starfsendurhæfingu hvað varðar ástæður synjunar.

Ábending 9: Nefndin telur að með flutningi á þjónustusamningum starfsendurhæfingarstöðvanna frá félagsmálaráðuneyti til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs hafi starfsemi og þjónusta þeirra tekið breytingum í þá veru að viðkvæmir hópar eiga ekki nógu greiða leið að þjónustunni.

Við setningu laga nr. 60/2012 var lagt upp með það að markmiði að tryggja þeim sem standa utan vinnumarkaðar, eða eru með takmarkaða atvinnu– sögu, aðgengi að atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Þar hafa starfsendurhæfingarstöðvarnar haft og hafa enn algera sérstöðu því þangað er þyngstu málunum vísað. Þar fer fram heildstæð þverfagleg starfsendurhæfing og einstaklingum sem þangað er vísað þurfa oft lengri tíma í þjálfun og fjölþættari þjónustu en veitt er hjá ráðgjöfum stéttarfélaganna. Í gögnum og heimildum nefndarinnar eru vísbendingar um að eftir að þjónustusamningar við stöðvarnar voru færðir til VIRK hafi aðgengi að þeim breyst, tilvísunum heldur farið fækkandi, og tímalengd meðferðar styst. Í viðtölum nefndarinnar kom fram að ekki hafi verið haft samráð við stöðvarnar um þessa þróun og að þær hafi lengst af ekki getað gert áætlanir fram í tímann þar sem þjónustusamningar hafi alla jafna aðeins verið gerðir til 12 eða 18 mánaða. Þetta hafi þýtt í raun að sá fjöldi mánaða sem VIRK keypti af starfsendurhæfingarstöðvunum hafi farið fækkandi. Það hafi skapað óvissu sem gerði skipulag, framkvæmd og rekstur erfiðari og nýsköpun og þróun nánast ómögulega. Þessa þróun þarf að skoða í ljósi mikilvægs hlutverks stöðvanna sem þjónustuaðila á landsbyggðinni, þar sem þar er skortur á þjónustu-úrræðum. Það er skýrt í d. lið 10. gr. laga nr. 60/2012, að einstaklingur sem uppfyllir skilyrði til að fá þjónustu eigi að fá hana sem næst heimabyggð sinni. Í upplýsingum frá VIRK kom fram að samningstíminn við stöðvarnar hafi verið lengdur frá og með árinu 2021.

Þá kom fram bæði hjá stofnunum, félagasamtökum og félagsþjónustu sveitarfélaga að eftir því sem árin líða sé erfiðara að koma einstaklingum sem hafa glímt við margháttadan vanda í atvinnutengda starfsendurhæfingu. Í einu viðtali var sagt orðrétt: „Fólki er neitað aftur og aftur sem hefur verið í neyslu, en er búíð að snúa við blaðinu.“ Það sama kom fram um fólk sem hefur átt við alvarlega geðræna erfiðleika að etja, en hefur náð bata og er að mati fagfólks komið á þann stað

að það geti hafið atvinnutengda starfsendurhæfingu. Það fær stundum ekki inngöngu, á grundvelli fyrri sögu.

Gögnin og upplýsingar styðja að það séu ákveðnir hópar sem komast síður í starfsendurhæfingu en aðrir, auk þess sem VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður þrýsti í sumum tilvikum á um að stytta tímann sem einstaklingurinn er í starfsendurhæfingu. Dregið hefur úr sjálfræði starfsendurhæfingarstöðva og aðgengi að þjónustu þeirra og innihald hennar hefur breyst. VIRK leggur mikla áherslu á einstaka úrræði meðan einkenni starfsendurhæfingarstöðva er samfelld þjónusta með viðveru og dagskrá þar sem fólki er kennt og það stutt til að koma reglu á sitt daglega líf. Þar sem nánast eingöngu er beðið um þjónustu sálfræðinga og sjúkrabjálfa í þjónustupöntunum frá VIRK þá hefur vaknað upp sú spurning hjá starfsendurhæfingarstöðvunum hvort stöðvarnar séu að veita of mikla þjónustu.

Ábending 10: Nefndin hefur efasemdir um ágæti þess að kaupandi þjónustu hlutist í miklum mæli til um innra starf og framþróun starfsmanna hjá þeim sem selja sjóðnum þjónustu sína. Nefndin telur að það geti skaðað það traustsamband sem vera þarf til staðar milli kaupanda og seljanda á viðkvæmum þjónustumarkaði og geti bæði hamlað eðlilegri fagþróun og í sumum tilvikum haft áhrif á metnað til nýsköpunar.

Fram kom í viðtölum og gögnum að þess séu dæmi að sjóðurinn vilji hafa áhrif á fagmenntun starfsmanna á starfsendurhæfingarstöðvum og þeirra sem þær kaupa þjónustu af. Starfsendurhæfingarstöðvarnar vinna út frá heildarsýn á þörfum þátttakenda svo að þeir nái stjórn á lífi sínu og aðstæðum og geti orðið virkir þátttakendur í leik og starfi. Reynsla starfsendurhæfingarstöðvanna hefur sýnt að oftast er um fjölþættan og þungan vanda að etja sem hefur áhrif á alla fjölskylduna. Því veita starfsendurhæfingarstöðvar fjölbreytta þjónustu s.s. fjölskylduráðgjöf, fjármálaráðgjöf og næringarráðgjöf. Í því samhengi hlýtur að þurfa að leita svara við spurningum eins og þeim sem nefndin fékk að heyra, hvað það þýði að einstaklingsbundin úrræði megi einungis vera í höndum fagaðila með löggilt starfsleyfi frá landlækni.

Sérstaða VIRK og réttaröryggi umsækjenda

Ábending 11: Sérstaða VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs innan velferðarkerfisins vekur upp spurningar um réttaröryggi umsækjenda. Nefndin telur að stöðu umsækjenda um þjónustu á vegum VIRK þurfi að skoða í ljósi þess hvort hér sé um stjórnvaldsákvörðun að ræða er varði réttindi og skyldur borgaranna og hvort réttaröryggi umsækjenda um þjónustu á vegum VIRK sé tryggt með sama hætti og umsækjenda um aðra velferðar-, félags- og heilbrigðisþjónustu.

Eins og fyrr segir þá er VIRK eini starfandi starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu. Sjóðurinn er umsvifamikill kaupandi að þjónustu sem fellur að markmiðum atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Umsækjendur um atvinnutengda starfsendurhæfingu geta ekki leitað annað hér á landi. Í lögum nr. 60/2012 er kveðið á um starfsendurhæfingarsjóði og ekki gengið út frá að aðeins yrði um einn sjóð að ræða.

Á það hefur verið bent að sjóðurinn tekur við tilvísunum með beiðni um atvinnutengda starfsendurhæfingu, metur sjálfur réttindi og þarfir umsækjenda fyrir þá þjónustu sem sjóðurinn kaupir

og gerir einstaklingsbundnar áætlanir um tegund og magn þeirrar endurhæfingaráþjónustu sem hverjum umsækjanda er úthlutað. Með öðrum orðum, þá skilgreinir sjóðurinn bæði eftirspurnina og framboðið. Slíkt fyrirkomulag er þekkt innan hagfræðinnar sem framboðsleidd eftirspurn (e. *supplier induced demand*) sem getur boðið heim hættunni á rjómafleytingum (e. *cream skimming*). Sjóðurinn geti þannig stjórnað flæðinu, valið hverjir fá þjónustu og þar með haft áhrif á þann árangur sem þjónustan sýnir. Hér er um viðurkenndan áhættuþátt að ræða, sem felst í því að einstaklingar sem þurfa dýra og samþætta þjónustu og ef til vill þjónustu í lengri tíma sé vísað frá eða vísað annað (e. *patient-dumping*). Þessi staða VIRK er einstök hér á landi og hefur vakið upp spurningar um réttaröryggi umsækjenda um þjónustu á vegum sjóðsins.

Ljóst er að ákvarðanir sjóðsins um að synja umsækjendum um aðgang að atvinnutengdri starfsendurhæfingu geta verið mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi og því má spyrja hvort ákvarðanir hans geti talist stjórnvaldsákvarðanir er varði réttindi og skyldur borgaranna. Nefndin telur að hér megi líta til starfs færni- og heilsumatsnefnda sem annast mat á þörf fyrir dvöl í hjúkrunarrými og dvalarrými. Hér er um samræmt matskerfi að ræða á landsvísi sem meðal annars er ætlað að stuðla að því að allir umsækjendur sitji við sama borð og að réttaröryggis umsækjenda sé gætt.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að í Kröfulýsingu 1.1. fyrir starfsendurhæfingarsjóði er skýrt kveðið á um meðferð synjana og um meðferð ábendinga og kvartana. Nefndin hefur fengið ábendingar um að ekki sé að öllu leyti unnið í samræmi við kröfur um meðferð synjana.

Ábending 12: Nefndin telur að sterk staða VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs á þjónustumarkaði hafi bæði skapað fákeppnisvanda og samkeppnisvanda.

Ráðgjafar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs eru í beinu ráðningarsambandi við stéttarfélögin, ráðnir í samstarfi við VIRK og vinna skv. reglum og fyrirmælum VIRK enda greiðir VIRK laun og kostnað vegna starfa þeirra. Færa má fyrir því rök að hér sé það í raun VIRK sem veitir þjónustuna. Í gögnum nefndarinnar má finna dæmi þess að VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður sé kominn í samkeppni við aðra stofnanir og þjónustuaðila, jafnvel þá sem sjóðurinn kaupir þjónustu af. Þetta má ef til vill skýra með því að fáir þjónustuaðilar eru á þessum markaði og því skapist fákeppni sem birtist með þessu hætti í þjónustunni á vegum VIRK.

Aftur á móti er samkeppni um sérhæft starfsfólk þar sem VIRK er í stakk búin til að greiða hærri laun og gera þannig betur við sitt starfsfólk en hið opinbera. Fram kom í samtölum nefndarinnar að margir sérhæfðir starfsmenn á sviði velferðarþjónustu með mikla reynslu hafi farið frá ríki og sveitarfélögum til starfa hjá VIRK. Ruðningsáhrif af nýrri umfangsmikilli starfsemi á litlum markaði eru þekkt fyrirbæri og í þessi tilviki geta þau einmitt leitt til spekileka hjá þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga.

Nýgengi örorku, endurhæfingartíðni og árangursmat

Ábending 13: Nauðsynlegt er að fylgjast stöðugt með breytingum á nýgengi örorku og endurhæfingartíðni. Greina þarf breytingar að lágmarki eftir aldri og kyni og varast að einblína á einfaldar fjöldatölur. Athuganir nefndarinnar á nýgengi örorku og endurhæfingartíðni sýna að verulegar breytingar hafa orðið undanfarin tuttugu ár.

Aldurssamsetning þjóðarinnar hefur veruleg áhrif á fjölda örorkutilvika og því fæst réttari mynd af umfangi örorku og árangri endurhæfingar með því að skoða nýgengi og endurhæfingartíðni. Verkefni starfsendurhæfingarsjóða er síbreytilegt bæði hvað varðar umfang og samsetningu þeirra sem eru í þörf fyrir þjónustu. Þetta getur haft áhrif á ráðstöfun fjármagns og áherslur í starfi starfsendurhæfingarsjóða. Því er mikilvægt og upplýsandi að lýsa ferli þátttakenda sem hefja þjónustu á vegum VIRK og tímalengd þeirra á ólíkum stigum/stöðum, eins og flokkun Markov-reiknilíkansins dregur fram, sem og að skoða hvaða tekjur þátttakendur hafa á vinnumarkaði fyrir og eftir þjónustu á vegum VIRK.

Meðaltekjur fyrir upphaf þjónustu eru talsvert undir meðaltekjum fullvinnandi launafólks og svo er einnig eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur. Meðal þeirra sem skráðir eru með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu, eru tekjur eftir að þjónustu lýkur svipaðar og áður en þjónusta hófst, en hjá öðrum hópum mun lægri. Tekjur fara svo heldur lækkandi næstu ár á eftir en hér verður að hafa í huga mjög háa örorkutíðni fyrstu ár eftir að þjónustu á vegum VIRK lýkur, sem á einnig við um þá sem eru með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu.

Ábending 14: Félagslegir þættir og vinnumhverfi lágláunastarfa kunna að eiga umtalsverðan þátt í nýgengi örorku. Stefnumótun og forvarnir, þar sem horft er til þessara þátta, kynnu að vera áhrifarík leið til þess að draga úr nýgengi örorku, ekki síður en áhersla á endurhæfingu.

Niðurstöður bæði úr stjórnsýsluhluta heildarúttektarinnar og úrtaksrannsókn Félagsvísindastofnunar styðja við þessa ábendingu. Í stjórnsýsluúttektinni kom ítrekað fram í viðtölum við fagfólk og stjórnendur að fólk í lágláunastörfum, og þá sérstaklega eldri konur í umönnunarstörfum, væru líklegri til að leita til VIRK vegna stoðkerfisvanda en aðrir, og að það sé oft ómögulegt að finna störf við hæfi eða hlutastörf fyrir þennan hóp eftir að starfsendurhæfingu lýkur. Í niðurstöðum úrtaksrannsóknar Félagsvísindastofnunar kemur meðal annars fram að elsti aldurshópurinn er ólíklegastur til að ná árangri í starfsendurhæfingu. Þar kemur einnig fram að langhæst hlutfall þeirra sem voru með örorkulífeyri þegar könnunin var gerð, voru í aldurshópnum 56–66 ára, eða 57%.

Ábending 15: Meðferðarúræði þarf að sníða að þörfum þeirra einstaklinga sem meðferðina sækja, og einnig ef unnt er að greina tilvik þar sem meðferð muni ekki koma að haldi. Eftirfylgni með afdrifum þátttakenda og orsökum þess að sótt er um örorku eftir að meðferð lýkur er mikilvæg í þessu tilliti.

Fram kemur í niðurstöðum úrtaksrannsóknar í 3. kafla þessarar skýrslu, að jafnvel meðal þeirra sem ljúka þátttöku í þjónustu á vegum VIRK, er nýgengi örorku mun hærra en hjá sjóðfélögum lífeyrissjóða almennt. Jafnframt má sjá í töflu 31 í viðauka með skýrslu um úrtaksrannsókn Félags-

vísindastofnunar (sjá Viðauka 5), að 33% þeirra sem luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu, voru með örorkulífeyri þegar úrtaksrannsóknin var gerð. Þetta getur verið vísbending um að meðferð sem veitt hefur verið, hafi ekki í öllum tilvikum komið að gagni. Mikilvægt er að taka fram hér að í þessari meðferð sem annarri, er erfitt að meta árangur og setja viðmið þar um.

Ábending 16: Gagnagrunnur VIRK, YODA, þarf að geta þjónað því markmiði að draga út upplýsingar um notendur þjónustunnar, skipt eftir bakgrunnsbreytum sem nauðsynlegar eru meðal annars til tölfraðilegrar greiningar og til að fylgjast með þróun yfir tíma.

Gagnagrunnur VIRK, YODA, þjónar ekki nógu vel því markmiði að draga út upplýsingar til tölfraðilegrar greiningar. Eitt af mikilvægum hlutverkum gagnagrunna er að hægt sé að draga út upplýsingar um notendur þjónustunnar og greina þær eftir bakgrunnsbreytum, s.s. aldri, kyni, stéttarfélagsaðild, menntun, stöðu á vinnumarkaði og framfærslustöðu. Það reyndist bæði flókið og tímafrekt fyrir nefndina að nálgast gögn, hvort sem var vegna úrtaksgerðar, upplýsinga sem gert er ráð fyrir að VIRK standi skil á gagnvart kröfulýsingu ráðuneytisins eða vegna keyrslu gagnaskrár með bakgrunnupplýsingum um einstaklinga sem fengið hafa þjónustu á vegum VIRK.

Ábending 17: Kostunaraðilar starfsendurhæfingar þurfa reglulega að gera sjálfstætt mat á árangri starfseminnar. Reiknilíkan á borð við það sem sett er upp í 2. kafla þessarar skýrslu, um úrvinnslu á gögnum VIRK, gefur mikilvægar vísbendingar um árangur atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Samþætting við gögn lífeyrissjóða og TR gefur svo frekari upplýsingar um árangur og þróun til lengri tíma.

Af hálfu VIRK hefur árangur af starfseminni meðal annars verið kynntur með mati á viðbótavinnutekjum sem þátttakendur í þjónustu á vegum VIRK hefðu aflað umfram það sem verið hefði án þjónustunnar. Útreikningar nefndarinnar benda til þess að þær fjárhæðir sem kynntar hafa verið í því sambandi feli í sér verulegt ofmat.

HEIMILDIR

- Ásdís Sigurjónsdóttir, Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger. (2019). Við höfum þurft að breyta okkar starfi. Starfsendurhæfing á Íslandi frá sjónarhóli starfsfólks starfsendurhæfingarstöðva. *Íðjubjálfinn*, bls. 6-13. <https://timarit.is/page/7357255#page/n5/mode/2up>
- Breen, R. og Muller, W. (2020). *Education and Intergenerational Social Mobility in Europe and the United States*. Stanford University Press.
- Félagsmálaráðuneytið. Febrúar 2019. *Nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu. Tillögur faghóps um mótun og innleiðingu starfsgetumats*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/-Nytt%20kerfi%20starfsendurhaefingar%20og%20mats%20a%20starfsgetu.pdf>
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2016). *Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2016/11/16/Stada-ungs-folks-med-ororku-eda-endurhaefingarlifeyri/>
- Frumvarp til laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þingskjal 1173, 140. löggjafarþing 2011-2012. <https://www.althingi.is/altext/140/s/1173.html>
- Goldsmith, S. og Eggers, W.D. ritstj. (2004). *Governing by Network: The New Shape of the Public Sector*. Ash Center and Brookings Institution Press.
- Heilbrigðisráðuneytið, apríl 2020. *Endurhæfing: Tillögur að endurhæfingarstefnu*. https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Endurhaefing-tillogur-ad-stefnu_Sept2020.pdf
- Heilsueflandi. www.heilsueflandi.is
- Hringsjá. <https://hringsja.is/>
- Janus endurhæfing. <https://janus.is/>
- Karl Andersen o.fl. (2022). Áhrif menntunar á áhættuþætti og nýgengi æðakölkunarsjúkdóma. *Læknablaðið* 108(7-8), 346-355.
- Klijn, E.H. og Koppenjan, J. (2015). *Governance networks in the public sector*. London: Taylor and Francis. DOI:10.4324/9781315887098
- Koliba, C., Meek, J.W. og Zia, A. (2011). *Governance Networks in Public Administration and Public Policy* (1. útg.). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781315093451>
- Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. (2012). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012060.html>
- Lög um almannatryggingar nr. 100/2007. <https://www.althingi.is/lagas/151b/2007100.html>
- Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020 nr. 135/2019. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.135.html>
- Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007099.html>
- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997129.html>
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/-2006055.html>
- OECD. (21. okt. 2021). *Building inclusive labour markets: Active labour market policies for the most vulnerable groups*. Sótt af <https://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/building-inclusive-labour-markets-active-labour-market-policies-for-the-most-vulnerable-groups-607662d9/>
- Reglugerð um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma nr. 466/2012. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/466-2012>

Reglugerð um örorkumat nr. 379/1999. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/379-1999>

Ríkisendurskoðun. (2012). *Atvinnutengd starfsendurhæfing*. Skýrsla. <https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2012-Starfsendurhaefing.pdf>

Ríkisendurskoðun. (2015). *Eftirfylgni: Atvinnutengd starfsendurhæfing*. Skýrsla. https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2015-atvinnutengd_starfsendurhaefing.pdf

Ríkisendurskoðun. (2018). *Eftirfylgni: Atvinnutengd starfsendurhæfing*. Skýrsla. <https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2018-Atvinnutengd-starfsendurhaefing.pdf>

Ríkisendurskoðun. (2022). *Gedheilbrigðisþjónusta. Stefna - skipulag - kostnaður - árangur*. Skýrsla að beiðni Alþingis. Stjórnsýsluúttekt. <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-gedheilbrigdismal.pdf>

Samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra annars vegar og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs, SES, hins vegar. (2015). <http://old.sa.is/media/1511/samningur-milli-virk-og-rikisins.pdf>

Samvinna starfsendurhæfing, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS). <https://www.mss.is/samvinna-starfsendurhaefing/>

Sandra Guðmundsdóttir. 2020. Tól fyrir bjartari framtíð. Viðtal. *Kynningarblað Fréttablaðsins*, 28. október 2020, bls. 6. Sótt af <https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/SC201028.pdf>

Skipulagsskrá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs eftir samþykktar breytingar á ársfundi 2015. (2015). <https://www.virk.is/is/um-virk/stefna/skipulagsskra>

Starfsendurhæfing Austurlands (StarfA). <https://www.starfa.is/>

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar. <http://stendur.is>

Starfsendurhæfing Norðurlands (SN). <https://www.stn.is/>

Starfsendurhæfing Suðurlands (Birta). <https://www.birtastarfs.is/>

Starfsendurhæfing Vestfjarða (SEV). <https://sev.is/>

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest). <https://padlet.com/betawish/k678ljhg30jh>

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs. Innkaupastefna VIRK. (2017). Sótt af <https://www.virk.is/static/files/ste-05-innkaupastefna-3.0.pdf>

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður. <https://virk.is>

VIRK. *Ársrit um starfsendurhæfingu*. (2022). https://www.virk.is/static/files/2022/arsrit-2022_net_lokaskjal_pages.pdf

VIRK. *Ársrit um starfsendurhæfingu. 2010-2022*. <https://www.virk.is/is/um-virk/utgefid-efni/arsrit-og-skyrslur#arsrit-virk>

Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. 146. löggjafarþing 2016–2017. Nr. 16/146 (2017). <https://www.althingi.is/-altext/146/s/1000.html>

Þjónustusamningur milli velferðarráðuneytisins og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. (2017). https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Velferdarraduneytid/ymsar-skrar/VIRK_Þjónustusamningur.pdf

VIÐAUKAR 1 – 3

Viðauki 1. Skipunarbréf

Viðauki 2a. Aðferðafræði við útjöfnun

Viðauki 2b. Launatekjur mismunandi hópa - töflur

Viðauki 3. Ákvörðun tíðnifalla reiknilíkans

VIÐAUKAR 4 – 7 (BLS. 112 OG ÁFRAM)

Viðauki 4. Úrtaksrannsókn. Skýrsla FVST: Afdrif, reynsla og viðhorf einstaklinga sem var vísað til VIRK – Starfsendurhæfingar 2015–2019

Viðauki 5. Viðauki við skýrslu Félagsvísindastofnunar

Viðauki 6. Umsókn 1 til Persónuverndar

Viðauki 7. Umsókn 2 til Persónuverndar

Viðauki 1 – Skipunarbréf

Sigríður Jónsdóttir
Bjargarsög 15
101 Reykjavík



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 103 Reykjavík
Sími 545 8100 Ásðóttir
stjornunardad.is

Reykjavík 28. janúar 2021
Tíð: FRN2101021709.12.05

Efni: Skipunarbréf

Félags- og barnamálaráðherra skipar þig hér með í nefnd sem falið er að gera heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses í samnæmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012 um stöðvutengda starfsendurhæfingu og starfssemi starfsendurhæfingarsjóða.

Samkvæmt fyrrnefnda bráðabirgðakvæði er nefndinni falið:

„að leggja mál á það hvoet framlögum ákv. 5.–7. gr. hafi verið ríðstafð með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra mækmíða sem stefnt er að í lögum þessum og hvoet þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á óorkubæði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi öðru á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða.“

Nefndin skal skila skýrsla til ráðherra eigi síðar en 1. september 2021.

Nefndin er þannig skipuð:

Sigríður Jónsdóttir, formaður.

Bjarni Ragnar Guðmundsson.

Kolheinn Hólmur Stefánsson.

Sigríbjörg Sigurgeirsdóttir.

Soffía Gísladóttir.

Greitt er fyrir setu í nefndinni.

Asmundur Einar Dáðason
Asmundur Einar Dáðason

Gissur Pétursson
Gissur Pétursson

Viðauki 2a. Aðferðafræði við útjöfnun

Í þessari grein verður fjallað um útjöfnun endurhæfingar- og örorkutíðni. Ítarlegri umfjöllun er að finna í [\cite{fmw:gmf}](#).

Látum nú $\mu_x(\alpha)$ vera tíðnina sem er fall af aldri x og einhverjum stikum α . Ef R_x og A_x eru áhættutími og dauðsföll á aldrinum $]x, x + 1[$ fyrir eitthvert aldursbil $m \leq x \leq n$ þá lýtur A_x Poisson dreifingu með meðaltal $R_x \int_x^{x+1} \mu_s(\alpha) ds$ sem við leyfum okkur að nálga með $\lambda_x = R_x \mu_{x+1/2}$. Hálíknafallið verður

$$L(\alpha) = \prod_{x=m}^n \exp(-\lambda_x) \frac{(\lambda_x)^{A_x}}{A_x!}.$$

Þar sem

$$\log L(\alpha) = \sum_{x=m}^n -\lambda_x + A_x \log(\lambda_x) - \log A_x !$$

og R_x og A_x eru ekki háð α er jafngilt að hámarka L og fallið

$$L_1(\alpha) = -R_x \mu_{x+1/2} + A_x \log(\mu_{x+1/2}).$$

Látum nú $\hat{\alpha}$ vera gildið á α sem hámarkar L_1 . Metillinn $\hat{\alpha}$ er aðfelluréttur og hefur lægsta mögulega meðalfervik. Þannig gildir að $E(\hat{\alpha}) \rightarrow \alpha$ þegar áhættutíminn stefnir á óendanlegt þar sem α er hinn rétti óþekkti stikavigur.

Til að finna samfylgnifylki α látum við

$$H_{ij}^1(\alpha) = -\frac{\partial^2 L^1(\alpha)}{\partial \alpha_i \partial \alpha_j}$$

Upplýsingafylkið er skilgreint sem vænt gildi fylkisins H^1 það er

$$H(\alpha) = E(H^1(\alpha))$$

og þekkt er að fyrir hálíknametla gildir aðfelltulega

$$\text{Cov}(\hat{\alpha}) = H(\alpha)^{-1}.$$

Nú er α ekki þekkt en í reynd er $\hat{\alpha}$ góð nálgun við α og því hægt að meta samfylgnifylkið sem

$$\text{Cov}(\hat{\alpha}) = H(\hat{\alpha})^{-1}$$

Stökin í upplýsingafylkinu verða í okkar tilviki

$$H_{ij} = \sum_x \frac{R}{\mu} \frac{\partial \mu}{\partial \alpha_i} \frac{\partial \mu}{\partial \alpha_j}$$

Útjafnanir fyrir örorkutiðni

Reiknaðar voru útjafnanir fyrir örorkutiðni karla og kvenna fyrir fjögur mismunandi tímabil, 2000–2004, 2005–2009, 2010–2014 og 2015–2019. Tíðni tímabilsins 2015–2019 var hækkuð um 9,2% vegna tilvika sem eiga eftir að koma fram. Formúlur af taginu

$$\sigma_x = a_0 + a_1X + \exp(b_0 + b_1X)$$

þar sem $X = (x - 40)/25$ og x er aldur í árum reyndust passa fyrir bæði kynin og öll tímabil.

Stuðlar reyndust eftirfarandi fyrir karla:

	2000–2004		2005–2009		2010–2014		2015–2019	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	4,2193e -3	2,5672e -4	3,4095e -3	2,003e -4	3,4623e -3	3,281e -4	3,5548e -3	2,2743e -4
a_1	4,2559e -3	4,3712e -4	3,531e -3	3,5094e -4	3,8759e -3	4,7494e -4	3,8638e -3	3,6988e -4
b_0	-9,0725	1,049	-9,2867	0,91738	-8,4255	1,0879	-8,8482	0,9689
b_1	4,6043	1,1116	4,7721	0,97411	3,4397	1,0895	4,1163	1,002

... og fyrir konur:

	2000–2004		2005–2009		2010–2014		2015–2019	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	6,2279e -3	2,9105e -4	3,975e -3	5,4306e -4	5,2182e -3	1,3491e -3	7,0146e -3	4,8688e -4
a_1	6,9125e -3	4,8187e -4	4,6515e -3	7,0188e -4	6,1891e -3	1,3448e -3	7,709e -3	6,9893e -4
b_0	-8,7656	0,81816	-7,1083	0,56039	-6,7861	1,1396	-8,1754	1,3989
b_1	4,7793	0,87537	3,056	0,55801	2,162	0,95948	3,3252	1,3769

Útjöfnun endurhæfingartíðni

Reiknaðar voru útjafnanir fyrir endurhæfingartíðni karlkyns og kvenkyns öryrkja fyrir fjögur mismunandi tímabil 2000–2004, 2005–2009, 2010–2014 og 2015–2019. Formúlur af taginu

$$\rho_x = a_0 + a_1X + a_2X^2 + a_3X^2$$

þar sem $X = (x - 50)/25$ og x er aldur í árum reyndust passa fyrir bæði kynin og öll tímabil.

Stuðlar reyndust eftirfarandi fyrir karla:

	2000–2004		2005–2009	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	1,7944e -2	1,6148e -3	2,5937e -2	1,722e -3
a_1	-6,9692e -3	6,2311e -3	-4,3166e -2	3,6174e -3
a_2	5,6666e -3	7,999e -3	2,7109e -2	8,5119e -3

a_3	-6,7405e -2	1,7525	-	-
-------	-------------	--------	---	---

	2010–2014		2015–2019	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	1,5745e -2	1,2739e -3	2,6132e -2	1,5683e -3
a_1	-2,6279e -2	2,8566e -3	-5,5403e -2	3,5998e -3
a_2	1,9673e -2	6,6334e -3	3,8093e -2	7,9696e -3

... og fyrir konur:

	2000–2004		2005–2009	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	1,1576e -2	7,7083e -4	2,243e -2	9,9677e -4
a_1	-1,5851e -2	1,8243e -3	-3,4445e -2	2,2355e -3

	2010–2014		2015–2019	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	1,2354e -2	9,1742e -4	1,8735e -2	1,0552e -3
a_1	-1,8713e -2	1,9661e -3	-4,0182e -2	2,4503e -3
a_2	8,1132e -3	4,5747e -3	3,193e -2	5,4912e -3

Viðauki 2b. Launatekjur mismunandi hópa - töflur

Tafla 2.13. Meðaltekjur karla með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	82	3.373.350	3.242.616	3.082.346	2.920.428	2.556.120	3.045.100
2011	118	3.289.756	3.843.626	3.768.570	3.704.169	3.927.083	3.927.985
2012	160	2.794.161	3.326.242	3.490.461	3.600.610	3.676.724	3.134.355
2013	137	3.021.000	3.628.505	3.614.534	3.815.959	3.100.740	3.188.324
2014	180	2.548.079	3.244.553	3.481.175	3.027.030	3.095.637	3.038.182
2015	181	2.394.514	3.629.143	2.913.485	2.877.597	2.622.466	2.564.166
2016	190	2.522.768	2.852.498	2.581.513	2.518.891	2.210.987	
2017	178	3.028.162	2.522.392	2.486.167	2.579.791		
2018	202	3.095.725	3.043.719	2.858.321			
2019	212	2.995.397	3.218.451				

Tafla 2.14. Meðaltekjur kvenna með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	103	2.396.672	2.113.731	2.162.647	1.925.164	1.869.116	1.790.178
2011	228	1.967.351	2.007.939	2.038.959	2.202.137	2.347.046	2.468.444
2012	287	1.670.015	1.839.101	1.876.663	1.861.685	1.985.870	1.658.829
2013	269	2.017.476	2.169.857	2.045.032	2.021.242	1.575.075	1.679.604
2014	336	1.983.128	2.326.502	2.395.315	1.603.508	1.583.418	1.603.918
2015	354	1.922.116	2.408.855	1.727.454	1.586.013	1.532.437	1.409.833
2016	365	2.170.974	1.813.502	1.604.690	1.575.970	1.518.050	
2017	382	2.454.958	1.742.805	1.731.264	1.682.143		
2018	477	2.318.016	1.945.753	1.871.565			
2019	549	2.159.750	2.087.992				

Tafla 2.15. Meðaltekjur karla sem luku ekki þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	48	2.897.437	1.420.952	1.521.846	1.299.613	1.353.675	1.662.837
2011	123	2.058.617	1.436.588	1.563.696	1.553.891	1.720.830	1.827.210
2012	159	2.308.933	1.104.735	1.273.005	1.475.590	1.520.923	1.301.237
2013	117	1.975.048	878.610	1.133.607	1.096.065	846.213	774.999
2014	169	1.691.427	1.102.082	1.334.601	1.138.423	1.198.457	1.217.205
2015	260	1.398.952	821.049	810.450	952.545	957.772	933.026
2016	172	1.957.307	974.261	1.061.946	1.142.647	1.011.672	
2017	164	1.757.570	776.433	828.211	957.630		
2018	265	1.949.937	986.159	1.051.368			
2019	237	1.640.635	1.122.661				

Tafla 2.16. Meðaltekjur kvenna sem luku ekki þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	82	2.064.926	871.248	907.416	903.935	879.168	1.115.379
2011	209	1.592.143	838.462	875.707	917.648	1.019.454	1.089.052
2012	231	1.422.374	768.075	837.437	970.114	1.038.857	732.977
2013	211	1.424.321	595.774	663.217	814.009	618.684	671.692
2014	241	1.279.165	492.347	574.201	420.131	474.945	598.998
2015	448	1.337.431	614.495	480.224	477.886	537.842	590.615
2016	277	1.316.459	409.727	483.837	570.062	595.782	
2017	241	1.542.315	442.038	531.663	456.978		
2018	406	1.536.179	643.147	740.023			
2019	395	1.557.519	588.587				

Tafla 2.17. Meðaltekjur karla sem voru á sjúkrasjóði, endurhæfingar- eða örorkulífeyri í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	37	3.114.027	449.421	654.575	719.404	900.306	1.098.529
2011	41	2.542.169	391.589	522.750	431.456	666.264	645.668
2012	78	2.880.734	245.304	289.887	386.780	621.072	628.628
2013	91	2.237.171	433.277	639.336	1.026.778	955.370	1.084.507
2014	100	1.973.068	697.238	1.090.554	899.222	534.164	709.330
2015	113	2.855.889	447.277	457.939	611.962	704.994	635.758
2016	80	2.345.018	594.353	751.040	848.397	834.818	
2017	87	2.251.576	413.229	612.487	877.535		
2018	103	2.484.305	533.830	441.130			
2019	86	2.752.561	624.765				

Tafla 2.18. Meðaltekjur kvenna sem voru á sjúkrasjóði, endurhæfingar- eða örorkulífeyri í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári f. upphaf	Meðal- tekjur ári e. lok	Meðal- tekjur 2 árum e. lok	Meðal- tekjur 3 árum e. lok	Meðal- tekjur 4 árum e. lok	Meðal- tekjur 5 árum e. lok
2010	55	1.775.339	365.789	445.945	554.120	607.711	517.320
2011	77	1.647.203	316.531	385.961	484.799	432.336	497.244
2012	150	1.285.991	168.202	197.329	269.782	452.770	252.341
2013	162	1.470.081	289.300	385.840	414.967	279.204	285.580
2014	205	1.550.437	353.072	414.739	271.254	302.351	342.269
2015	349	1.426.804	370.318	241.402	245.087	257.668	256.600
2016	215	1.560.688	284.468	328.148	311.490	296.540	
2017	221	1.713.547	272.698	318.557	370.676		
2018	279	1.804.155	301.368	291.412			
2019	295	1.699.854	452.294				

Tafla 2.19. Meðaltekjur karla með aðra framfærslu í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	36	2.604.128	1.232.666	1.290.470	1.440.807	1.711.253	1.510.646
2011	54	2.788.514	2.144.066	2.158.064	1.865.777	2.105.666	2.050.753
2012	60	2.318.078	1.593.196	2.059.110	2.179.278	2.580.745	2.292.966
2013	83	2.423.719	1.725.269	2.028.910	2.171.107	1.825.398	1.776.920
2014	87	2.055.497	1.778.129	2.066.167	1.493.012	1.705.654	1.685.901
2015	103	1.779.840	1.295.623	1.119.520	1.338.909	1.327.895	1.148.863
2016	81	2.379.518	1.352.690	1.574.837	1.193.874	1.238.150	
2017	69	1.605.149	1.365.473	1.400.200	1.621.642		
2018	97	1.955.022	963.500	903.417			
2019	77	2.129.060	1.490.377				

Tafla 2.20. Meðaltekjur kvenna með aðra framfærslu í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Meðal- tekjur ári fyrir upphaf	Meðal- tekjur ári eftir lok	Meðal- tekjur 2 árum eftir lok	Meðal- tekjur 3 árum eftir lok	Meðal- tekjur 4 árum eftir lok	Meðal- tekjur 5 árum eftir lok
2010	33	2.267.961	1.485.556	1.582.756	1.260.198	1.329.207	1.310.552
2011	88	1.894.967	1.505.166	1.443.013	1.338.760	1.297.624	1.242.121
2012	110	1.856.988	1.429.706	1.470.143	1.494.098	1.429.089	1.185.593
2013	152	1.832.397	1.398.318	1.500.264	1.576.863	1.009.115	1.226.704
2014	158	1.896.212	1.082.436	1.364.752	902.705	885.970	828.614
2015	248	1.602.019	1.033.885	709.134	648.671	681.793	635.919
2016	179	1.771.004	732.207	781.535	789.567	805.599	
2017	178	1.658.767	795.505	941.029	926.167		
2018	209	1.816.641	713.132	770.365			
2019	204	1.621.228	954.216				

Til samanburðar er einnig sýnt miðgildi tekna í töflum 2.21–2.28. Þessar tölur eru lægri en meðal-talið og mjög lágar fyrir þá sem luku ekki þjónustu eða luku þjónustu með sjúkrasjóð, endur-hæfingarlífeyri eða örorkulífeyri sem aðalframfærslu.

Tafla 2.21. Miðgildi tekna karla með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	82	2.956.417	3.311.988	2.771.400	2.415.600	1.929.638	1.979.063
2011	118	2.842.454	3.465.779	3.405.947	3.715.871	3.752.403	3.141.980
2012	160	2.375.877	2.989.050	3.010.058	2.692.875	2.688.196	2.038.651
2013	137	2.664.900	3.250.000	3.044.183	3.315.633	2.016.701	2.074.868
2014	180	2.169.179	3.010.954	3.078.665	2.257.372	2.298.616	2.127.403
2015	181	1.800.000	3.309.943	2.026.475	1.816.342	1.436.630	1.241.308
2016	190	1.942.197	1.953.136	1.411.206	1.321.490	1.355.603	
2017	178	2.191.673	1.819.337	1.554.318	1.620.790		
2018	202	2.153.058	2.219.288	1.905.942			
2019	212	2.090.534	2.520.045				

Tafla 2.22. Miðgildi tekna kvenna með laun á vinnumarkaði í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	103	2.212.450	1.737.258	1.394.200	1.144.374	1.207.232	976.574
2011	228	1.398.679	1.371.792	1.346.460	1.443.842	1.569.654	1.653.113
2012	287	1.237.400	1.293.775	1.359.538	1.366.781	1.462.116	1.107.148
2013	269	1.444.491	1.405.433	1.385.116	1.350.697	1.004.594	981.634
2014	336	1.433.945	1.659.126	1.819.614	1.039.074	924.942	1.035.200
2015	354	1.322.978	1.734.932	1.055.529	840.880	651.261	448.171
2016	365	1.563.368	1.336.142	1.105.783	1.000.000	823.632	
2017	382	1.741.178	1.261.975	1.259.452	1.025.729		
2018	477	1.787.610	1.469.974	1.393.613			
2019	549	1.676.374	1.655.471				

Tafla 2.23. Miðgildi tekna karla sem luku ekki þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	48	2.502.996	965.485	722.516	112.196	0	0
2011	123	1.792.550	548.935	390.417	200.000	21.819	42.988
2012	159	1.691.750	0	5.117	0	1.935	0
2013	117	1.499.718	17	0	1.086	340	624
2014	169	755.449	0	12.963	23	68	0
2015	260	668.821	2.457	19	0	0	0
2016	172	923.897	53	125	0	0	0
2017	164	1.107.706	108	0	0	0	0
2018	265	999.951	0	0	0	0	0
2019	237	778.783	0	0	0	0	0

Tafla 2.24. Miðgildi tekna kvenna sem luku ekki þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	82	2.214.333	14.663	39.774	241.896	1.088	73.884
2011	209	1.107.908	216.558	53.067	175	0	7.788
2012	231	1.025.225	1.852	21.217	0	514	0
2013	211	1.166.935	0	0	41	0	0
2014	241	872.117	0	16	0	0	0
2015	448	908.996	490	0	0	0	0
2016	277	824.992	0	0	0	0	0
2017	241	1.088.348	88	0	0	0	0
2018	406	1.094.796	135	0	0	0	0
2019	395	1.086.890	0	0	0	0	0

Tafla 2.25. Miðgildi tekna karla sem voru á sjúkrasjóði, endurhæfingar- eða örorkulífeyri í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	37	3.001.450	0	0	0	0	0
2011	41	2.647.950	0	0	0	0	531
2012	78	3.052.717	0	0	0	2.457	30
2013	91	1.437.333	0	0	996	0	0
2014	100	1.306.180	0	90	19	0	0
2015	113	2.224.161	5.535	1.434	5.973	1.019	316
2016	80	1.637.138	0	0	0	0	0
2017	87	1.532.200	0	0	0	0	0
2018	103	1.456.267	6	0	0	0	0
2019	86	1.919.699	0	0	0	0	0

Tafla 2.26. Miðgildi tekna kvenna sem voru á sjúkrasjóði, endurhæfingar- eða örorkulífeyri í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	55	1.268.888	0	0	0	0	0
2011	77	1.109.200	0	0	0	0	261
2012	150	975.125	0	0	0	5.682	0
2013	162	1.099.214	0	0	2.739	60	0
2014	205	1.116.000	0	122	0	0	0
2015	349	1.006.426	2.871	8	0	0	0
2016	215	1.001.802	174	81	0	0	0
2017	221	1.110.719	75	0	0	0	0
2018	279	1.295.316	0	0	0	0	0
2019	295	1.241.723	0	0	0	0	0

Tafla 2.27. Miðgildi tekna karla með aðra framfærslu í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	36	2.132.613	985.525	435.058	33.338	154.262	0
2011	54	2.624.338	2.188.904	1.927.279	1.363.586	1.165.143	475.731
2012	60	1.737.538	1.260.961	1.296.071	1.096.127	1.613.886	949.819
2013	83	1.859.775	1.062.400	1.120.567	570.473	1.004	319
2014	87	1.843.025	987.633	1.073.948	17.479	7.471	1.516
2015	103	1.505.219	276.065	45	88	0	0
2016	81	1.860.625	4.309	8.753	1.535	161	
2017	69	1.208.458	151.275	19.839	34.335		
2018	97	1.541.812	2.238	0			
2019	77	975.648	43.194				

Tafla 2.28. Miðgildi tekna kvenna með aðra framfærslu í lok þjónustu.

Ár þjónustu lokið	Fjöldi	Miðgildi tekna ári fyrir upphaf	Miðgildi tekna ári eftir lok	Miðgildi tekna 2 árum eftir lok	Miðgildi tekna 3 árum eftir lok	Miðgildi tekna 4 árum eftir lok	Miðgildi tekna 5 árum eftir lok
2010	33	1.865.450	1.683.358	1.480.350	764.155	672.017	623.000
2011	88	1.764.382	1.306.037	1.048.558	701.669	369.610	248.950
2012	110	1.721.033	1.126.769	831.660	862.899	664.879	485.603
2013	152	1.510.617	989.200	935.238	611.510	1.487	2.946
2014	158	1.601.933	261.004	525.522	1.562	3.068	2.442
2015	248	1.315.557	162.066	574	420	1.029	1.032
2016	179	1.338.517	709	447	45	65	
2017	178	1.231.571	1.566	1.065	1.235		
2018	209	1.509.452	1.955	2.329			
2019	204	819.287	115.526				

Viðauki 3. Ákvörðun tíðnifalla reiknilíkans

Hér að neðan tákna x aldur í árum og $X = (x - 40)/25$.

Örorku- og endurhæfingartíðni einstaklinga í þjónustu VIRK

Fyrir örorkutíðni var notast við línuleg föll $\mu = a_0 + a_1 X$. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Örorkutíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,19997385	0,00682753	0,12430317	0,00326812
a_1	0,25637673	0,00875325	0,15398259	0,00550134

Algennt er að nota summu línulegs falls og vísisfalls sem formúlu fyrir örorkutíðni. Fyrir þennan hóp er hins vegar ekki þörf á vísisfalli sem getur bent til þess að þeir öryrkjar sem eru með alvarlegustu veikindin komi ekki í starfsendurhæfingu.

Fyrir endurhæfingartíðni kvenna var bætt við annars stigs lið, $\mu = a_0 + a_1 X + a_2 X^2$.

Endurhæfingartíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,11372485	0,01108686	0,10951999	0,00891379
a_1	-0,0806719	0,01997226	-0,15950216	0,02860068
a_2	-	-	0,10150203	0,03920485

Örorku- og endurhæfingartíðni einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með framfærslu laun á vinnumarkaði

Fyrir örorkutíðni karla var áfram notast við línulegt fall $\mu = a_0 + a_1 X$ en fyrir konur var notast við fall af taginu $\mu = a_0 + a_1 X + \exp(b_0 + b_1 X)$.

Örorkutíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,0164634	0,00145677	0,02505594	0,00290112
a_1	0,03273647	0,00184305	0,02520965	0,00669968
b_0	-	-	-7,64902626	1,94410132
b_1	-	-	5,42206989	2,08875646

Fyrir endurhæfingartíðni var notast við margliður eins og fyrir ofan.

Endurhæfingartíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,19023842	0,01950739	0,13359944	0,01145273
a_1	-0,15495866	0,02898072	-0,19407859	0,03804226
a_2	-	-	0,07461511	0,03733651

[Tíðni þess að útskrifast úr þjónustu á vegum VIRK með laun á vinnumarkaði sem skráða framfærslu](#)

Hér var einnig notast við margliður. Fyrir þá sem voru ekki með örorkulífeyri þegar þjónustu á vegum VIRK lauk eru niðurstöður eftirfarandi:

Ekki á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,32316305	0,00848737	0,30326665	0,00713289
a_1	0,11979859	0,01752435	0,16160698	0,01038913
a_2	-	-	-0,06088193	0,02277309

Ekki var unnt að greina breytingar í tíðni karlkyns öryrkja eftir aldri.

Á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,2271009	0,01287741	0,17789043	0,01008388
a_1	-	-	0,06731507	0,02240376

Örorku- og endurhæfingartíðni einstaklinga sem ljúka ekki þjónustu hjá VIRK

Fyrir örorkutíðni var notuð formúla af taginu $\mu = a_0 + a_1X + \exp(b_0 + b_1X)$.

Örorkutíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,0415107	0,00560717	-0,03025916	0,01255344
a_1	0,05711454	0,00607889	-	-
b_0	-4,72265356	0,87319743	-2,365726	0,16829975
b_1	3,33250368	1,0586492	1,35094096	0,20650549

Margliður voru notaðar fyrir endurhæfingartíðni.

Endurhæfingartíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,05901971	0,00685388	0,04867138	0,00538475
a_1	-0,06339591	0,00730022	-0,07811054	0,01812622
a_2	-	-	0,04638363	0,02148082

Tíðni þess að ljúka ekki þjónustu hjá VIRK

Hér var einnig notast við margliður. Fyrir þá sem voru ekki með örorkulífeyri þegar viðkomandi hætti hjá VIRK eru niðurstöður eftirfarandi:

Ekki á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,30186377	0,0079872	0,1774672	0,00581469
a_1	-0,13163543	0,01592133	-0,16153842	0,01961555
a_2	-	-	0,12302185	0,02283236
a_3	-	-	0,10940187	0,04480014

Ekki var unnt að greina breytingar í tíðni öryrkja eftir aldri.

Á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,27672841	0,01421497	0,24099609	0,01016505

Örorku- og endurhæfingartíðni einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með sjúkrasjóð, örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem framfærslu

Fyrir örorkutíðni var notuð formúla af taginu $\mu = a_0 + a_1X + \exp(b_0 + b_1X)$.

Örorkutíðni	Karlur		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	-0,22100311	0,04890646	-0,19851308	0,06646592
a_1	-	-	-	-
b_0	-1,0735242	0,13043625	-1,03111368	0,20445122
b_1	0,6606815	0,14083674	0,75449116	0,17048517

Margliður voru notaðar fyrir endurhæfingartíðni.

Endurhæfingartíðni	Karlur		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,05799817	0,00704413	0,05390229	0,00535129
a_1	-0,0591413	0,00743399	-0,10274992	0,01889509
a_2	-	-	0,05779609	0,0183806

Tíðni þess að útskrifast úr þjónustu á vegum VIRK með sjúkrasjóð, örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem framfærslu

Hér var einnig notast við margliður. Fyrir þá sem voru ekki með örorkulífeyri þegar þjónustu á vegum VIRK lauk eru niðurstöður eftirfarandi:

Ekki á örorku	Karlur		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,08767421	0,00443679	0,11720701	0,0044256
a_1	0,04295784	0,0090995	0,05041509	0,00634164
a_2	-	-	-0,03397394	0,01394168

Fyrir öryrkja var notast við línuleg föll.

Á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,31088228	0,01642889	0,34841798	0,01355005
a_1	0,27135426	0,0383575	0,26400267	0,03109092

Örorku- og endurhæfingartíðni karla sem útskrifast í annað

Hér var notast við línuleg föll fyrir örorkutíðni.

Örorkutíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,04416691	0,00423676	0,0542852	0,003501
a_1	0,06832858	0,00509228	0,07296914	0,00497467

... og einnig fyrir endurhæfingartíðni.

Endurhæfingartíðni	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,10588851	0,01844699	0,10164481	0,00859451
a_1	-0,06141445	0,0303364	-0,12245341	0,00946435

Tíðni þess að útskrifast úr þjónustu á vegum VIRK með framfærslu í floknum annað

Ekki var unnt að greina mun eftir aldri fyrir heilbrigða karla.

Ekki á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,15738281	0,00580157	0,11958501	0,00459332
a_1	-	-	-0,03774131	0,0075447
a_2	-	-	0,04927648	0,01591911

Ekki var unnt að greina mun eftir aldri fyrir karlkyns öryrkja.

Á örorku	Karlar		Konur	
	Gildi	Staðalfrávik	Gildi	Staðalfrávik
a_0	0,08101563	0,00769136	0,11644359	0,00858922
a_1	-	-	-0,04455568	0,01703882





Sigríður Jónsdóttir
Bjargarstíg 15
101 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 28. janúar 2021
Tilv.: FRN21010217/09.12.05

Efni: Skipunarbréf.

Félags- og barnamálaráðherra skipar þig hér með í nefnd sem falið er að gera heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði er nefndinni falið:

„að leggja mat á það hvort framlögum skv. 5.–7. gr. hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra markmiða sem stefnt er að í lögum þessum og hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða.“

Nefndin skal skila skýrslu til ráðherra eigi síðar en 1. september 2021.

Nefndin er þannig skipuð:

Sigríður Jónsdóttir, formaður.

Bjarni Ragnar Guðmundsson.

Kolbeinn Hólmur Stefánsson.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.

Soffía Gísladóttir.

Greitt er fyrir setu í nefndinni.

Ásmundur Einar Daðason

Gissur Pétursson



Heildarúttekt á starfsemi VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

MARS 2022

Inga Rún Sæmundsdóttir



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Nefnd um heildarúttekt á starfsemi VIRK Starfsendurhæfingar
Markmið rannsóknar	Að kanna afdrif, reynslu og viðhorf þeirra einstaklinga sem var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar á árunum 2015 til 2019.

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2022
Skýrsluhöfundur	Inga Rún Sæmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

Töfluyfirlit	4
Myndayfirlit.....	5
Inngangur	6
Aðferð	6
Úrtak og svörun könnunar.....	6
Úrvinnsla.....	9
Bakgrunnur þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar.....	10
Aðstæður í aðdraganda þess að fólki var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar á árunum 2015 til 2019	13
Reynsla í atvinnutengdri starfsendurhæfingu.....	18
Fjárhagslegar aðstæður í atvinnutengdri starfsendurhæfingu	22
Staða eftir atvinnutengdri starfsendurhæfingu og núverandi staða	24

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Fjöldi þeirra sem var vísað einu sinni eða oftari til VIRK á árunum 2015-2019	7
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fólks sem var vísað til VIRK á tímabilinu 2015-2019	8
Tafla 3. Fjöldi einstaklinga sýndur eftir þjónustulokum	8
Tafla 4. Samanburður á samsetningu svarenda eftir kyni og þjónustulokum miðað við þýði	9
Tafla 5. Kyn þátttakenda	10
Tafla 6. Aldursdreifing þátttakenda.....	10
Tafla 7. Hvar á landinu þátttakendur bjuggu þegar þeim var vísað til VIRK.....	11
Tafla 8. Menntun sem þátttakendur höfðu lokið þegar þeim var vísað til VIRK	11
Tafla 9. Hjúskaparstaða þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK.....	11
Tafla 10. Börn eða ungmenni á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK	12
Tafla 11. Fjöldi barna yngri en 18 ára á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK.....	12
Tafla 12. Fjöldi ungmenna 18 ára og eldri á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK... ..	12
Tafla 13. Hver var/voru ástæða/ástæður þess að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK fyrir þig?	13
Tafla 14. Fjöldi þeirra sem merkja við eina eða fleiri ástæður þess að vera vísað til VIRK á árunum 2015 til 2019.....	14
Tafla 15. Hvað af eftirtöldum svarmöguleikum lýsir best stöðu þinni þegar þér var vísað til VIRK?	15
Tafla 16. Hefur þú einhvern tímann verið í launuðu starfi?	15
Tafla 17. Hversu mikið eða lítið hömluðu veikindin því að þú værir vinnufær?	15
Tafla 18. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla áður en þér var vísað til VIRK?	16
Tafla 19. Í hvaða stéttarfélagi varst þú þegar þér var vísað til VIRK?	17
Tafla 20. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni eða heimilisins síðasta hálfa árið áður en þér var vísað til VIRK?	17
Tafla 21. Hversu lengi varstu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK?	18
Tafla 22. Fór meginhluti starfsendurhæfingar þinnar fram á starfsendurhæfingarstöð?	19
Tafla 23. Hvað af eftirfarandi úrræðum nýttir þú þér í starfsendurhæfingu?.....	20
Tafla 24. Varst þú einhvern tíma á biðlista til að komast í úrræði sem þú vildir fara í eða hentaði þér?	20
Tafla 25. Varst þú á biðlista í tvo mánuði eða lengur eftir að komast í einhver af eftirfarandi úrræðum?.....	21
Tafla 26. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla á meðan þú varst í starfsendurhæfingu?	22

Tafla 27. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni eða heimilisins á meðan þú varst í starfsendurhæfingu?	23
Tafla 28. Telur þú að fjárhagsáhyggjur hafi dregið mikið, lítið eða ekkert úr árangri starfsendurhæfingarinnar?	23
Tafla 29. Hvers vegna laukst þú ekki starfsendurhæfingu?.....	24
Tafla 30. Hvert fórstu eftir að þú laukst atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK?	25
Tafla 31. Hvert fórstu eftir að þú hættir í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK?	25
Tafla 32. Hvert fórstu eftir að umsókn þinni um atvinnutengda starfsendurhæfingu var vísað frá? ...	27
Tafla 33. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að þú laukst atvinnutengdri starfsendurhæfingu?	28
Tafla 34. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að þú hættir í atvinnutengdri starfsendurhæfingu?	29
.....	29
Tafla 35. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að umsókn þinni um atvinnutengda starfsendurhæfingu var vísað frá?	30
Tafla 36. Hvað af eftirtöldu lýsir best stöðu þinni í dag?.....	31
Tafla 37. Stefnir þú á að fara aftur í vinnu?.....	31
Tafla 38. Ertu í fullu starfi eða hlutastarfi?	32
Tafla 39. Ertu í því starfshlutfalli sem hæfir starfsgetu þinni?	32
Mynd 6. Hversu mikið eða lítið hafa eftirfarandi þættir hindrað þig í að hefja störf?.....	35
Tafla 40. Hversu mikið eða lítið hefur heilsufar þitt áhrif á að þú getir unnið starf þitt í dag?.....	35
Tafla 41. Hversu vel eða illa fannst þér starfsendurhæfingin nýttast þér í heild sinni?	36
Tafla 42. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?	36

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Hvernig var líkamleg og andleg heilsa þín áður en þér var vísað til VIRK?.....	14
Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum varðandi síðustu endurhæfingaráætlunina þína?	18
Mynd 3. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum varðandi starfsendurhæfingu þína í heild sinni ?	19
Mynd 4. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um starfið þitt?	33
Mynd 5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um námið þitt?	34

INNGANGUR

Félags- og barnamálaráðherra skipaði í ársbyrjun 2021 nefnd sem átti að gera heildarúttekt á VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012. Nefndin ákvað m.a. að gera könnun meðal einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015-2019 og er hún liður í því að „leggja mat á hvort framlögum hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti skv. lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða“ (sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012).

Markmið rannsóknarinnar er að fá upplýsingar um reynslu einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015-2019 hvort sem þeir hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu eða ekki á þessum tíma. Leitast er við að kanna afdrif þeirra og viðhorf til þjónustunnar.

AÐFERÐ

Notast var við megindlegt rannsóknarsnið. Lagður var spurningalisti fyrir úrtak fólks sem var vísað til VIRK árin 2015 til 2019.

Úrtak og svörun könnunar

Könnunin beindist að einstaklingum sem var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar á árunum 2015-2019 og var framkvæmd með leyfi Persónuverndar. Tekið var lagskipt úrtak 2.000 einstaklinga úr hópi þeirra sem var vísað til VIRK árin 2015-2019, skipt eftir því hvort að einstaklingar hefðu a) lokið atvinnutengdri starfsendurhæfingu b) hafið atvinnutengda starfsendurhæfingu en ekki lokið henni eða c) ekki hafið atvinnutengda starfsendurhæfingu því að umsókn þeirra um starfsendurhæfingu var ekki samþykkt af VIRK. Úrtakið var lagskipt þannig að dregin voru a) 800 einstaklingar úr hópi þeirra sem luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu b) 600 einstaklingar úr hópi þeirra sem hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu en luku ekki og c) 600 einstaklingar út hópi þeirra sem hófu ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu. Úrtakinu var lagskipt á þennan hátt til að freista þess að hafa nægan fjölda í öllum hópum þar sem þeir sem luku þóttu líklegri til að svara könnuninni en þeir sem luku ekki starfsendurhæfingu hjá VIRK.

VIRK dró úrtakið og sendi bréf í pósti til þeirra sem í því lentu. Í bréfinu var könnunin kynnt og þar kom m.a. fram að ef fólk vildi ekki vera á úrtakslista skyldi það láta tengilið VIRK vita innan tveggja vikna frá því að bréfið barst. Þeir sem kusu að vera ekki á úrtakslista voru fjarlægðir af listanum. VIRK hélt einnig lista yfir endursend bréf og voru þeir fjarlægðir af úrtakslista sem fengu ekki kynningarbréfið í pósti. Eftir að VIRK hafði fjarlægt þá sem ekki áttu að vera á úrtakslista afhenti VIRK Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands endanlegan úrtakslista sem innihélt 1.649 manns.

Það er misjafnt hversu oft fólk er vísað til VIRK og því mögulegt að sami einstaklingur gæti tilheyrt fleiri en einum hóp á árunum 2015 til 2019 og þ.a.l. komið fram í tveimur ólíkum hópum í úrtakinu. Til að koma í veg fyrir að sami einstaklingurinn myndi koma fyrir tvisvar sinnum í úrtaki var hver aðili skráður einu sinni í þýðisskrá hjá VIRK á tímabilinu sem um ræðir og fór sú skráning eftir þjónustulokum viðkomandi aðila eftir að hafa verið vísað til VIRK. Þannig var einstaklingur sem hafði lokið atvinnutengdri starfsendurhæfingu skilgreindur sem slíkur þó svo að umsókn hans hafi ekki verið samþykkt, eða að hann hafi byrjað og ekki lokið starfsendurhæfingu á öðrum tímapunkti á tímabilinu sem um ræðir. Þeir sem hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu en luku ekki, á tímabilinu sem um ræðir, voru skilgreindir sem slíkir þó svo að umsókn þeirra hafi ekki verið samþykkt á öðrum tímapunkti á árunum 2015 til 2019. Að lokum voru þeir sem hófu ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu skilgreindir sem slíkir eingöngu ef þeir höfðu ekki hafið þjónustu. Í könnuninni var spurt um hver þjónustulok einstaklinga voru hjá VIRK. Við úrvinnslu voru svarendur skilgreindir líkt og var gert hjá VIRK þegar úrtakið var dregið. Líkt og fram kemur í töflu 1 merktu 760 svarendur við að þeim hafði verið vísað einu sinni til VIRK á tímabilinu sem um ræðir og að samtals 16 manns var vísað til VIRK tvisvar eða oftár á árunum 2015 til 2019. Þá svöruðu 54 manns því að þau vissu ekki að þeim hefði verið vísað til VIRK og 16 vildu ekki svara spurningunni.

Tafla 1. Fjöldi þeirra sem var vísað einu sinni eða oftár til VIRK á árunum 2015-2019

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Vísað einu sinni til VIRK	760	98%	98%
Vísað tvisvar sinnum til VIRK	15	2%	2%
Vísað þrisvar sinnum til VIRK	1	0%	0%
Fjöldi svara	776	100%	
Veit ekki	54		
Vil ekki svara	16		
Alls	846		

Könnunin var lögð fyrir dagana 15. desember 2021 til 16. febrúar 2022 þar sem hringt var í fólk og því boðið að taka þátt í könnuninni með því að svara henni í síma eða að fá vefhlekk á könnunina senda í tölvupósti. Í töflu 2 má sjá hringt var í 1.649 manns og var heildarfjöldi þátttakenda 846 manns. Heildarsvarhlutfall var því 51%.

Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fólks sem var vísað til VIRK á tímabilinu 2015-2019

Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Tímabil gagnaöflunar	15.12.21 - 16.2.22.
Fjöldi í úrtaki	1649
Fjöldi svarenda	846
Svöruðu könnun í síma	496
Svöruðu könnun á netinu	350
Svarhlutfall	51%

Tafla 3 sýnir hvernig þjónustulok þeirra sem var vísað til VIRK á tímabilinu skiptast. Þar má sjá að meirihluti úrtaksins, eða 62% einstaklinga, luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu eftir að hafa verið vísað til VIRK. Hlutfall þeirra sem hófu starfsendurhæfingu en luku ekki og hlutfall þeirra sem hófu ekki starfsendurhæfingu var jafn hátt, eða 19%. Þegar hringt var í einstaklinga í úrtakinu kom í ljós að hópur fólks vissi ekki að þeim hefði verið vísað til VIRK á árunum 2015-2019. Fjöldi þeirra í svariðahópnum var 54 manns, eða 6% af heildarfjölda svarenda. Um 16 manns vildu ekki gefa upp hver þjónustulok þeirra hjá VIRK voru.

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga sýndur eftir þjónustulokum

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Ég lauk atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK	481	62%	 62%
Ég byrjaði í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK en lauk ekki	151	19%	 19%
Ég fór ekki í atvinnutengda starfsendurhæfingu til VIRK þar sem að umsókn mín var ekki samþykkt	144	19%	 19%
Fjöldi svara	776	100%	
Veit ekki	54		
Vil ekki svara	16		
Alls	846		

Þar sem úrtakið samanstóð af fólki með ólíka reynslu af þjónustulokum hjá VIRK fengu hóparnir ekki sambærilegan spurningalista að öllu leyti. Sumar spurningar voru eins fyrir alla hópa en aðrar beindust eingöngu að því hvort að fólk hefði a) lokið starfsendurhæfingu b) hafið starfsendurhæfingu og ekki lokið eða c) ekki hafið starfsendurhæfingu þar sem umsókn þeirra var ekki samþykkt. Þau sem vissu ekki að þeim hefði verið vísað til VIRK og þau sem vildu ekki gefa upp hvaða hópi þau tilheyrðu í upphafi spurningalistans fengu eingöngu spurningar sem voru sameiginlegar öllum hópum og ekki spurningar sem beindust að þjónustulokum. Þegar aðeins hluti hópsins fékk ákveðna spurningu er það gefið sérstaklega til kynna undir töflum. Þar birtast stjórnumerktar setningar sem segja til um hvaða hluti hópsins fékk viðkomandi spurningu. Töflur og myndir eru settar upp í tímaröð þar sem fyrsti kafli sýnir svör þátttakenda sem svöruðu spurningum um hagi áður en þeir fóru í atvinnutengda starfsendurhæfingu, næstu kaflar sýna svör á meðan starfsendurhæfingu stendur og í lokakafla birtast svör við spurningum um stöðu þátttakenda eftir starfsendurhæfingu.

Í töflu fjögur má sjá dreifingu eftir kyni og þjónustu lokum svarenda til samanburðar við alla sem var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar á árunum 2015 til 2019.

Tafla 4. Samanburður á samsetningu svarenda eftir kyni og þjónustulokum miðað við þýði

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	247	29%	4.075	34%
Kona	598	71%	7.827	66%
Þjónustlok				
Lauk starfsendurhæfingu	481	57%	6.322	53%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	151	18%	2.276	19%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	144	17%	3.304	28%

Úrvinnsla

Í kafla um niðurstöður eru töflur og myndir sem sýna dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Í viðauka eru bakgrunnstöflur þar sem svör þátttakenda eru greind eftir kyni, aldri, búsetu þegar þeim var vísað til VIRK, menntun, hjúskaparstöðu og þjónustulokum. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar.

BAKGRUNNUR ÞÁTTTAKENDA ÞEGAR ÞEIM VAR VÍSAÐ TIL VIRK STARFSENDURHÆFINGAR

Í töflum 5 til 12 er að finna dreifingu svara við þeim spurningum sem kanna bakgrunn þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK starfsendurhæfingar á árunum 2015 til 2019. Eftirfarandi töflur sýna svör allra þátttakenda, burtséð hver þjónustulok viðkomandi voru. Í töflu 9, þar sem sýnd eru svör við fjölda barna eða ungmenna á framfærslu viðkomandi, var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika og skýrist heildarfjöldi svara af því.

Tafla 5. Kyn þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Hán	1	0%	0%
Karl	247	29%	29%
Kona	598	71%	71%
Alls	846	100%	

Tafla 6. Aldursdreifing þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
18-25 ára	46	5%	5%
26-35 ára	155	18%	18%
36-45 ára	200	24%	24%
46-55 ára	222	26%	26%
56-65 ára	192	23%	23%
Eldri en 66 ára	31	4%	4%
Alls	846	100%	

Tafla 7. Hvar á landinu þátttakendur bjuggu þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Höfuðborgarsvæði	554	66%	 66%
Reykjanesi	54	6%	 6%
Vesturlandi	43	5%	 5%
Vestfirðum	11	1%	 1%
Norðurlandi eystra	76	9%	 9%
Norðurlandi vestra	16	2%	 2%
Austurlandi	18	2%	 2%
Suðurlandi	65	8%	 8%
Fjöldi svara	837	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	9		
Alls	846		

Tafla 8. Menntun sem þátttakendur höfðu lokið þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Hafði ekki lokið grunnskóla	13	2%	 2%
Grunnskólanámi	248	30%	 30%
Starfsnámi á framhaldsskólastigi	72	9%	 9%
Iðnnámi	107	13%	 13%
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi	128	15%	 15%
Grunnnámi á háskólastigi	182	22%	 22%
Framhaldsnámi á háskólastigi	81	10%	 10%
Fjöldi svara	831	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	15		
Alls	846		

Tafla 9. Hjúskaparstaða þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Í hjónabandi	281	34%	 34%
Í sambúð	163	19%	 19%
Í sambandi en ekki í sambúð	50	6%	 6%
Fráskilin(n)	93	11%	 11%
Ekkja/ekkill	12	1%	 1%
Einhleyp(ur)	239	29%	 29%
Fjöldi svara	838	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	8		
Alls	846		

Tafla 10. Börn eða ungmenni á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Barn undir 18 ára á framfærslu	428	47%	 47%
Ungmenni eldri en 18 ára á framfærslu	120	13%	 13%
Hvorki barn né ungmenni á framfærslu	368	40%	 40%
Fjöldi svara*	916	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	9		
Alls	925		

*Hægt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika

Tafla 11. Fjöldi barna yngri en 18 ára á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Eitt barn	158	37%	 37%
Tvö börn	161	38%	 38%
Þrjú börn	86	20%	 20%
Fjögur börn	13	3%	 3%
Fimm börn	6	1%	 1%
Fimmtán börn	1	0%	 0%
Fjöldi svara	425	100%	
Vil ekki svara	3		
Á ekki við	418		
Alls	846		

Tafla 12. Fjöldi ungmenna 18 ára og eldri á framfærslu þátttakenda þegar þeim var vísað til VIRK

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Eitt ungmenni	87	76%	 76%
Tvö ungmenni	20	18%	 18%
Þrjú ungmenni	4	4%	 4%
Fjögur ungmenni	3	3%	 3%
Fjöldi svara	114	100%	
Vil ekki svara	6		
Á ekki við	726		
Alls	846		

AÐSTÆÐUR Í AÐDRAGANDA ÞESS AÐ FÓLKI VAR VÍSAÐ TIL VIRK STARFSENDURHÆFINGAR Á ÁRUNUM 2015 TIL 2019

Hér að neðan er að finna dreifingu svara við þeim spurningum sem kanna aðstæður fólks í aðdraganda þess að þeim var vísað til VIRK Starfsendurhæfingar á árunum 2015 til 2019. Í eftirfarandi kafla eru töflur og myndir sýna svör allra þátttakenda, burtséð hver þjónustulok viðkomandi voru.

Í töflu 13 má sjá svör þátttakenda við hver ástæða eða ástæður þess voru að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu fyrir þátttakendur á tímabilinu sem um ræðir. Í spurningunni var hægt að merkja við valmöguleika sem gaf til kynna að það væru aðrar ástæður en þær sem voru uppgefnar í spurningalistanum fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu fyrir viðkomandi. Þegar merkt var við aðrar ástæður en þær sem voru uppgefnar voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaða ástæður það voru. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í tvo yfirflokka. Í töflunni hér að neðan eru flokkarnir tveir sérstaklega merktir fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því gætu fleiri hafa merkt við þá valmöguleika hefðu þeir verið í boði.

Tafla 13. Hver var/voru ástæða/ástæður þess að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK fyrir þig?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Stoðkerfisvandi, (t.d. sjúkdómar í vöðva- beinakerfi eða bandvef)	388	33%	 33%
Geðrænn vandi (t.d. geð- og atferlisraskanir)	385	33%	 33%
Áverki (t.d. vegna slyss)	138	12%	 12%
Aðrir sjúkdómar og sýkingar (t.d. hjarta- og æðasjúkdómar, meltingarfærasjúkdómar, lungna- og öndunarfærasjúkdómar, æxli/krabbamein, skjaldkirtilssjúkdómar, sykursýki, taugasjúkdómar)	175	15%	 15%
Annað - Kulnun	74	6%	 6%
Annað - Ytri aðstæður (hér er átt við áfall, ofbeldi, erfiðar heimilsaðstæður, langvarandi atvinnuleysi og erfiðleika í samskiptum í vinnu)	34	3%	 3%
Fjöldi svara*	1160	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	25		
Alls	1185		


*Hægt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika

Líkt og kemur fram í töflu 143 var hægt að merkja við fleiri en eina ástæðu fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK á árunum 2015 til 2019. Tafla 14 sýnir hversu marga valmöguleika þátttakendur merktu við.

Tafla 14. Fjöldi þeirra sem merkja við eina eða fleiri ástæður þess að vera vísað til VIRK á árunum 2015 til 2019

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Ein ástæða fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu	524	64%	64%
Tvær ástæður fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu	228	28%	28%
Þrjár ástæður fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu	62	8%	8%
Fjórar ástæður fyrir því að sótt var um atvinnutengda starfsendurhæfingu	7	1%	1%
Fjöldi svara	821	100%	
Veit ekki /vil ekki svara	25		
Alls	846		

Mynd 1. Hvernig var líkamleg og andleg heilsa þín áður en þér var vísað til VIRK?



Tafla 15. Hvað af eftirtöldum svarmöguleikum lýsir best stöðu þinni þegar þér var vísað til VIRK?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Ég var í starfi	167	20%	20%
Ég var í veikindaleyfi frá störfum	318	38%	38%
Ég var sjálfstætt starfandi	31	4%	4%
Ég var ekki í starfi	317	38%	38%
Fjöldi svara	833	100%	
Vil ekki svara	13		
Alls	846		

Tafla 16. Hefur þú einhvern tímann verið í launuðu starfi?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Já	322	98%	98%
Nei	6	2%	2%
Fjöldi svara	328	100%	
Vil ekki svara	2		
Á ekki við*	516		
Alls	846		

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir voru ekki í starfi þegar þeim var vísað til VIRK fengu þessa spurningu

Tafla 17. Hversu mikið eða lítið hömluðu veikindin því að þú værir vinnufær?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög mikið	363	71%	71%
Mikið	126	25%	25%
Lítið	13	3%	3%
Mjög lítið eða ekkert	7	1%	1%
Fjöldi svara	509	100%	
Vil ekki svara	7		
Á ekki við*	330		
Alls	846		

*Aðeins þeir sem svöruðu að þeir voru í starfi þegar þeim var vísað til VIRK fengu þessa spurningu

Í töflu 18 má sjá svör þátttakenda við spurningu um hvaðan tekjur þeirra eða framfærsla kom þegar þeim var vísað til VIRK. Í spurningunni var hægt að merkja við valmöguleika sem gaf til kynna að tekjur eða framfærsla kæmi frá öðrum stað en þeim sem voru gefnir upp í spurningalistanum. Þegar merkt var við annað en þá valmöguleika sem voru uppgefnir voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaðan tekjur þeirra eða framfærsla kom. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í tvo yfirflokka. Einnig var haldið inni valmöguleikanum „Annað“ einum og sér þar sem það svar átti ekkert

sameiginlegt með öðrum svörum. Í töflunni hér að aftan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því gætu fleiri hafa merkt við þá valmöguleika hefðu þeir verið í boði.

Tafla 18. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla áður en þér var vísað til VIRK?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Atvinnutekjur	388	29%	 29%
Sjúkradagpeningar stéttarfélags	217	16%	 16%
Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands	66	5%	 5%
Endurhæfingarlífeyrir	92	7%	 7%
Lífeyrir lífeyrissjóðs	20	2%	 2%
Örorkulífeyrir	75	6%	 6%
Slysabætur	11	1%	 1%
Atvinnuleysisbætur	65	5%	 5%
Aðrar greiðslur frá Vinnumálastofnun (t.d. vinnusamningar)	6	0%	 0%
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	60	5%	 5%
Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	7	1%	 1%
Námslán	22	2%	 2%
Lán	15	1%	 1%
Fæðingarorlof / fæðingarstyrkur	24	2%	 2%
Fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldu /foreldrum	66	5%	 5%
Maki var með tekjur	142	11%	 11%
Hafði enga framfærslu	19	1%	 1%
Annað	27	2%	 2%
Annað- Sparnaður	6	0%	 0%
Annað- Meðlag eða barnabætur	4	0%	 0%
Fjöldi svara*	1332	100%	
Vil ekki svara	21		
Alls	1353		

*Hægt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika

Í töflu 19 má sjá svör þeirra þátttakenda sem voru spurðir hvaða stéttarfélagi þeir tilheyrðu þegar þeim var vísað til VIRK. Spurningin innihélt opinn svarreit þar sem þátttakendur voru beðnir um að skrifa hvaða stéttarfélagi þeir tilheyrðu. Við úrvinnslu voru stéttarfélög sem heyrðu undir regnhlífarstéttarfélag flokkuð eftir því regnhlífarstéttarfélagi sem þau heyrðu undir og í einhverjum tilvikum voru smærri félög með fáum félagsmönnum felld saman.

Tafla 19. Í hvaða stéttarfélagi varst þú þegar þér var vísað til VIRK?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Afl	14	3%	3%
BHM	41	9%	9%
BSRB	58	13%	13%
Efling	64	14%	14%
Eining iðja	14	3%	3%
Félag iðn- og tæknigreina (FIT)	7	2%	2%
Félag íslenskra hjúrunarfræðinga	10	2%	2%
Félag verslunar og skrifstofufólks	7	2%	2%
Iðn, þjónusta, afþreying og stjórnun	7	2%	2%
Kennarasamband Íslands (KÍ)	44	10%	10%
Rafiðnarðasamband Íslands	5	1%	1%
Sameyki	12	3%	3%
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF og SSR)	5	1%	1%
Verk-, náttúru- og heilbrigðisvísindagreinar og Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ)	10	2%	2%
Verkalýðsfélög, starfsmannafélög, verslunarmannafélög og stéttarfélög á landsbyggðunum	52	12%	12%
Félag vélstjóra og málmæknimanna (VM)	6	1%	1%
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur (VR)	89	20%	20%
Fjöldi svara	445	100%	
Veit ekki/ vil ekki svara	32		
Á ekki við*	369		
Alls	846		

*Eingöngu þeir sem voru í starfi eða í veikindaleyfi frá störfum fengu þessa spurningu

Tafla 20. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni eða heimilisins síðasta hálfa árið áður en þér var vísað til VIRK?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Heimilið komst vel af	204	25%	25%
Það tókst að láta enda ná saman	263	32%	32%
Það var frekar erfitt að láta enda ná saman	173	21%	21%
Það var mjög erfitt að láta enda ná saman	182	22%	22%
Fjöldi svara	822	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	24		
Alls	846		

REYNSLA Í ATVINNUTENGDRÍ STARFSENDURHÆFINGU


Í töflum og myndum hér að neðan er að finna dreifingu svara við spurningum um reynslu í starfsendurhæfingu.

Tafla 21. Hversu lengi varstu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK?


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Ég var skemur en þrjá mánuði	61	10%	10%
Ég var þrjá til sex mánuði	146	25%	25%
Ég var sjö til tólf mánuði	189	32%	32%
Ég var þrettán til átján mánuði	131	22%	22%
Ég var lengur en átján mánuði	61	10%	10%
Fjöldi svara	588	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	44		
Á ekki við*	214		
Alls	846		

*Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum varðandi síðustu endurhæfingaráætlunina þína?



Mynd 3. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum varðandi starfsendurhæfingu þína í heild sinni ?



Tafla 22. Fór meginhluti starfsendurhæfingar þinnar fram á starfsendurhæfingarstöð?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Já	217	36%	36%
Nei	379	64%	64%
Fjöldi svara	596	100%	
Veit ekki/ vil ekki svara	36		
Á ekki við*	214		
Alls	846		

*Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Tafla 23 sýnir svör þátttakenda við hvaða úrræði þátttakendur nýttu sér í starfsendurhæfingu. Í spurningunni var hægt að merkja við valmöguleika sem gaf til kynna að það voru önnur úrræði en þau sem voru uppgefin í spurningalistanum sem þátttakandi nýtti sér. Þegar merkt var við aðrar ástæður en þær sem voru uppgefnar voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaða önnur úrræði viðkomandi nýtti sér. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í fimm yfirflokka. Í töflunni hér að aftan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því skal skoða fjölda þeirra með það í huga.

Tafla 23. Hvað af eftirfarandi úrræðum nýttir þú þér í starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Líkamsrækt með stuðningi sjúkraþjálfara/íþróttaræðings	377	13%	13%
Líkamsrækt í hópi	265	9%	9%
Líkamsrækt án aðkomu fagaðila	222	8%	8%
Sjúkraþjálfun	356	13%	13%
Sálfræðiviðtöl	510	18%	18%
Hópúræði/námskeið hjá sálfræðingum	240	9%	9%
Markþjálfun	158	6%	6%
Iðjuþjálfun	78	3%	3%
Vinnuþrófun/vinnusamningur/atvinnulífstengill, IPS	99	4%	4%
Námskeið til stuðnings við atvinnuleit	150	5%	5%
Úttekt á þínu vinnuumhverfi	35	1%	1%
Fjármálaráðgjöf	75	3%	3%
Næringarráðgjöf	113	4%	4%
Fjölskylduráðgjöf	39	1%	1%
Annað - Jóga, núvitund, hugleiðsla, slökun, heilun, dáleiðsla	38	1%	1%
Annað - Ráðgjöf (hjúkrunarfræðings, lækni, ráðgjafa VIRK, félags- eða svefnráðgjöf)	19	1%	1%
Annað - Nám (Mímir, myndlist, glerlist, tölvunámskeið, nýsköpun, fyrirlestrar)	19	1%	1%
Annað - Endurhæfing (Reykjalundur, Baskólinn á Stykkishólmi, NLFÍ Hveragerði, Þraut)	8	0%	0%
Annað - Ekkert eða ekki það sem sóst var eftir	13	0%	0%
Fjöldi svara*	2814	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	11		
Á ekki við**	241		
Alls	3066		

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

**Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Tafla 24. Varst þú einhvern tíma á biðlista til að komast í úrræði sem þú vildir fara í eða hentaði þér?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Nei, ég var aldrei á biðlista	451	77%	77%
Já, ég var á biðlista skemur en 2 mánuði	71	12%	12%
Já, ég var á biðlista í 2 mánuði eða lengur	63	11%	11%
Fjöldi svara	585	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	47		
Á ekki við*	214		
Alls	846		

*Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Í töflu 25 má sjá svör þátttakenda við spurningu um hvaða úrræðum þátttakendur biðu eftir í tvo mánuði eða lengur í starfsendurhæfingunni. Í spurningunni var hægt að merkja við valmöguleika sem gaf til kynna að það voru önnur úrræði en þau sem voru uppgefin í spurningalistanum sem þátttakandi beið etir í tvo mánuði eða lengur. Þegar merkt var við önnur úrræði en þau sem voru uppgefin voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaða önnur úrræði viðkomandi beið í mánuði eða lengur eftir að komast í. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í fimm yfirflokka sem náðu yfir önnur úrræði sem þátttakendur biðu eftir að komast í á meðan starfsendurhæfingin stóð yfir. Í töflunni hér að neðan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því skal skoða fjölda þeirra með það í huga.

Tafla 25. Varst þú á biðlista í tvo mánuði eða lengur eftir að komast í einhver af eftirfarandi úrræðum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Líkamsrækt með stuðningi sjúkraþjálfara/íþróttatræðings	9	9%	9%
Líkamsrækt í hópi	6	6%	6%
Sjúkraþjálfun	14	14%	14%
Sálfræðiviðtöl	22	22%	22%
Hópurrræði/námskeið hjá sálfræðingum	6	6%	6%
Markþjálfun	4	4%	4%
Iðjuþjálfun	3	3%	3%
Vinnuþrófun/vinnusamningur/atvinnulífstengill, IPS	1	1%	1%
Námskeið til stuðnings við atvinnuleit	2	2%	2%
Fjármálaráðgjöf	4	4%	4%
Næringarráðgjöf	4	4%	4%
Fjölskylduráðgjöf	2	2%	2%
Annað - Jóga, núvitund, hugleiðsla, slökun, heilun, dáleiðsla	1	1%	1%
Annað - Ráðgjöf (hjúkrunarfræðings, læknis, ráðgjafa VIRK, félags- eða svefnráðgjöf)	7	7%	7%
Annað - Námskeið (Mímir, myndlist, glerlist, tölvunámskeið, nýsköpun, fyrirlestrar)	1	1%	1%
Annað - Endurhæfing (Reykjalundur, Baskólinn á Stykkishólmi, NLF Hveragerði, Þraut)	14	14%	14%
Annað - Ekki það sem sóst var eftir	2	2%	2%
Fjöldi svara *	102	100%	
Veit ekki/ vil ekki svara	3		
Á ekki við **	741		
Alls	846		

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

****Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK og voru á biðlista í tvo mánuði**

FJÁRHAGSLEGAR AÐSTÆÐUR Í ATVINNUTENGDRÍ STARFSENDURHÆFINGU

Í töflum og myndum hér að neðan er að finna dreifingu svara við spurningum um fjárhagslegar aðstæður í atvinnutengdri starfsendurhæfingu.

Í töflu 26 má sjá svör þátttakenda við hvaðan tekjur þeirra eða framfærsla kom á meðan þau voru í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Í spurningunni var hægt að merkja við valmöguleika sem gaf til kynna að framfærsla þeirra kom frá öðrum stöðum en þeim sem voru taldir upp í spurningalistanum. Þegar merkt var við valmöguleikann „Annað“ voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaðan þær tekjur eða sú framfærsla kom. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í einn yfirflokk sem náði yfir hvaðan framfærslan kom. Einnig voru skilin eftir nokkur svör í flokknum „annað“ vegna þess að þau stöðu ein og sér. Í töflunni hér að neðan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því skal skoða fjölda þeirra með það í huga.

Tafla 26. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla á meðan þú varst í starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Atvinnutekjur	118	11%	11%
Sjúkradagpeningar stéttarfélags	169	16%	16%
Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands	70	7%	7%
Endurhæfingarlífeyrir	355	33%	33%
Lífeyrir lífeyrissjóðs	37	3%	3%
Örorkulífeyrir	61	6%	6%
Slysabætur	4	0%	0%
Atvinnuleysisbætur	29	3%	3%
Aðrar greiðslur frá Vinnumálastofnun (t.d. vinnusamningar)	5	0%	0%
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	14	1%	1%
Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	8	1%	1%
Námslán	3	0%	0%
Lán	12	1%	1%
Fæðingarorlof / fæðingarstyrkur	1	0%	0%
Fjárhagslegur stuðningur frá fjölskyldu /foreldrum	43	4%	4%
Maki var með tekjur	127	12%	12%
Hafði enga framfærslu	6	1%	1%
Annað	4	0%	0%
Annað- sparnaður	5	0%	0%
Fjöldi svara*	1071	100%	
Vil ekki svara/veit ekki	18		
Alls	1089		

Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 27. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni eða heimilisins á meðan þú varst í starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Heimilið komst vel af	125	21%	21%
Það tókst að láta enda ná saman	226	37%	37%
Það var frekar erfitt að láta enda ná saman	152	25%	25%
Það var mjög erfitt að láta enda ná saman	106	17%	17%
Fjöldi svara	609	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	23		
Á ekki við*	214		
Alls	632		

*Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Tafla 28. Telur þú að fjárhagsáhyggjur hafi dregið mikið, lítið eða ekkert úr árangri starfsendurhæfingarinnar?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög mikið	71	12%	12%
Mikið	141	24%	24%
Lítið	154	26%	26%
Mjög lítið	48	8%	8%
Ekkert	170	29%	29%
Fjöldi svara	584	71%	
Veit ekki/vil ekki svara	48		
Á ekki við*	214		
Alls	632		

*Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

Í töflu 29 má sjá ástæður þess að þátttakendur luku ekki atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Í spurningunni var hægt að merkja við af hverju ekki var lokið við starfsendurhæfingu. Hægt var að merkja við valmöguleikann „Annað“ ef þátttakendur fundu ekki ástæðu þess að þeir luku ekki starfsendurhæfingu. Þegar merkt var við valmöguleikann „Annað“ voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvaða ástæður voru fyrir því að viðkomandi lauk ekki starfsendurhæfingu. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í fjóra yfirflokka sem náðu yfir hvaða aðrar ástæður voru fyrir því að þátttakendur luku ekki starfsendurhæfingu. Í töflunni hér að neðan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því skal skoða fjölda þeirra með það í huga.

Tafla 29. Hvers vegna laukst þú ekki starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mér fannst ég ekki eiga erindi í atvinnutengda starfsendurhæfingu	22	9%	9%
Eg stefndi ekki á atvinnuþátttöku	6	2%	2%
Mér fannst starfsendurhæfingin ekki vera að skila árangri	19	8%	8%
VIRK mat það svo að starfsendurhæfingin væri ekki að skila árangri	53	22%	22%
Ég náði ekki að uppfylla mætingarskyldu	18	7%	7%
Úrræðin sem mér buðust gögnuðust mér ekki	28	11%	11%
Ég átti erfitt með að sinna starfsendurhæfingu vegna félagslegra aðstæðna og/eða skorts á stuðningi (t.d. fjármál, búsetumál, fölskylpumál)	21	9%	9%
Ég átti erfitt með að sinna starfsendurhæfingu vegna heilsufarsvanda	55	23%	23%
Fór í fæðingarorlof	3	1%	1%
Ég flutti erlendis/bjó erlendis	3	1%	1%
Annað - Vegna COVID	3	1%	1%
Annað - Vísað í endurhæfingu annars staðar	3	1%	1%
Annað - Fékk starf og hélt því ekki áfram hjá VIRK	8	3%	3%
Annað - Fáleg samskipti við VIRK	2	1%	1%
Fjöldi svara*	244	96%	
Veit ekki/vil ekki svara	12		
Alls	256		

Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK en luku henni ekki fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

STAÐA EFTIR ATVINNUTENGDRÍ STARFSENDURHÆFINGU OG NÚVERANDI STAÐA

Í töflum 30 til 32 sýna niðurstöður hvert þátttakendur fóru eftir mismunandi þjónustulok hjá VIRK. Þar sýnir tafla 30 hvað varð um þá sem luku starfsendurhæfingu, tafla 31 niðurstöður þeirra sem hófu starfsendurhæfingu en luku ekki og tafla 32 niðurstöður þeirra sem hófu ekki starfsendurhæfingu vegna þess að umsókn þeirra var vísað frá. Valmöguleikar spurningarinnar voru þeir sömu fyrir alla hópa þó svo að hóparnir væru spurðir út frá ólíkum þjónustulokum þeirra frá VIRK. Hægt var að merkja við valmöguleikann „Annað“ ef að þátttakendur fundu ekki valmöguleika sem átti við þá. Þegar merkt var við valmöguleikann „Annað“ voru þátttakendur beðnir um að skrifa í opinn reit hvert annað þeir fóru eftir þjónustulok frá VIRK. Þau svör voru flokkuð við úrvinnslu og sett í yfirflokka. Í töflum 30 til 32

hér að neðan eru opnu svörin sérstaklega merkt fremst sem „Annað“. Taka skal fram að flokkarnir sem búnir voru til voru ekki í boði í spurningunni sjálfri og því skal skoða fjölda þeirra með það í huga.

Tafla 30. Hvert fórstu eftir að þú laukst atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Fór á sama vinnustað og áður	112	16%	16%
Fór á nýjan vinnustað	170	25%	25%
Fór að vinna sjálfstætt	23	3%	3%
Fór í atvinnuleit	51	8%	8%
Fór í nám	59	9%	9%
Leitaði í heilbrigðiskerfið vegna líkamlegra veikinda	82	12%	12%
Leitaði í geðheilbrigðiskerfið (t.d. geðdeild, fíknimeðferð, Hvítabandið, Vin)	41	6%	6%
Leitaði í endurhæfingu (t.d. Reykjalundur, Þraut)	45	7%	7%
Fór í atvinnumiðlun Vinnumálastofnunar (t.d. atvinnu með stuðningi, vinnusamning öryrkja, vinnustaðasamn.)	12	2%	2%
Fór til félagsþjónustu sveitarfélaga	10	1%	1%
Fór í opin virkniúrræði (t.d. Hringsjá, Hlutverkasetur, Hugarafl, Geysir, Hver, Strókur)	7	1%	1%
Annað- Ég fór á örorkulífeyri	63	9%	9%
Annað- Fórst í fæðingarorlof	4	1%	1%
Fjöldi svara*	679	99%	
Veit ekki/vil ekki svara	8		
Alls	687		

Eingöngu þeir sem luku starfsendurhæfingu fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 31. Hvert fórstu eftir að þú hættir í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK? (frh.)

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Fór á sama vinnustað og áður	8	4%	4%
Fór á nýjan vinnustað	29	13%	13%
Fór að vinna sjálfstætt	7	3%	3%
Fór í atvinnuleit	12	5%	5%
Fór í nám	12	5%	5%
Leitaði í heilbrigðiskerfið vegna líkamlegra veikinda	40	18%	18%
Leitaði í geðheilbrigðiskerfið (t.d. geðdeild, fíknimeðferð, Hvítabandið, Vin)	25	11%	11%
Leitaði í endurhæfingu (t.d. Reykjalundur, Þraut)	22	10%	10%
Fór í atvinnumiðlun Vinnumálastofnunar (t.d. atvinnu með stuðningi, vinnusamning öryrkja, vinnustaðasamn.)	6	3%	3%
Fór til félagsþjónustu sveitarfélaga	17	8%	8%
Fór í opin virkniúrræði (t.d. Hring sjá, Hlutverkasetur, Hugarafl, Geysir, Hver, Strókur)	7	3%	3%
Annað- Ég fór á örorkulífeyri	36	16%	16%
Annað- Fór í fæðingarorlof	1	0%	0%
Fjöldi svara*	222	100%	
Veit ekki/ vil ekki svara	2		
Alls	224		

Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK en luku henni ekki fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 31. Hvert fórstu eftir að umsókn þinni um atvinnutengda starfsendurhæfingu var vísað frá?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Fór á sama vinnustað og áður	24	13%	13%
Fór á nýjan vinnustað	10	5%	5%
Fór að vinna sjálfstætt	3	2%	2%
Fór í atvinnuleit	12	6%	6%
Fór í nám	6	3%	3%
Leitaði í heilbrigðiskerfið vegna líkamlegra veikinda	43	23%	23%
Leitaði í geðheilbrigðiskerfið (t.d. geðdeild, fíknimeðferð, Hvítabandið, Vin)	13	7%	7%
Leitaði í endurhæfingu (t.d. Reykjalundur, Þraut)	32	17%	17%
Fór í atvinnumiðlun Vinnumálastofnunar (t.d. atvinnu með stuðningi, vinnusamning öryrkja, vinnustaðasamn.)	6	3%	3%
Fór til félagsþjónustu sveitarfélaga	8	4%	4%
Fór í opin virkniúrræði (t.d. Hringsjá, Hlutverkasetur, Hugarafl, Geysir, Hver, Strókur)	5	3%	3%
Ég fór hvorki í vinnu né leitaði í ofangreind úrræði	20	10%	10%
Annað- Ég fór á örorkulífeyri	9	5%	5%
Fjöldi svara*	191	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	4		
Alls	195		

Eingöngu þeir sem hófu ekki starfsendurhæfingu hjá VIRK fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 32. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að þú laukst atvinnutengdri starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Atvinnutekjur	277	35%	35%
Sjúkradagpeningar stéttarfélags	11	1%	1%
Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands	9	1%	1%
Endurhæfingarlífeyrir	54	7%	7%
Lífeyrir lífeyrissjóðs	45	6%	6%
Örorkulífeyrir	155	20%	20%
Ellilífeyrir	2	0%	0%
Slysabætur	7	1%	1%
Atvinnuleysisbætur	30	4%	4%
Aðrar greiðslur frá Vinnumálastofnun (t.d. vinnusamningar)	1	0%	0%
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	16	2%	2%
Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	10	1%	1%
Námslán	14	2%	2%
Lán	5	1%	1%
Fæðingarorlof / fæðingarstyrkur	7	1%	1%
Fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldu /foreldrum	19	2%	2%
Maki var með tekjur	98	12%	12%
Hafði enga framfærslu	3	0%	0%
Annað	18	2%	2%
Annað- Örorkulífeyrir	4	1%	1%
Annað- Sparnaður	4	1%	1%
Fjöldi svara*	789	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	8		
Alls	797		

Eingöngu þeir sem luku starfsendurhæfingu fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 33. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að þú hættir í atvinnutengdri starfsendurhæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Atvinnutekjur	36	16%	16%
Sjúkradagpeningar stéttarfélags	8	4%	4%
Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands	6	3%	3%
Endurhæfingarlífeyrir	27	12%	12%
Lífeyrir lífeyrissjóðs	13	6%	6%
Örorkulífeyrir	65	29%	29%
Ellilífeyrir	1	0%	0%
Atvinnuleysisbætur	8	4%	4%
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	17	7%	7%
Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	1	0%	0%
Námslán	4	2%	2%
Lán	4	2%	2%
Fæðingarorlof / fæðingarstyrkur	3	1%	1%
Fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldu /foreldrum	9	4%	4%
Maki var með tekjur	12	5%	5%
Hafði enga framfærslu	3	1%	1%
Annað	6	3%	3%
Annað- Örorkulífeyrir	2	1%	1%
Annað- Sparnaður	2	1%	1%
Fjöldi svara*	227	100%	
Veit ekki/vil ekki svara	3		
Alls	230		

Eingöngu þeir sem hófu starfsendurhæfingu hjá VIRK en luku henni ekki fengu þessa spurningu

* Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika sem útskýrir fjölda svara

Tafla 34. Hvaðan komu tekjur þínar eða framfærsla eftir að umsókn þinni um atvinnutengda starfsendurhæfingu var vísað frá?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Atvinnutekjur	33	15%	15%
Sjúkradagpeningar stéttarfélags	14	6%	6%
Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands	13	6%	6%
Endurhæfingarlífeyrir	18	8%	8%
Lífeyrir lífeyrissjóðs	11	5%	5%
Örorkulífeyrir	51	23%	23%
Ellilífeyrir	1	0%	0%
Slysabætur	1	0%	0%
Atvinnuleysisbætur	7	3%	3%
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	14	6%	6%
Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	1	0%	0%
Námslán	3	1%	1%
Lán	3	1%	1%
Fæðingarorlof / fæðingarstyrkur	1	0%	0%
Fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldu /foreldrum	11	5%	5%
Maki var með tekjur	24	11%	11%
Annað	4	2%	2%
^{ág} merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkt hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 39. Hversu mikið eða lítið hefur ótti við afturför í heilsu hindrað þig í að hefja störf?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið/ekkert	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	32%	29%	13%	7%	19%	443	61%
Kyn ^o							
Karl	25%	33%	11%	4%	28%	129	57%
Kona	35%	28%	13%	8%	16%	313	63%
Aldur ^o							
18-25 ára	35%	23%	15%	12%	15%	26	58%
26-35 ára	27%	30%	14%	9%	20%	91	57%
36-45 ára	37%	28%	14%	10%	11%	100	65%
46-55 ára	38%	23%	15%	6%	18%	107	62%
56-66 ára	26%	38%	7%	2%	27%	111	64%
Eldri en 66 ára	25%	13%	13%	0%	50%	8	38%
Hjúskaparstaða							
Hjónaband/sambúð	29%	28%	15%	8%	20%	206	57%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	35%	30%	11%	6%	19%	234	65%
Menntun lokið							
Grunnskólanám	33%	28%	10%	7%	21%	149	61%
Framhaldsskólanám	29%	31%	13%	5%	21%	178	61%
Háskólanám	34%	27%	16%	8%	14%	111	61%
Búseta ^o							
Höfuðborgarsvæði	31%	29%	14%	6%	19%	278	60%
Reykjanes	30%	35%	8%	5%	23%	40	65%
Vestfirðir og Vesturland	41%	25%	9%	6%	19%	32	66%
Norðurland	25%	27%	17%	10%	21%	48	52%
Austur- og Suðurland	43%	28%	8%	5%	18%	40	70%
Þjónustulok							
Lauk starfsendurhæfingu	32%	28%	14%	6%	20%	218	60%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	32%	36%	8%	6%	18%	107	68%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	30%	26%	9%	10%	25%	80	56%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^o merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkert hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 40. Hversu mikið eða lítið hafa ytri aðstæður (t.d. fjárhagsvandi, fjölskylduerfiðleikar, félagsleg einangrun eða langvinn veikindi innan fjölskyldu) hindrað þig í að hefja störf?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið/ekkt	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	21%	22%	13%	8%	36%	435	43%
Kyn							
Karl	20%	21%	15%	10%	33%	127	42%
Kona	21%	22%	13%	7%	37%	307	43%
Aldur ^{og}							
18-25 ára	23%	23%	19%	15%	19%	26	46%
26-35 ára	20%	21%	11%	12%	37%	92	40%
36-45 ára	26%	26%	14%	4%	31%	98	51%
46-55 ára	25%	16%	15%	6%	39%	106	41%
56-66 ára	15%	24%	12%	8%	41%	109	39%
Eldri en 66 ára	0%	25%	0%	25%	50%	4	25%
Hjúskaparstaða ^(*)							
Hjónaband/sambúð	19%	20%	12%	10%	39%	203	38%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	23%	24%	14%	6%	33%	229	46%
Menntun lokið							
Grunnskólanám	24%	22%	13%	9%	33%	152	45%
Framhaldsskólanám	21%	20%	15%	7%	37%	171	42%
Háskólanám	17%	23%	12%	9%	39%	108	40%
Búseta ^{og}							
Höfuðborgarsvæði	24%	22%	13%	8%	33%	273	46%
Reykjanes	19%	19%	14%	8%	41%	37	38%
Vestfirðir og Vesturland	20%	20%	10%	7%	43%	30	40%
Norðurland	12%	16%	16%	12%	44%	50	28%
Austur- og Suðurland	13%	30%	15%	8%	35%	40	43%
Þjónustulok							
Lauk starfsendurhæfingu	20%	20%	14%	8%	37%	214	40%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	22%	24%	16%	9%	29%	106	45%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	20%	23%	9%	4%	44%	79	43%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^{og} merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkt hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 41. Hversu mikið eða lítið hefur það hindrað þig í að hefja störf að þú finnur ekki starf sem hentar þér, t.d. hlutastarf?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið/ekkt	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	19%	22%	14%	8%	37%	407	 41%
Kyn							
Karl	20%	21%	14%	6%	39%	122	 42%
Kona	18%	23%	14%	9%	37%	284	 40%
Aldur^{ög}							
18-25 ára	17%	25%	13%	4%	42%	24	 42%
26-35 ára	13%	26%	13%	12%	36%	85	 39%
36-45 ára	24%	20%	20%	9%	28%	87	 44%
46-55 ára	20%	16%	15%	5%	45%	101	 36%
56-66 ára	18%	26%	10%	8%	39%	105	 44%
Eldri en 66 ára	20%	60%	0%	0%	20%	5	 80%
Hjúskaparstaða^(*)							
Hjónaband/sambúð	15%	21%	13%	9%	42%	189	 37%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	21%	24%	15%	7%	33%	216	 45%
Menntun lokið							
Grunnskólanám	17%	21%	14%	6%	42%	142	 38%
Framhaldsskólanám	22%	20%	13%	12%	32%	161	 43%
Háskólanám	15%	26%	15%	5%	39%	102	 41%
Búseta^{ög}							
Höfuðborgarsvæði	18%	21%	15%	8%	37%	255	 39%
Reykjanes	17%	29%	6%	6%	43%	35	 46%
Vestfirðir og Vesturland	32%	36%	4%	0%	29%	28	 68%
Norðurland	17%	15%	19%	10%	40%	48	 31%
Austur- og Suðurland	14%	24%	11%	11%	41%	37	 38%
Þjónustulok							
Lauk starfsendurhæfingu	19%	20%	12%	9%	40%	205	 40%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	18%	26%	15%	7%	34%	96	 44%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	16%	23%	11%	7%	43%	74	 39%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^{ög} merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkt hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 42. Hversu mikið eða lítið hefur óöryggi varðandi framfærslu þar sem bætur eða lífeyrir skerðist of mikið hindrað þig í að hefja störf?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið/ekkt	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	27%	22%	8%	55%	37%	419	49%
Kyn							
Karl	32%	21%	6%	6%	35%	121	54%
Kona	26%	23%	9%	4%	38%	297	48%
Aldur⁹⁹							
18-25 ára	23%	19%	15%	8%	35%	26	42%
26-35 ára	28%	18%	8%	7%	39%	85	46%
36-45 ára	28%	28%	11%	2%	31%	93	56%
46-55 ára	32%	18%	9%	6%	35%	100	50%
56-66 ára	24%	25%	5%	4%	43%	109	49%
Eldri en 66 ára	17%	50%	0%	0%	33%	6	67%
Hjúskaparstaða							
Hjónaband/sambúð	23%	21%	10%	6%	40%	199	44%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	31%	24%	7%	4%	34%	217	55%
Menntun lokið							
Grunnskólanám	28%	22%	7%	5%	37%	147	50%
Framhaldsskólanám	30%	24%	10%	4%	33%	165	54%
Háskólanám	22%	19%	8%	7%	44%	103	42%
Búseta⁹⁹							
Höfuðborgarsvæði	26%	23%	9%	5%	38%	262	49%
Reykjanes	24%	29%	0%	5%	42%	38	53%
Vestfirðir og Vesturland	46%	18%	11%	7%	18%	28	64%
Norðurland	23%	19%	4%	4%	50%	48	42%
Austur- og Suðurland	31%	21%	18%	5%	26%	39	51%
Þjónustulok							
Lauk starfsendurhæfingu	28%	21%	7%	6%	39%	210	49%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	33%	22%	9%	3%	33%	102	55%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	19%	27%	10%	4%	39%	77	47%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

⁹⁹ merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkt hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 43. Hversu mikið eða lítið hefur það hindrað þig í að hefja störf þú fáir ekki tækifæri til að aðlagast starfi á þínum hraða?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið/ekkt	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	21%	20%	15%	7%	37%	406	41%
Kyn							
Karl	17%	16%	19%	8%	40%	117	33%
Kona	23%	22%	14%	6%	36%	288	44%
Aldur^{ög}							
18-25 ára	24%	8%	16%	24%	28%	25	32%
26-35 ára	17%	22%	17%	7%	37%	83	39%
36-45 ára	24%	29%	14%	5%	28%	93	53%
46-55 ára	26%	19%	13%	4%	38%	102	45%
56-66 ára	18%	15%	16%	4%	46%	99	33%
Eldri en 66 ára	0%	0%	25%	50%	25%	4	0%
Hjúskaparstaða^(*)							
Hjónaband/sambúð	19%	20%	15%	7%	39%	188	39%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	24%	20%	15%	6%	35%	215	44%
Menntun lokið							
Grunnskólanám	22%	18%	16%	6%	38%	141	40%
Framhaldsskólanám	23%	23%	11%	7%	36%	163	46%
Háskólanám	17%	18%	19%	6%	39%	99	35%
Búseta^{ög}							
Höfuðborgarsvæði	25%	20%	13%	7%	35%	253	45%
Reykjanes	13%	16%	21%	5%	45%	38	29%
Vestfirðir og Vesturland	16%	36%	12%	8%	28%	25	52%
Norðurland	17%	17%	17%	2%	48%	48	33%
Austur- og Suðurland	18%	16%	21%	8%	37%	38	34%
Þjónustulok							
Lauk starfsendurhæfingu	22%	21%	12%	5%	39%	205	44%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	24%	24%	15%	9%	27%	99	48%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	15%	15%	17%	7%	46%	72	31%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^{ög} merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkt hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 44. Hversu mikið eða lítið hefur heilsufar þitt áhrif á að þú getir unnið starf þitt í dag?

	Mjög mikið	Mikið	Hvorki mikið né lítið	Lítið	Mjög lítið eða ekkert	Fjöldi svara	Mjög mikið eða mikið
Heild	19%	29%	27%	25%	0%	313	48%
Kyn ^{ög (*)}							
Karl	17%	30%	20%	33%	0%	89	47%
Kona	20%	29%	29%	22%	0%	224	49%
Aldur ^{ög (ög)}							
18-25 ára	18%	24%	18%	41%	0%	17	41%
26-35 ára	17%	37%	28%	19%	0%	54	54%
36-45 ára	22%	27%	23%	28%	0%	86	49%
46-55 ára	21%	29%	28%	21%	0%	95	51%
56-66 ára	11%	27%	34%	29%	0%	56	38%
Eldri en 66 ára	40%	40%	0%	20%	0%	5	80%
Hjúskaparstaða ^(*)							
Hjónaband/sambúð	21%	30%	26%	24%	0%	185	50%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	17%	28%	28%	27%	0%	127	45%
Menntun lokið ^{ög (*)}							
Grunnskólanám	12%	21%	32%	35%	0%	81	33%
Framhaldsskólanám	25%	33%	26%	16%	0%	95	58%
Háskólanám	19%	31%	24%	26%	0%	134	50%
Búseta ^{ög (ög)}							
Höfuðborgarsvæði	19%	32%	29%	21%	0%	214	50%
Reykjanes	22%	0%	33%	44%	0%	9	22%
Vestfirðir og Vesturland	6%	44%	22%	28%	0%	18	50%
Norðurland	24%	16%	24%	35%	0%	37	41%
Austur- og Suðurland	21%	26%	18%	35%	0%	34	47%
Þjónustulok ^{ög}							
Lauk starfsendurhæfingu	19%	28%	24%	28%	0%	226	47%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	17%	37%	30%	17%	0%	30	53%
Hóf ekki starfsendurhæfingu	18%	20%	43%	20%	0%	40	38%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^{ög} merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktæktarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikunum mjög mikið/mikið/hvorki mikið né lítið var slegið saman annars vegar og lítið/mjög lítið/ekkert hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Viðaukatafla 45. Hversu vel eða illa fannst þér starfsendurhæfingin nýtast þér í heild sinni?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi svara	Mjög eða frekar vel
Heild	45%	27%	13%	8%	8%	610	 72%
Kyn							
Karl	44%	31%	11%	6%	8%	163	 75%
Kona	46%	25%	13%	8%	7%	447	 71%
Aldur ⁶⁹ (*)							
18-25 ára	36%	30%	3%	15%	15%	33	 67%
26-35 ára	41%	24%	15%	9%	10%	116	 66%
36-45 ára	45%	29%	14%	7%	5%	155	 74%
46-55 ára	53%	25%	11%	4%	7%	164	 78%
56-66 ára	43%	27%	14%	9%	7%	126	 70%
Eldri en 66 ára	38%	31%	19%	6%	6%	16	 69%
Hjúskaparstaða (*)							
Hjónaband/sambúð	48%	27%	13%	7%	6%	322	 75%
Ekki sambúð/einhleyp(ur)	42%	27%	13%	9%	9%	287	 69%
Menntun lokið (*)							
Grunnskólanám	45%	23%	11%	11%	11%	180	 68%
Framhaldsskólanám	43%	33%	12%	6%	6%	216	 75%
Háskólanám	49%	24%	15%	6%	7%	211	 73%
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	47%	25%	13%	7%	8%	397	 73%
Reykjanes	38%	30%	5%	15%	13%	40	 68%
Vestfirðir og Vesturland	39%	31%	11%	8%	11%	36	 69%
Norðurland	44%	34%	9%	11%	1%	70	 79%
Austur- og Suðurland	45%	22%	20%	5%	9%	65	 66%
Þjónustulok *** (***)							
Lauk starfsendurhæfingu	52%	27%	11%	5%	4%	473	 80%
Hóf starfsendurhæfingu en lauk ekki	21%	25%	18%	17%	18%	136	 46%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

⁶⁹ merkir að gögnin uppfylli ekki forsendur marktektarprófs.

Valmöguleikum var slegið saman vegna fárra í svara í ákveðnum hópum. Það var gert þannig að valmöguleikumum mjög/frekar vel/hvorki vel né illa var slegið saman annars vegar og frekar/mjög illa hins vegar.

0% 25% 50% 75% 100%

Umsókn um heimild til vinnslu persónuupplýsinga

sbr. 4. gr. reglna nr. 811/2019 um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga



1 Ábyrgðaraðili

1.1 Ábyrgðaraðili

Sá sem ber ábyrgð á verkefninu, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Ef fleiri en einn vinna verkefnið saman skal hér skrá upplýsingar um þann einstakling sem kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart Persónuvernd.

Nafn:
Nefnd um heildarúttekt á þjónustu VIRK- Starfsendurhæfingarsjóðs ses
Heimilisfang/póstfang:
Skógarhlíð 6
Staða (ef ábyrgðaraðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef ábyrgðaraðili er fyrirtæki/stofnun):
Sigríður Jónsdóttir/ formaður nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK- Starfsendurhæfingarsjóðs ses
Póstnr. og sveitarfélag:
105 Reykjavík
Vinnusími/farsími/netfang: 6984488/siggajons99@gmail.com

1.2 Samstarfsaðilar ábyrgðaraðila, t.d. meðrannsakendur (ef það á við)

Nafn og staða/tengiliður: Kolbeinn Stefánsson, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og fulltrúin í nefnd um heildarúttekt á þjónustu VIRK- Starfsendurhæfingarsjóðs ses/
Nafn og staða/tengiliður:
Nafn og staða/tengiliður:

1.3 Vinnsluaðili (ef það á við)

Sá sem, með skriflegum vinnslusamningi, hefur verið falin vinnsla persónuupplýsinga, sbr. 7. tölul. 3. gr. l. 90/2018.

Nafn: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, kt. 600169-2039
Heimilisfang/póstfang: Sæmundargata
Gimli – Sæmundargötu 2
Staða (ef vinnsluaðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef vinnsluaðili er fyrirtæki/stofnun):
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar
Póstnr. og sveitarfélag:
102 Reykjavík
Vinnusími / farsími / netfang:
525-4545/ gudbjorg@hi.is

2 Lýsing á verkefni

2.1 Heiti rannsóknar/verkefnis

Heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses
--

2.2 Tilgangur vinnslunnar

Verkefnið er unnið að beiðni formanns nefndar sem félags- og barnamálaráðherra skipaði. Verkefnið felst í að gera heildarúttekt á þjónustu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses og er liður í því að „leggja mat á hvort framlögum hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti skv. lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði

lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku á starfstíma starfsendurhæfingarsjóða“ (sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 60/2012).

Þar sem kveðið er á um það í lögnum að þessari úttekt hafi átt að ljúka árið 2016 er það mikið kappsmál að ná að ljúka verkefninu sem fyrst..

- Einn hluti þessarar úttektar er spurningakönnun sem kannar afdrif þeirra einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015-2019. Spurningalisti verður lagður fyrir þrjá hópa sem var vísað til VIRK á árunum 2015-2019: einstaklinga sem var vísað til VIRK og luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu, einstaklinga sem hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu og hættu og einstaklinga sem var vísað til VIRK en hófu ekki atvinnuengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsóknin var ekki samþykkt.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að:

- Greina hvað einkennir a) þann hóp sem var vísað til VIRK og lauk atvinnutengdri starfsendurhæfingu b) þann hóp sem að var vísað til VIRK, hóf atvinnutengda starfsendurhæfingu og hætti c) þann hóp sem var vísað til VIRK en hófu ekki atvinnuengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsóknin var ekki samþykkt.
- Kanna hver staða þessa hópa er í dag? Er fólk í vinnu námi, með örorkulífeyri eða gegnir annarri stöðu?
- Kanna viðhorf og upplifun af þjónustu frá VIRK

2.3 Stutt lýsing á því hvernig staðið verður að verkefninu / gerð rannsóknarinnar (rannsóknaráætlun)

Rannsóknin er meginleg og er úrtak dregið úr gagnakrá VIRK. Tekið verður 2000 manna lagskipt úrtak einstaklinga úr hópi þeirra sem var vísað til VIRK árin 2015-2019, skipt eftir því hvort a) einstaklingar klára atvinnutengda starfsendurhæfingu b) hefja atvinnutengda starfsendurhæfingu og hættu c) hefja ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsóknin er ekki samþykkt. Úrtaksgerð verður í höndum VIRK með aðstoð Félagsvísindastofnunar HÍ.

Áður en VIRK afhendir Félagsvísindastofnun úrtakslista mun VIRK senda kynningarbréf, til einstaklinga í úrtakinu. Í kynningarbréfinu má finna upplýsingar um könnunina, hvað þátttaka felur í sér og skýrar leiðbeiningar um hvernig megi óska eftir því að vera skráð úr úrtakinu. Í því mun koma fram að ákveðnum tímafresti liðnum muni rannsakendur Félagsvísindastofnunar HÍ fá læsta skrá með upplýsingum um nafn, kennitölu, símanúmer og tölvupóstfang, búsetu við upphaf þjónustu, hvaðan einstaklingar fengu framfærslu á þeim tíma sem þau voru hjá VIRK, ástæðu þjónustuloka hjá VIRK, hvort einstaklingar luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu, hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu og hættu eða hófu ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsókn þeirra var ekki samþykkt. Vilji þeir ekki slíkt símtal og vilja ekki vera á úrtakslista sem Félagsvísindastofnun mun fá afhentan er þeim leiðbeint um það hvernig þeir geta gert slíkt með því að hafa samband við tengilið hjá VIRK innan ákveðins tíma og verða þeir þá samstundis teknir af úrtakslista.

Tengiliður mun svo afhenda Félagsvísindastofnun lista með nöfnum einstaklinga sem hafa ekki óskað eftir því að vera fjarlægð úr úrtakinu. Hringt verður í fólk sem ekki afskráir sig og því boðið að taka þátt í könnuninni með því gefa upp netfang sitt og fá könnunina senda í tölvupósti eða að svara henni í síma.

Úrvinnsla og framsetning gagna verður m.a. lýsandi, þ.e. með tíðnitölum og bakgrunnstölum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttum. Auk þess verða gerðar frekari greiningar í samræmi við óskir nefndarinnar. Marktektarpróf verða notuð til að greina mun á milli hópa.

Í skýrslu verður gerð grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar og svarhlutfalli en að öðru leyti mun skýrslan einungis innihalda lýsandi tölfræði í töflum og myndum. Við skýrsluskrif verður þess gætt að ekki verði unnt að rekja svör til einstakra þátttakenda, t.d. með því að birta ekki niðurstöður fyrir fámenna hópa.

2.4 Lýsing á því hvernig hinir skráðu (í rannsóknum rannsóknarþýðið) verða valdir/fundnir, fjölda þeirra og hvort samþykkis verði leitað eða fræðsla veitt

Byggi vinnsla á upplýstu samþykki er hún ekki háð leyfi Persónuverndar og óþarfi að fylla út leyfisumsókn. Ef ekki verður aflað samþykkis eða hinir skráðu fræddir um vinnsluna skal færa hér rök fyrir því. Lýsið fyrirhuguðum aðferðum við val á þátttakendum, hversu margir þeir verði og hvort og þá hvernig ábyrgðaraðili hyggist setja sig í samband við þá. Sé ætlunin að afla upplýsinga frá öðrum en hinum skráðu þarf að koma fram hvort fyrirhugað sé að leita samþykkis þeirra eða fræða þá um vinnsluna.

Til að nálgast úrtak einstaklinga sem var vísað til VIRK á árunum 2015- 2019 verður haft samstarf við VIRK. Tengiliður VIRK mun, eftir leiðbeiningum Félagsvísindastofnunar, taka lagskipt úrtak úr skrá VIRK. Einstaklingar sem veljast í úrtak fá sent kynningarbréf sem VIRK sendir, f.h. nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK, þar sem tilgangi og framkvæmd könnunarinnar verður lýst. Í því mun koma fram að ákveðnum tímafresti liðnum muni rannsakendur Félagsvísindastofnunar HÍ fá læsta skrá með upplýsingum um nöfn, kennitölur, símanúmer og tölvupóstfang þeirra í því skyni að geta hringt í þá og boðið þeim að taka þátt í rannsókninni. Í bréfinu mun einnig koma fram að Félagsvísindastofnun fái upplýsingar um búsetu einstaklinga við upphaf þjónustunnar hjá VIRK, upplýsingar um hvaðan einstaklingar fengu framfærslu við upphaf og lok þjónustu sem og ástæðu þjónustuloka hjá VIRK. Að lokum mun koma fram að VIRK mun afhenda Félagsvísindastofnun upplýsingar um hvort að fólk lauk atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK, hóf atvinnutengda starfsendurhæfingu og hætti, eða hóf ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsókn var ekki samþykkt.

Vilji fólk ekki slíkt símtal og vilja láta taka sig af úrtakslista er því leiðbeint um hvernig það gerir slíkt með því að hafa samband við tengilið hjá VIRK innan ákveðins tíma og verður það þá samstundis tekið af úrtakslista. Rannsakendur Félagsvísindastofnunar HÍ munu svo fá ofantaldar upplýsingar þeirra einstaklinga sem báðu ekki um að vera teknir af úrtakslista í læstri læsta skrá til þess að hafa samband og bjóða þeim að taka þátt í könnuninni.

Í framhaldinu hringja rannsakendur Félagsvísindastofnunar í þessa einstaklinga og kynna fyrir þeim rannsókna og bjóða þeim að taka þátt. Í símtalinu verður skýrt tekið fram að þátttaka sé valfrjálst og að ekki sé skylda að svara spurningalistanum í heild né einstökum spurningum hans. Í kynningarbréfi sem VIRK sendir f.h. nefndar um heildarúttekt á þjónustu VIRK sem og í símtali frá rannsakendum Félagsvísindastofnunar munu koma fram skýrar upplýsingar um það að ákveði einstaklingar að taka þátt og svara spurningunum geti þeir jafnframt sagt sig frá þátttöku, hvenær sem er, á meðan rannsókninni stendur. Ákveði einstaklingar að svara spurningalistanum í kjölfar símtalsins verða þeir þátttakendur í rannsókninni.

2.5 Hvenær verkefni hefst og hvenær því lýkur (rannsóknartímabil)

Undirbúningur verkefnis hófst í maí 2021. Gert er ráð fyrir að gagnaöflun hefjist í október 2021 og skýrslu verði skilað í árslok 2021

3 Úrvinnsla gagna

3.1 Skrárhaldari

Hjá hvaða skrárhaldara er fyrirhugað að biðja um aðgang að gögnum?

VIRK – Starfsendurhæfingu ses

3.2 Hvaða gögnum er fyrirhugað að fá aðgang að?

Nákvæm tilgreining á því hvaða gögnum, sem innihalda persónuupplýsingar, óskað er eftir aðgangi að hjá framangreindum skrárhaldara.

Óskað verður eftir upplýsingum um nöfn, kennitölur, símanúmer og tölvupóstfang þeirra sem veljast í úrtak úr skrá VIRK og hafa ekki hafnað þátttöku. Einnig verður óskað eftir upplýsingum um búsetu þeirra einstaklinga við upphaf þjónustunnar hjá VIRK, upplýsingar um hvaðan einstaklingar fengu framfærslu við upphaf og lok þjónustu sem og ástæðu þjónustuloka hjá VIRK. Einnig er óskað eftir því að fá upplýsingar um hvort að einstaklingar luku atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK, hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK og hættu, eða hófu ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK vegna þess að umsókn var ekki samþykkt. VIRK mun afhenda rannsakendum þessar upplýsingar í læstri Excel skrá.

3.3 Hvaða persónuupplýsingar er fyrirhugað að skrá?

Nákvæm tilgreining á því hvaða flokka persónuupplýsinga er óskað eftir að skrá upp úr framangreindum gögnum, einkum tilgreining á þeim breytum sem fyrirhugað er að notast verði við.

Óskað verður eftir upplýsingum um nafn, kennitölu, búsetu á þeim tíma sem einstaklingum var vísað til VIRK, netfang, símanúmer, hvaðan fólk fékk framfærslu við byrjun og lok starfsendurhæfingar sem og ástæðu þjónustuloka þeirra sem veljast í úrtak úr skrá VIRK og hafa ekki hafnað þátttöku. Einnig verður óskað eftir upplýsingum um hvort að fólk lauk atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK, hóf atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK og hætti, eða hóf ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK vegna þess að umsókn var ekki samþykkt.

Upplýsingar aldur, búsetu á þeim tíma sem einstaklingum var vísað til VIRK, hvaðan fólk fékk framfærslu við byrjun og lok starfsendurhæfingar sem og ástæðu þjónustuloka verða notaðar við úrvinnslu. Einnig verða upplýsingar um hvort einstaklingar luku atvinnuengdri starfsendurhæfingu, hófu atvinnutengda starfsendurhæfingu og hættu eða hófu ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu vegna þess að umsókn var ekki samþykkt nýttar sem bakgrunnsbreytur í úrvinnslu. Upplýsingar um nafn, símanúmer og tölvupóstfang verða eingöngu notaðar til að komast í samband við einstaklinga til að bjóða þeim þátttöku en verða ekki notaðar sem gögn til úrvinnslu.

3.4 Samkeyrsla

Ef fyrirhugað er að samkeyra skrár með persónuupplýsingum við aðrar skrár skal tilgreina hér hvaða skrár er óskað eftir að samkeyra og þá hvaða upplýsingar í þeim skráum. Tilgreinið einnig hvort fyrirhugað sé að samkeyrslan fari fram undir kennitölum eða öðrum auðkennum og þá hverjum. Sé ætlunin að aftengja gögn persónuauðkennum að samkeyrslu lokinni skal það einnig koma fram hér.

Nei

3.5 Hvernig er fyrirhugað að auðkenna persónuupplýsingar?

Tilgreinið hvernig fyrirhugað er að auðkenna persónuupplýsingar, annars vegar meðan á vinnslu stendur og hins vegar við endanlega birtingu, s.s. með rannsóknarnúmerum, eða hvort óskað er eftir að notast verði við persónuauðkenni (t.d. nöfn, kennitölur, heimilisföng o.þ.h.), ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna slíkt er talið nauðsynlegt. Ef óskað er eftir að upplýsingar verði skráðar eftir dulkóðuðum kennitölum (í rannsóknnum rannsóknarnúmerum) þarf að koma fram hvort, hvar og hvernig er fyrirhugað að varðveita greiningarlykil.

Gögnum verður safnað með spurningalistum. Þau verða vistuð í læstum skráum með lykilorðum sem Inga Rún Sæmundsdóttir, verkefnastjóri Félagsvísindastofnunar, mun hafa aðgang að, áður og á meðan vinnslu

stendur. Svör við spurningalistum verða tengd við bakgrunnsupplýsingarnar úr úrtakinu, þ.e. aldur, búsetu á þeim tíma sem einstaklingum var vísað til VIRK, hvaðan fólk fékk framfærslu við byrjun og lok starfsendurhæfingar sem og ástæðu þjónustuloka. Einnig verða svör tengd við upplýsingar um hvort að fólk lauk atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK, hóf atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK og hætti, eða hóf ekki atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK vegna þess að umsókn var ekki samþykkt. Persónugreinanlegar upplýsingar eins og kennitölur og nöfn, verða ekki í gagnaskrá.

3.6 Öryggi persónuupplýsinga

Hvernig er fyrirhugað að tryggja öryggi persónuupplýsinga og til hvaða ráðstafana gripið verður í því skyni, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018 og 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679?

Úrtakinu verður eytt um leið og gagnaöflun lýkur. Meðan á gagnaöflun stendur verður úrtaksskrá geymd rafrænt í læstri möppu Félagsvísindastofnunar og mun Inga Rún Sæmundsdóttir hafa aðgang að skránni. Í gagnaskránni sem inniheldur svör við spurningalista verða ekki persónurekjanlegar upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, símanúmer og tölvupóstfang. Í rannsókninni er unnið með upplýsingar sem teljast viðkvæmar. Áhætta samfara slíkri gagnaöflun getur falist í trúnaðarbresti eða að óvarlega sé farið með persónuupplýsingar. Til að fyrirbyggja slíkan trúnaðarbrest munu allir sem starfa að rannsókninni skrifa undir þagnarheit.

3.7 Varðveisla og eyðing persónuupplýsinga

Hvar og hvernig er fyrirhugað að varðveita þau gögn sem unnið verður með og hve lengi? Hvenær er ætlunin að eyða persónugreinanlegum gögnum, þ.m.t. greiningarlykli?

Úrtakinu verður eytt um leið og gagnaöflun lýkur. Meðan á gagnaöflun stendur verður úrtaksskrá geymd rafrænt í læstri möppu Félagsvísindastofnunar og mun Inga Rún Sæmundsdóttir hafa aðgang að skránni. Í gagnaskránni sem inniheldur svör þátttakenda við spurningalista verða ekki persónurekjanlegar upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, símanúmer og tölvupóstfang. Gagnaskráin verður varðveitt í læstri möppu Félagsvísindastofnunar og afhent nefnd um heildarúttekt á þjónustu VIRK eftir að búið er að sameina flokka með fáum svörum, þannig að ekki sé unnt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Gagnaskráin verður vistuð hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála í eitt ár eftir að nefndin lýkur störfum og verður ekki opnuð nema upp komi spurningar um þessa könnun og þá með vitneskju hlutaðeigandi aðila sem eru félagsmálaráðuneyti og VIRK- starfsendurhæfingarsjóður.

4 Hlutverk vinnsluaðila

Verði samið við [vinnsluaðila](#) skal lýsa því hér í hverju aðkoma hans er fólgin, svo sem hvort fyrirhugað sé að fela honum að samkeyra skrár.

Hlutverk Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands felst í gagnaöflun, úrvinnslu gagna og skrifum á skýrslu um helstu niðurstöður. Vinnsluaðili mun notast við úrtaksskrá frá skrárhaldara sem er VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses til að nálgast þátttakendur.

5 Flutningur gagna úr landi

Ef fyrirhugað er að flytja persónuupplýsingar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið skal tilgreina hvaða upplýsingar er ætlunin að flytja, í hvaða tilgangi, til hvaða lands, með hvaða hætti og hver verði viðtakandi þeirra. Tilgreinið þá einnig hvort gerður verði samningur við viðtakanda um meðferð persónuupplýsinga sem byggir á stöðluðum samningsskilmálum (e. Standard Contractual Clauses) eða hvort, eftir atvikum, byggt verði á bindandi fyrirtækjareglum (e. Binding Corporate Rules).

Nei

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókninni, eftir því sem við á:

- a) Yfirlýsing skrárhaldara sem óskað er aðgangs að gögnum hjá, hafi hann tekið ákvörðun um að veita rannsakanda aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr skráum sínum í þágu verkefnis/rannsóknar. Skráarhaldari ber ávallt ábyrgð á að veiting aðgangs að skránum samrýmist lögum nr. 90/2018.
- b) Vinnslusamningur, hafi vinnsluaðila verið falin vinnsla persónuupplýsinga með skriflegum samningi, sbr. 25. gr. laga nr. 90/2018.

Undirritun ábyrgðaraðila:

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'Sigríður Jónsdóttir', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Dags.: 24.09.21.

Hægt er að senda umsóknina með tölvupósti á netfangið postur@personuvernd.is en vakin er athygli á því að Persónuvernd verður einnig að berast undirritað eintak umsóknarinnar með bréfpósti á skrifstofu stofnunarinnar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

Umsókn um heimild til vinnslu persónuupplýsinga

sbr. 4. gr. reglna nr. 811/2019 um leyfisskeylda vinnslu persónuupplýsinga



1 Ábyrgðaraðili

1.1 Ábyrgðaraðili

Sá sem ber ábyrgð á verkefninu, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Ef fleiri en einn vinna verkefnið saman skal hér skrá upplýsingar um þann einstakling sem kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart Persónuvernd.

Nafn: Nefnd um heildarúttekt á VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði
Heimilisfang/póstfang: Skógarhlíð 6.
Staða (ef ábyrgðaraðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef ábyrgðaraðili er fyrirtæki/stofnun): Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur og fulltrúi í nefnd félagsmálaráðherra um heildarúttekt á þjónustu VIRK
Póstnr. og sveitarfélag: 105 Reykjavík
Vinnusími/farsími/netfang: 5684268/8994901, bjarnig@tbg.is

1.2 Samstarfsaðilar ábyrgðaraðila, t.d. meðrannsakendur (ef það á við)

Nafn og staða/tengiliður: ..
Nafn og staða/tengiliður:
Nafn og staða/tengiliður:

1.3 Vinnsluaðili (ef það á við)?

Sá sem, með skriflegum vinnslusamningi, hefur verið falið vinnsla persónuupplýsinga, sbr. 7. tölul. 3. gr. l. 90/2018.

Nafn:
Heimilisfang/póstfang:
Staða (ef vinnsluaðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef vinnsluaðili er fyrirtæki/stofnun):
Póstnr. og sveitarfélag:
Vinnusími / farsími / netfang:

2 Lýsing á verkefni

2.1 Heiti rannsóknar/verkefnis

Heildarúttekt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs – Mat á örorkubyrði lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins og á nýgengi örorku og skilvirkni starfsemi VIRK.

2.2 Tilgangur vinnslunnar

Rannsóknin er liður í lögbundinni heildarúttekt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á áhrifum VIRK á örorkubyrði lífeyrissjóða og Tryggingastofnunnar ríkisins sem og á nýgengi örorku og skilvirkni starfsemi VIRK. Rannsóknin byggir á úrvinnslu gagna VIRK, lífeyrissjóðanna og Tryggingastofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir að samkeyra gögn frá

lífeyrissjóðunum við gögn frá VIRK. Gögn frá Tryggingastofnun ríkisins verða ekki persónugögn heldur eingöngu fjöldataölur um örorku og endurhæfingartilvik og er ekki talið að sú vinnsla sé leyfisskyld.

2.3 Stutt lýsing á því hvernig staðið verður að verkefninu / gerð rannsóknarinnar (rannsóknaráætlun)

Með athugun á gögnum frá lífeyrissjóðum verður kannað hvort nýgengi örorku hafi breyst á tímabilinu 1990-2020. Einhlýtt mat um örorkubyrði fæst ekki nema að kanna einnig endurhæfingartíðni og myndi líkanið því einnig taka til þess þáttar. Réttindi þeirra einstaklinga sem verða fyrir orkutapi hefur einnig áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða ekki síður en fjöldi tilvika og verður því einnig leitað eftir upplýsingum um réttindi öryrkja og annarra sjóðfélaga. Sett verða upp hefðbundin Markov- og Semi-Markov líkön fyrir örorku- og endurhæfingartíðni og kannað hvort marktækan mun megi finna fyrir og eftir að starfsendurhæfingarsjóðir hófu starfsemi. Alþekkt er að örorku- og endurhæfingartíðni er háð kyni og aldri og þurfa líkönin því að miðast við það. Við gerð líkana af þessu tagi þarf upplýsingar um þann tíma sem einstaklingar af tilteknu kyni og aldri hafa lifað og fjölda örorku- og endurhæfingartilvika með sömu flokkun. Athyglin beinist hér ekki að einstaklingum, heldur meðaltals reynslu þeirra hópa sem einstaklingur er talinn tilheyra (aldur, kyn, tímabil).

2.4 Lýsing á því hvernig hinir skráðu (í rannsóknum rannsóknarþýðið) verða valdir/fundnir, fjölda þeirra og hvort samþykki verði leitað eða fræðsla veitt

Byggi vinnsla á upplýstu samþykki er hún ekki háð leyfi Persónuverndar og óþarfi að fylla út leyfisumsókn. Ef ekki verður aflað samþykkis eða hinir skráðu fræddir um vinnsluna skal færa hér rök fyrir því. Lýsið fyrirhuguðum aðferðum við val á þátttakendum, hversu margir þeir verði og hvort og þá hvernig ábyrgðaraðili hyggist setja sig í samband við þá. Sé ætlunin að afla upplýsinga frá öðrum en hinum skráðu þarf að koma fram hvort fyrirhugað sé að leita samþykkis þeirra eða fræða þá um vinnsluna.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður: Öllum sem hefur verið vísað til VIRK til loka árs 2020. Upplýsingar um einstaklinga eru eingöngu nýttar við gerð tölfræðilegra líkana.

Lífeyrissjóðir: Allir sjóðfélagar fæddir á árabílinu 1917-2005. Þar sem einstaklingar geta átt aðild að mörgum lífeyrissjóðum og fengið úrskurðaðan örorkulífeyri í mörgum sjóðum er óhjákvæmilegt að samkeyra gögn sjóðanna. Til að setja upp líkön sem ná að lýsa breytileika eftir aldri, kyni og tímabilum með öryggi þarf mjög stóran hóp og ekki er unnt að leita eftir einstaklingsbundnu samþykki eða upplýsa um rannsóknina. Hvergi er unnið með gögn einstaklinga sem slíkra heldur einungis sem hluta stórs hóps.

2.5 Hvenær verkefni hefst og hvenær því lýkur (rannsóknartímabil)

Hefst: 17.11.2021

Lýkur: 31.1.2022

3 Úrvinnsla gagna

3.1 Skrárhaldari

Hjá hvaða skrárhaldara er fyrirhugað að biðja um aðgang að gögnum?

VIRK starfsendurhæfingarsjóður, og allir lífeyrissjóðir sem aðild eiga að Landsamtök lífeyrissjóða

3.2 Hvaða gögnum er fyrirhugað að fá aðgang að?

Nákvæm tilgreining á því hvaða gögnum, sem innihalda persónuupplýsingar, óskað er eftir aðgangi að hjá framangreindum skrárhaldara.

Frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði:

Skrá yfir fólk sem hefur verið vísað til VIRK og skrá um framvindu meðferðar. Gert er ráð fyrir að persónauðkenni verði dulkóðað fyrir sendingu gagna frá Virk með sömu aðferð og notuð verður hjá lífeyrissjóðum.

Frá lífeyrissjóðum:

Skrá yfir sjóðsfélaga, skrá yfir iðgjöld, skrá yfir örorkuúrskurði og skrá yfir eftirlaunaúrskurði

3.3 Hvaða persónuupplýsingar er fyrirhugað að *skrár*?

Nákvæm tilgreining á því hvaða flokka persónuupplýsinga er óskað eftir að skrá upp úr framangreindum gögnum, einkum tilgreining á þeim breytum sem fyrirhugað er að notast verði við.

Frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði:

Umsóknir

Kyn, Fæðingarár, Dánarár, ef við á „ Land, Tilvísunaraðili, Ár sem beiðni berst, Mánuður sem beiðni berst, Megin framfærsla (laun á vinnumarkaði, laun í veikindum, námslán, sjúkrasjóður, endurhæfingarlífeyrir, örorkulífeyri, atvinnuleysisbætur lífeyrissjóður, fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins, annað), Menntun, ástæða geðvandi, stoðkerfisvandi/geðvandi og stoðkerfisvandi, annað), Afgreiðsla umsóknar (samþykkt eða hafnað, ástæða höfnunar), Ár afgreitt, Mánuður afgreitt.

Einstaklingar sem hefja þjónustu

Ár sem endurhæfing byrjar, Mánuður sem endurhæfing byrjar, Staða eða ástæða í lok endurhæfingar, sbr. kröfu 62 í Kröfúlýsingu 1.1 Ár og mánuður loka, Framfærsla í lok, sbr. kröfu 43 í Kröfúlýsingu 1.1.

Frá lífeyrissjóðum:

Einstaklingar

Kyn, fæðingarár, dánarár, land

Iðgjöld:

Sjóður; deild, ár; iðgjöld; áunnin réttindi miðað við lok árs 2020.

Örorkufærslur:

Sjóður; tegund lífeyris; undirteg; áunninn réttur; örorkustig úrskurðað; örorkustig greitt; mánuður og ár orkutaps, gildir frá, gildir til; ástæða breytingar

Eftirlaunafærslur:

Sjóður; tegund lífeyris; undirtegund; áunnin réttur; umsóknarár; umsóknarmánur; árið sem fyrsta greiðsla vegna stýringar fór fram (árið sem er greitt, ekki sem er greitt fyrir); mánuður sem fyrsta greiðsla vegna stýringar fór fram (árið sem er greitt, ekki sem er greitt fyrir).

3.4 Samkeyrsla

Ef fyrirhugað er að samkeyra skrár með persónuupplýsingum við aðrar skrár skal tilgreina hér hvaða skrár er óskað eftir að samkeyra og þá hvaða upplýsingar í þeim skrá. Tilgreinið einnig hvort fyrirhugað sé að samkeyrslan fari fram undir kennitölum eða öðrum auðkennum og þá hverjum. Sé ætlunin að aftengja gögn persónuauðkennum að samkeyrslu lokinni skal það einnig koma fram hér.

Skrár allra lífeyrissjóða verða samkeyrðar til að finna heildar áhættutíma og fjölda örorku- og endurhæfingartilvika.

Skrár VIRK verða samkeyrðar við skrár lífeyrissjóða til að kanna áhrif meðferðar hjá VIRK á örorku- og endurhæfingartíðni

3.5 Hvernig er fyrirhugað að auðkenna persónuupplýsingar?

Tilgreinið hvernig fyrirhugað er að auðkenna persónuupplýsingar, annars vegar meðan á vinnslu stendur og hins vegar við endanlega birtingu, s.s. með rannsóknarnúmerum, eða hvort óskað er eftir að notast verði við persónuauðkenni (t.d. nöfn, kennitölur, heimilisföng o.þ.h.), ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna slíkt er talið nauðsynlegt. Ef óskað er eftir að upplýsingar verði skráðar eftir dulkóðuðum kennitölum (í rannsóknum rannsóknarnúmerum) þarf að koma fram hvort, hvar og hvernig er fyrirhugað að varðveita greiningarlykil.

Skráarhaldarar umbreyta kennitölunum í órekjanleg einstaklingsauðkenni með aðferð sem úrvinnsluaðili fær ekki aðgang að. Samkeyrslan gagnanna mun því ekki eiga sér stað á rekjanlegum kennitölum heldur með þessu auðkenni. Dulkóðun kennitalna fari fram með þeim hætti að við kennitöluna bætist strengur (talna- eða textaruna) sem þriðji aðili útbýr og afhendir í innsigliðu umslagi til skráarhaldara sem dulkóða síðan samsetta strenginn með SHA-512/256 staðli.

Ekki verður unnið með rekjanleg persónuauðkenni á borð við nöfn, kennitölur eða heimilisföng við greiningu gagna enda um tölfræðilega úrvinnslu að ræða og einstaklingsupplýsingar ekki upplýsandi í sjálfum sér fyrir markmið rannsóknarinnar.

Engar persónuupplýsingar verða birtar í endanlegri birtingu, það er lokaskýrslu nefndarinnar, né í neinu öðru formi enda hvergi unnið með niðurstöður varðandi einstaklinga öðruvísi en sem meðlim ákveðins undirhóps þýðis.

3.6 Öryggi persónuupplýsinga

Hvernig er fyrirhugað að tryggja öryggi persónuupplýsinga og til hvaða ráðstafana gripið verður í því skyni, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018 og 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679?

Gert er ráð fyrir að skráarhaldarar (VIRK og lífeyrissjóðir) umbreyti kennitölum gagna og aðrar ráðstafanir gerðar til að draga úr óbeinum rekjanleika í gögnunum. Gögn verði lesin yfir á dvd diska sem skráarhaldarar afhenda úrvinnsluaðila og fylgjast með innlestri gagna í tölvukerfi úrvinnsluaðila. Eftir afhendingu gagna eyða skráarhaldarar dvd diskum. Sú tölva sem notuð er við úrvinnslu er ekki nettengd, og vistuð í aðgangsstýrðu rými. Eftir að rannsókn lýkur verður tölvudiskum sem notaðir voru við úrvinnslu eytt.

3.7 Varðveisla og eyðing persónuupplýsinga

Hvar og hvernig er fyrirhugað að varðveita þau gögn sem unnið verður með og hve lengi? Hvenær er ætlunin að eyða persónugreinanlegum gögnum, þ.m.t. greiningarlykli?

Frumgögnum verður eytt um leið og rannsóknargögnin eru tilbúin. Rannsóknargögn verða varðveitt á tölvu úrvinnsluaðila, á meðan á rannsókn stendur en eytt að henni lokinni (áætlað 15.01.2022).

4 Hlutverk vinnsluaðila

Verði samið við vinnsluaðila skal lýsa því hér í hverju aðkoma hans er fólgin, svo sem hvort fyrirhugað sé að fela honum að samkeyra skrár.

5 Flutningur gagna úr landi

Ef fyrirhugað er að flytja persónuupplýsingar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið skal tilgreina hvaða upplýsingar er ætlunin að flytja, í hvaða tilgangi, til hvaða lands, með hvaða hætti og hver verði viðtakandi þeirra. Tilgreinið þá einnig hvort gerður verði samningur við viðtakanda um meðferð persónuupplýsinga sem byggir á stöðluðum samningsskilmálum (e. Standard Contractual Clauses) eða hvort, eftir atvikum, byggt verði á bindandi fyrirtækjareglum (e. Binding Corporate Rules).

Nei

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókninni, eftir því sem við á:

- a) Yfirlýsing skrárhaldara sem óskað er aðgangs að gögnum hjá, hafi hann tekið ákvörðun um að veita rannsakanda aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr skráum sínum í þágu verkefnis/rannsóknar. Skráarhaldari ber ávallt ábyrgð á að veiting aðgangs að skránum samrýmist lögum nr. 90/2018.
- b) Vinnslusamningur, hafi vinnsluaðila verið falin vinnsla persónuupplýsinga með skriflegum samningi, sbr. 25. gr. laga nr. 90/2018.

Undirritun ábyrgðaraðila:


Dags.: 16/11 2021.

Hægt er að senda umsóknina með tölvupósti á netfangið postur@personuvernd.is en vakin er athygli á því að Persónuvernd verður einnig að berast undirritað eintak umsóknarinnar með bréfpósti á skrifstofu stofnunarinnar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.